



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Ferðasaga Egeríu**

***Ritgerð til BA -prófs í latínu***

**Sigrún Ástríður Eiríksdóttir**

**Maí 2013**

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

**Latína**

# **Ferðasaga Egeríu**

***Ritgerð til BA-prófs í latínu***

**Sigrún Ástríður Eiríksdóttir**

**Kt.: 181154-4629**

**Leiðbeinandi: Sigurður Pétursson**

**Maí 2013**

## Ágrip

Hér á eftir fylgir þýðing á *Ferðasögu Egeríu*, sem rituð var á fjórðu öld og segir frá ferðalagi sem kona tók sér á hendur á slóðir Biblíunnar. Í aðgangsorðum er fjallað um hugsanlegan höfund að ferðasögunni og ritunartíma hennar. Sagt er frá ferðalaginu og höfundinum sjálfum, stiklað á stóru um Rómaveldi og þróun kristni fram á fjórðu öld, fjallað er um einsetumenn og meinlætamenn, nunnur og munkar, og þá um ferðalög og vegalýsingar fyrir á tímum. Loks er kafli um latínu og þróun hennar fram á fjórðu öld og annar um helgihald og kirkjur í Jerúsalem eins og höfundur lýsir þeim.

*Ferðasaga Egeríu* er merk heimild um ýmsa þætti mannlegs lífs fyrir á öldum, þegar kristin trú er enn tiltölulega ung. Hún opnar lesendum sýn inn í hugarheim kristinna manna á fjórðu öld, hún lýsir þeim stöðum sem kristnir menn vitjuðu á ferðum sínum á söguslóðir Gamla og Nýja testamentisins, hún gefur innsýn í helgihald í Jerúsalem og stöðu kristninnar á fjórðu öld og er áhugamönnum um latínu og þróun hennar athyglisverð heimild. Síðast en ekki síst er hún skrifuð af konu fyrir rúmum 1600 árum og er sem slík afar forvitnileg heimild frá fyrstu hendi um hugsunarhátt og stöðu kvenna á fjórðu öld.

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	5
2. Hver var höfundurinn?	5
2.1 Hvenær var ferðin farin?	8
2.2 Á hvaða staði fór hún?	9
2.3 Hvernig var Egería?	11
3. Rómaveldi	13
4. Kristni og þróun hennar til loka fjórðu aldar	16
5. Um einsetumenn, meinvætumenn, nunnur og munkar	18
6. Peregrinatio og itinera	21
7. Latína á tímum Egeríu	23
8. Helgihald og kirkjur í Jerúsalem	27
9. Lokaorð	29
Heimildaskrá	31
<i>Ferðasaga Egeríu</i>	34

## 1. Inngangur

Árið 1884 fann ítalski sagnfræðingurinn Gian Francesco Gamurrini handrit frá 11. öld á bókasafni klausturreglunnar „Fraternità S. Maria“ í Arezzo á Ítalíu. Í handritinu var að finna tvö verk eftir heilagan Hilaríus, biskup af Poitiers, ásamt ferðasögu sem á vantaði bæði upphaf og endi, auk þess sem vantaði arkir í hana miðja. Ferðasagan hefst á leiðangri að Sínaí fjalli og henni lýkur í Konstantínópel, og á sömu síðu tekur við lýsing á helgihaldi eins og það fór fram í Jerúsalem á ritunartíma frásagnarinnar. Í ljós kom að umrædd ferðasaga var skrifuð af konu sem lagði leið sína til Sírlands, Palestínu og Egyptalands og vitjaði helgra staða kristinna manna. Hún skrifaði vinkonum sínum langt og ítarlegt bréf um ferðalagið og lýsti auk þess nákvæmlega fyrir þeim helgihaldi í Jerúsalem, sem hún tók þátt í meðan hún dvaldi í borginni. Handrit þetta mun hafa verið skrifað upp og varðveitt í klaustri benediktismunka í Monte Casino á Ítalíu að minnsta kosti til ársins 1532, því að það ár er þess getið í bókaskrá klaustursins og það sagt hafa að geyma „tvö verk heilags Hilaríusar og verk „Abbadísarinnar“.<sup>1</sup> Síðan spyrst ekkert til handritsins fyrr en árið 1788 að þess er getið í bókaskrá klausturs heilagra Flóru og Lucilu í Arezzo<sup>2</sup> og loks rekst fyrirnefndur Gamurrini á það í öðru klaustri í sömu borg, eins og áður en nefnt.<sup>3</sup>

## 2. Hver var höfundurinn?

Í handritinu kemur fram að höfundurinn er kona en nafns hennar er hvergi getið í þeim hluta handritsins sem varðveist hefur. Gamurrini gat sér þess til að Silvía frá Akvitaníu, mágkona Flavíusar Rúfínusar, embættismanns í lífvarðasveit Þeódósíusar mikla, væri

---

<sup>1</sup> Arce, Agustín, ed.: *Itinerario de la virgen Egeria (381-384)*. Madrid: Biblioteca de autores latinos, 2010, bls. 35.

<sup>2</sup> Napóleon lagði klaustrið niður árið 1810 og líklega hefur handritið verið flutt úr bókasafninu þá. Sama rit, bls. 35.

<sup>3</sup> Annarra handrita að ferðasögunni er getið í öðrum bókaskráum fyrri alda en ekkert þessara handrita hefur fundist. Arias Abellán, Carmen: *Itinerarios latinos a Jerusalén y al Oriente Cristiano*. Sevilla: Secretariado de publicaciones, 2000, bls. 11.

höfundur þess, enda var vitað að hún hafði farið til Palestínu og Egyptalands í lok 4. aldar.<sup>4</sup> Gamurrini gaf því handritið út árið 1887 og aftur árið 1888 undir heitinu: *Silviae peregrinatio ad loca sancta*.<sup>5</sup> Árið 1903 lagði M. Férotin, franskur munkur af reglu benediktsmunka, fram gögn sem bentu til þess að höfundurinn hét Aetheria<sup>6</sup> og að hún væri frá Galísíu á Spáni.<sup>7</sup> Því til stuðnings vísaði hann í bréf Valeríusar ábóta sem hafði verið ábóti í mörgum klaustum í Bergidum<sup>8</sup> á 7. öld og skrifaði munkum í sama héraði bréf, *Epistola de Beatissimae Aetheriae laude*, sem nú er almennt talið benda til þess að höfundurinn sé Egería en ekki Silvía.<sup>9</sup> Valeríus segir Egeríu „fædda við ystu strönd hafsins í vestri“,<sup>10</sup> hann nefnir einnig að á þeim tíma sem Egería hóf ferðina hafi ljós hinnar heilögu trúar loks verið farið að skína, „hér í þessu héraði lengst í vestri“,<sup>11</sup> sem margir telja að hljóti að vera Galísía þar sem Valeríus býr sjálfur. Það þykir einnig renna stoðum undir þá kenningu að maður frá Galísíu skuli hafa handritið undir höndum og að árið 935 sé þess getið í skjali um bókagjöf til klaustursins San Salvador de Celanova í Galísíu.<sup>12</sup>

Í handritinu sjálfu má finna tvær óljósar vísbendingar um uppruna höfundarins. Þá fyrri er að finna í kafla XVIII,5, þar sem Egería lýsir fljótinu Efrat og segir: „[...] það er feikistórt, næstum skelfilegt, og beljar fram eins og áin Rón, en Efrat er mun stærra“, og þá síðari í kafla XIX,5, þegar Egería hittir biskupinn í Edessu og hann segir hana koma „frá endimörkum jarðar“.<sup>13</sup> Báðar þessa vísbendingar geta rétt eins bent til þess að Egería sé frá Galllíu, ekki síst sú fyrri þar sem hún virðist gera ráð fyrir að viðtakendur bréfsins

<sup>4</sup> Arce, bls. 18. Gamurrini byggði ályktun sína á *Historia Lausiaca* eftir Palladíus, en þar segir frá einsetumönnum í Egyptalandi, ásamt öðru, svo sem ferðalagi Silvíu. Arias Abellán, bls. 10; Wilkinson, J. ed.: *Egeria's Travels*. Oxford: Aris & Phillips, 1999, bls. 167.

<sup>5</sup> Ásamt fyrrnefndum handritum heilags Hilaríusar og *Liber de locis sanctis* eftir Pétur djákna. Arce, bls. VII.

<sup>6</sup> Þetta nafn hefur verið notað í ýmsum myndum: Aetheria, Eitheria, Etheria, Echeria, en Egería er algengasta myndin meðal fræðimanna nú á dögum þar sem sú mynd er notuð í elsta varðveitta handriti að bréfi Valeríusar. Arce, bls. 20, bls. 41; Arias Abellán, bls. 10.

<sup>7</sup> Gallaecia var á tímum Egeríu mun stærra hérað en það er nú, norðurströndin lá að Kantabríuhafi, vesturströndin að Atlantshafi, í austri lá héraðið að Tarraconense og í suðri að Cartaginense. Arce, bls. 27.

<sup>8</sup> El Bierzo á Norðvestur-Spáni sem tilheyrði skattlandinu Gallaecia.

<sup>9</sup> Heraeus, bls. IV; Arce, bls. 4–7. W. Heraeus, sem árið 1908 gaf út ferðasögu Egeríu á latínu, nefnir hana þess vegna *Silviae vel potius Aetheriae peregrinatio ad loca sancta*, og telur að Aetheria sé líklegri höfundur.

<sup>10</sup> „extremo occidui maris Oceani litore exorta“, Arce, bls. 24.

<sup>11</sup> „huius occiduae plagae [...] extremitas“, sama rit bls. 8.

<sup>12</sup> Að vísu undir heitinu *Ingerarium Geriae*. Arias Abellán, bls. 11; Arce, bls. 42; Williamson, bls. 168.

<sup>13</sup> „de extremis porro terris“.

þekki Rón, en hugsanlegt er að hún hafi verið búin að lýsa ánni fyrir þeim í fyrra bréfi,<sup>14</sup> þar sem hún sagði frá ferð sinni austur á bóginn, og nú á dögum virðist almennt ríkja einhugur meðal fræðimanna um að telja hana ættaða frá Galísíu.<sup>15</sup>

Almennt er talið að Egería hafi verið nunna. Í bréfi sínu ávarpar hún konurnar sem hún skrifar, „dominae uenerabilis sorores“, „dominae uenerabilis“ eða „dominae sorores“. Valeríus kallar hana „hina blessuðu nunnu Aetheríu“<sup>16</sup> og árið 1532, þegar handritið er í Monte Casino, segir í bókaskrá bókasafnsins að þar sé handrit með tveimur verkum heilags Hilaríusar, eins og áður er nefnt, og einu eftir *Abbatissa*, sem að öllum líkindum vísar til Egeríu og ferðasögu hennar.<sup>17</sup> Við þetta má bæta að í þremur handritaskráum bókasafns heilags Martialis frá Limoges (frá 13. öld) er að finna *Itinerarium Egeriae abatisae* og allt bendir þetta til að menn hafi talið að hún væri nunna.<sup>18</sup> Díaz y Díaz þykir eigi að síður ólíklegt að nunnur séu ávarpaðar „domine“ (*sic*)<sup>19</sup> og aðrir hafa bent á að algengt hafi verið á þessum tíma að kristnir menn ávörpuðu hver annan „systur“ eða „bræður“ þó að hvorki væru þeir nunnur né munkar.<sup>20</sup> Við getum þess vegna ekki verið fyllilega viss um að Egería hafi verið nunna en hitt er víst að hún og vinkonur hennar höfðu brennandi áhuga á Biblíunni og lásu hana af kappi.<sup>21</sup>

Líklegt þykir að Egería og „systur“ hennar hafi verið af háum stigum og Valdemar Schmidt bendir á að ávarpið „dominae venerabilis“ hafi verið notað til að ávarpa „Kvinder af det kejserlige Hus“.<sup>22</sup> Harvetna sem Egería kemur taka á móti henni biskupar, prestar og heilagir munkar, hún fær fylgd rómverskra hermanna þegar hún fer

---

<sup>14</sup> Arias Abellán, bls. 13.

<sup>15</sup> Wilson-Kastner, P., et. al.: *A Lost Tradition, Women Writers of The Early Church*, Lanham, New York, London: University Press of America, 1981, bls. 72. Menn hafa ekki getað dregið ályktanir um uppruna Egeríu út frá málfari hennar þar sem staðbundnar mállýskur voru ekki farnar að myndast á þeim tíma sem hún var uppi á. Lapesa, R.: *Historia de la lengua española*. Madrid: Escelicer, S. A. 1968, bls. 72; Arias Abellán, bls. 14.

<sup>16</sup> „eadem beatissima sanctimonialis Aetheria“, Arce, bls. 8.

<sup>17</sup> Arce, bls. 35.

<sup>18</sup> Arias Abellán, bls. 11.

<sup>19</sup> Díaz y Díaz: *Antología del latín vulgar*. Madrid: Editorial Gredos, 1989, bls. 79.

<sup>20</sup> Þannig ávarpar Páll postuli Rómverja, Galata, Þessaloníkumenn o.fl. í bréfum sínum til þeirra og Egería talar sjálf um „bræður og systur“ (XLVII, 4).

<sup>21</sup> „þegar þið, mínar kærur, lesið helgar bækur Móse munuð þið eiga auðveldara með að sjá fyrir ykkur allt sem gerðist“, segir Egería á einum stað (Egería, V, 8) þegar hún er búin að lýsa nákvæmlega staðháttum þar sem stór hluti Mósebókanna gerist. Ennfremur benda nákvæmar lýsingar á helgihaldi í Jerúsalem til þess að þær hafi verið meira en leikmenn og hafi viljað vita hvaða siðir voru viðhafðir í sjálfri vöggu kristinnar trúar.

<sup>22</sup> Schmidt, V.: *Silvias Pilegrimsferð til det Hellige Land, Ægypten og Mesopotamien*. Kaupmannahöfn: Karl Schønbergs Forlag, 1896, bls. 1.

um hættusvæði og komið er fram við hana eins og tignarkonu. Arce leiðir meira að segja getur að því að hún hafi farið með Þeódósíusi mikla frá Galísíu til Kostantinópel og þau hafi verið ættingjar eða vinir en það gæti skýrt þá miklu virðingu sem Egeríu er alls staðar sýnd.<sup>23</sup> Þetta er þó atriði sem verður ekki vitað nema glataði hluti handritsins komi í leitirnar og vera má að kristnir menn og konur á þessum slóðum hafi á tímum Egeríu einfaldlega komið hvert fram við annað sem jafningja. Að minnsta kosti er ljóst að Egería stendur jafnfætis þeim biskupum, munkum og prestum sem hún hittir og hún nafngreinir aðeins einn samtíðarmann sinn í þeim hluta handritsins sem varðveist hefur: díakonessuna Martönu, kannski vegna þess að „systur“ hennar hafi líka þekkt þessa konu, en hún veitir forstöðu samfélagi nunna hjá gröf heilagrar Teklu og nýtur ekki síður virðingar fyrir dyggðugt líferni en hinir helgu biskupar, prestar og munkar.<sup>24</sup>

## 2.1 Hvenær var ferðin farin?

Menn veltu náttúrlega fyrir sér hvenær Egería lagði land undir fót. Í kafla XX,12 í ferðasögu hennar segir biskupinn í Carrhae að Rómverjar geti ekki farið til Nisibis því að Persar ráði þar öllu, en Jovíanus lét Persum borgina eftir árið 363 svo að fyrir þann tíma var hún ekki á ferðinni. Í kafla XXII,1 er Egería komin til Antíokkíu, en árið 540 lögðu Persar borgina í rúst svo að eftir þann tíma hefur hún ekki verið á ferð.<sup>25</sup> Gamurrini taldi að Egería hefði verið á ferðalagi fyrir árið 385 og byggði á orðum Egeríu sjálfrar, þess efnis að biskuparnir þrír, sem hún hittir í Batanis, Edessu og Carrhae, væru *confessores*, en orðið *confessor* („játari“) var notað um þá kristnu menn sem höfðu mátt sæta trúarofsóknum.<sup>26</sup> Eini biskupinn sem hafði mátt þola slíkar ofsóknir á því tímabili sem Egería gat hafa verið á ferðinni í Edessu var Eulogius, sem Valens keisari rak í útlegð, en hann sneri aftur þegar Valens lést árið 378 og lést sjálfur árið 387, svo að Egería hlýtur að

---

<sup>23</sup> Arce, bls. 27–31. Árið 378 fór Þeódósíus frá fæðingarbæ sínum Cauca (nú Coca í Segovia-héraði), sem þá var hluti af *Provincia Gallaecia*, og árið 380 var hann kominn til Konstantínópel, þá orðinn keisari austurhluta Rómaveldis. Egería var í Konstantínópel árið 381 og getur hæglega hafa verið komin þangað fyrir og farið í ýmsa leiðangra þaðan áður en hún hélt til Jerúsalem, en þangað kom hún eftir páska 381 samkvæmt Arce, eða um páskaleytið samkvæmt Arias Abellán, bls. 16.

<sup>24</sup> „et cui omnes in oriente testimonium ferebant uitae ipsius“. Arce, bls. 252.

<sup>25</sup> Wilkinson, J. ed.: *Egeria's Travels*. Oxford: Aris & Phillips, 1999, bls. 169. Arias Abellán, bls. 14–15; Arce, bls. 55.

<sup>26</sup> Wilkinson, bls. 169; Arias Abellán, bls. 15; Arce, bls. 55–56.



hafa hitt hann fyrir árið 387.<sup>27</sup> Protogenes var gerður útlægur á sama tíma og Eulogius en árið 381 eða 382 var hann vígður biskup í Carrhae, svo að hún hlýtur að hafa verið á ferðinni eftir það (Egería XIX,1-5).<sup>28</sup> Þriðji biskupinn mun hafa verið Abraham í Batanis (Egería XX, 2), hann sótti kirkjuþingið í Konstantínópel árið 373, árið 375 var hann í útleið, en var síðan viðstaddur kirkjuþingið í Konstantínópel árið 381.<sup>29</sup> Arce, Wilkinson og Arias Abellán telja öll víst að Egería hafi verið á ferðinni á árunum 381–384 og byggja á rannsóknum Pauls Devos.<sup>30</sup> Þau benda á að Egería segist hafa verið þrjú ár í Jerúsalem (XVII,1) og að hún hafi lagt leið sína til Edessu á leiðinni til baka til Konstantínópel. Hún hafi dvalið þrjá daga í Edessu (Egería, XX,1) og komið til Carrhae 23. apríl (Egería, XX,5). Þar komst hún að því að næsta dag væri hátíð heilags Helpidíusar.<sup>31</sup> Gert er ráð fyrir að hún hafi dvalið í Jerúsalem um páskana og með því að kanna hvenær páskar voru á árunum 382–386 reiknast þeim svo til að hún hafi lagt af stað til Konstantínópel árið 384 og að páskadagur hafi verið 24. mars.<sup>32</sup> Þó að ekkert sé beinlínis óyggjandi í þessum efnum virðist afar líklegt að Egería hafi verið á ferðinni á árunum 381-384<sup>33</sup> og að sá hluti handritsins sem varðveist hefur spanni tímabilið frá 16. desember 383, þegar hún kemur að Sínaí fjalli, til júníloka 384, þegar hún kemur til Konstantínópel á leið sinni til heimalandsins.<sup>34</sup>

## 2.2 Á hvaða staði fór hún?

Í ferðasögunni lýsir Egería fjórum ferðum sem hún fór í frá Jerúsalem. Í þeirri fyrstu, sem hefst reyndar í miðjum klíðum þar sem vantar framan á handritið, fer hún á Sínaí fjall,

---

<sup>27</sup> Wilkinson, bls. 169; Arias Abellán, bls. 15–16, Arce, bls. 55–56.

<sup>28</sup> Wilkinson, bls. 169.

<sup>29</sup> Wilkinson, bls. 169; Arce, bls. 55.

<sup>30</sup> P. Devos, „La Date de voyage d’Égerie“. *Anacleta Bollandiana* 85 (1967), bls. 165–194. Í Arce, bls. 57; Wilkinson, bls. 169; Arias Abellán, bls. 16.

<sup>31</sup> Samkvæmt Wilkinson er ekkert vitað um þennan píslarvott, bls. 137. Wilson-Kastner segir að Palladíus nefni hann sem merkilegan einsetumann og dýrling, bls. 78. Arias Abellán segir hann hafa látið lífið í ofsóknum Sapors II Persakonungs um miðja 4. öld, bls. 125.

<sup>32</sup> Samkvæmt Arce (bls. 57) og Wilkinson (bls. 170), lagði Egería af stað frá Jerúsalem 25. mars, hún kemur til Edessu 19. apríl, er þar fram á 22. dag sama mánaðar og kemur til Carrhae 23. apríl.

<sup>33</sup> Wilkinson nefnir að þessum niðurstöðum hafi verið andmælt nokkrum sinnum en færir rök fyrir því að árin 381–384 séu enn líklegust til að vera árin sem Egería var á ferðinni, bls. 171.

<sup>34</sup> Arias Abellán, bls. 69.

söguvið margra atburða úr Biblíunni eins og hún rekur sjálf. Á leiðinni til baka fer hún um Paran, bæði eyðimörkina og borg sem ber sama nafn,<sup>35</sup> þaðan til Klyasma, þar sem Ísraelsmenn fóru yfir Rauðahafið, frá Klyasma til borgarinnar Arabíu í Gósenlandi og til Ramses, þar sem biskupinn í Arabíu kemur á móti henni, og þaðan fer hún til Jerúsalem (I–IX). Í köflum X–XII lýsir hún ferðalagi að Nebófjalli. Hún fer yfir ána Jórdan til Livias á Móabssléttu, þar sem Ísraelsmenn syrgðu Móse og Móse ritaði fimmtu bók sína. Presturinn í Livias fylgir henni að uppsprettum Móse og þar hittir hún marga meinlætamenn sem taka vel á móti henni og margir þeirra ganga með henni upp á Nebófjall. Þegar hún snýr aftur til Jerúsalem fer hún um Jeríkó. Þriðja ferðin er farin til Karneas, þar sem gröf Jobs er að finna. Hún fer til Sedima (Salem), þar sem stóð höll Melkisedeks konungs, rétt hjá staðnum Aínon þar sem Jóhannes skírari skírði í ánni Jórdan, til Tisbe, borgar Elía spámanns, og í Korradal áður en hún kemur loks að gröf Jobs í Karneas. Sem fyrr snýr hún aftur til Jerúsalem „með viðkomu á sömu áningarstöðum og við höfðum gist á á leiðinni frá Jerúsalem“ (XIII– XVI). Lokaferðin er farin til Mesópótamíu og Konstantínópel og hefst á því að hún fer frá Jerúsalem til Antiokkíu, frá Antiokkíu kemur hún til Híerapólis, borgar sem er „afar fögur og auðug“, og þaðan heldur hún til Batanis, þar sem Abraham er biskup og Rómverjar eru með setulið. Þá fer hún til Edessu, þar sem Eulogius er biskup, og þar dvelur hún í þrjá daga. Hún vitjar grafar Tómasar postula, hallar Abgarusar konungs og fær að gjöf bréfin sem fóru á milli hans og Krists. Síðan heldur hún til Carrhae, þar sem Abraham bjó og Protogenes er biskup. Hún er svo heppin að koma á hátíð heilags Helpidíusar og hittir marga þekktu meinlæta menn, sem „voru vegsamaðir hvarvetna fyrir lífernir sitt“, en í borginni sjálfri búa þó svo til eingöngu heiðingjar<sup>36</sup> og Persar ráða nú yfir svæði sem áður tilheyrði Rómaveldi. Loks fer hún til Antiokkíu aftur og dvelur þar í viku við undirbúning heimferðarinnar, fer síðan til Selevkíu, þar sem hún vitjar grafar heilagrar Teklu fyrir utan borgina og hittir Martönu vinkonu sína. Hún hefur einnig viðkomu í Kalkedóníu, þar sem er gröf heilagrar Evfemíu, og siglir þaðan til Konstantínópel. Hún kveður „systur“ sínar með þeim orðum að áður en hún leggi af stað heim ætli hún til Efesus, „til að

---

<sup>35</sup> Arias Abellán, bls. 72, nmgr. 11.

<sup>36</sup> Carrhae var fræg fyrir heiðni og kristnum mönnum var oft gert erfitt fyrir í borginni. Arias Abellán, bls. 127, nmgr. 203.

biðjast fyrir við gröf hins heilaga og sæla Jóhannesar postula.“ Hún ýjar að því að ef til vill muni hún fara á fleiri staði og virðist ekkert sérlega áfjád í að snúa heim.

## 2.3 Hvernig var Egería?

Þó að Egería geri ekki mikið úr afrekum sínum er áreiðanlegt að ferðalag hennar var erfitt. Áhugi hennar á öllu sem fyrir augu bar var þó svo brennandi að hann varð allri þreytu yfirsterkari (Egería, III,4). Hún hefur yndi af að ferðast og er forvitin eins og hún viðurkennir sjálf (Egería, XVI,3). Hún virðist vera sinn eigin herra og ekki liggja mikið á að fara heim, þegar hún er komin til Konstantínópel ákveður hún að fara til Efesus, og jafnvel á fleiri staði eins og nefnt var hér að ofan (Egería, XXII,10). Eins og John Wilkinson bendir á er hún á þessum slóðum Biblíunnar til að öðlast dýpri skilning á kristinni trú, hún skrifar bréfið til að „systur“ hennar eigi auðveldara með að sjá fyrir sér atburði úr Biblíunni (V,8) og er fegin að fá í hendur bréf Abgarusar konungs því að henni virðast þau lengri en þau sem hún á sjálf uppskriftir af heima (XIX,19). Hún er jarðbundin, trúir því mátulega að ættfeðurnir hafi gróðursett móríkjutréd, „sagan segir“ að þeir hafi gert það (VII.3,4),<sup>37</sup> og er ekkert uppnumin yfir saltstólpa konu Lots, enda sést hann ekki lengur (Egería, XII, 7).<sup>38</sup>

Hún ferðast ekki með viðhöfn, eins og til dæmis landa hennar Poemenía, frænka Þeódósíusar mikla, sem var á ferðinni í Egyptalandi og Palestínu á árunum 384–395, og reisti kirkju á Imbomom í Jerúsalem, á staðnum þar sem Kristur steig upp til himna. Poemenía kom siglandi á sínum eigin skipum, með henni í för voru biskupar og prestar, og íburðurinn slíkur hvar sem hún kom að Híerónýmus gat ekki orða bundist í bréfi sem hann skrifaði Furíu, ekkju í Róm.<sup>39</sup>

---

<sup>37</sup> Wilkinson, bls. 1–2.

<sup>38</sup> „Svo mikið er víst að þegar við förum þangað sáum við ekki neinn saltstólpa og ég ætla ekki að blekkja ykkur í þeim efnum.“

<sup>39</sup> Arce, bls. 21; Morant, I. ed.: *Historia de las mujeres en España y América Latina, I*. Madrid: Cátedra, 2006, bls. 328.

Egería sýnir ekki áhuga á að sanka að sér helgum dómum eins og tíðkaðist meðal kristinna manna strax á 4. öld<sup>40</sup> og enn frekar á þeim næstu<sup>41</sup> en hún er glöð að fá bréf Abgarusar af því að þau hafa sagnfræðilegt gildi í huga hennar. Hún imprar þó á áhuga manna á helgum dómum þegar hún segir því að einhvern tíma („ég veit ekki hvenær,“ segir hún, XXXVII,2) hafi einhver bitið stykki úr krossinum og stolið því við athöfn þar sem kirkjugestir kysstu krossinn á föstudaginn langa. Ekki virðist hún heldur undir áhrifum frá neinum trúarlegum kreddum eða sérstökum kenningum, svo sem meinlætastefnu Priscillianusar, biskups í Ávila, sem var sveitungi Egeríu og hálshöggvinn fyrir trúvillu árið 385. Margar konur á Spáni aðhylltust kenningar hans á seinni hluta 4. aldar enda gerði hann konum jafnhátt undir höfði og körlum.<sup>42</sup>

Egería virðist aðhyllast víðsýni og hógværð í trúariðkun sinni. Hún segir frá þeim venjum sem gilda í páskaföstu innan ákveðinna hópa meinlætamanna en tekur þó fram að menn séu ekki dæmdir eftir því hvort þeir fasti mikið eða lítið, henni virðist falla vel að ríkjandi séu viðhorf sem ýta ekki undir sýndarmennsku (Egería, XXVIII,4). Hún ber mikla virðingu fyrir meinlætamönnum og öðrum helgum mönnum en hefur ítrekað orð á því að hún sé „óverðug“ eða „verðskuldi ekki“ þann velvilja sem Guð og hinir helgu menn sýna henni:

Þó að mér beri ævinlega að þakka Guði fyrir allt og ekki síst þá mörgu og merkilegu hluti sem ég verðskuldaði ekki en hann náðarsamlegast veitti mér óverðugri með því að gera mér kleift að komast á alla þessa staði, get ég ekki heldur þakkað nóg samlega öllum þeim helgu mönnum sem voru svo elskulegir að taka með svo glöðu geði á móti svo ómerkilegri manneskju sem mér í einsetumannabústöðum sínum eða fylgja mér á alla staðina sem ég sóttist stöðugt eftir að komast á með hliðsjón af Heilagri ritningu. (Egería V, 12)

Þó að Egería sé lítillát gerði Valeríus ábóti sér fulla grein fyrir hvers konar afrek ferðalag hennar var. Í fyrrnefndu bréfi segir hann hana hafa lesið allar bækur Gamla og Nýja testamentisins og allt sem hún fann skrifað um helstu dýrlinga víðs vegar um heim. Hann

---

<sup>40</sup> „The cult of martyrs and their relics increased enormously during the fourth century, in spite of warnings pointing out the dangers of exaggerated worship. However, both St. Jerome and St. Augustine gave their full support to the practice.“ Zarnecki, George, *Art of the Medieval World*, New York: Harry N. Abrams, Inc., Publishers, 1975, bls. 29.

<sup>41</sup> Arias Abellán, bls. 17.

<sup>42</sup> Morant, bls. 332.

lýsir því að hún hafi ferðast langar leiðir þangað til hún kom „á hina helgu og langþráðu staði fæðingar, pínu og upprisu Drottins og um mörg héruð og borgir, að gröfum ótal heilagra dýrlinga til að biðjast fyrir og finna leiðir til betrunar.“<sup>43</sup> Hún fór til Egyptalands og heimsótti munka og einsetumenn í Pabais, hún fetaði í fótspor Ísraelsbarna, kleif Sínaíffjall, Nebófjall, Taborfjall, Hermonfjall, fjallið Eremus, fjall Elía spámanns, fór um skattlönd og virki og borgir og lýsti glæsileik þeirra allra.<sup>44</sup> Þess vegna skrifar Valeríus munkunum í El Bierzo eftirfarandi orð sem minna ekki aðeins á þrautseigju Egeríu heldur ekki síður á þá trúarlegu alvöru sem bjó að baki ferðinni:

„Því spyr ég, kæru bræður, hvernig getum við, sem höfum bæði líkamlegan styrk og hreysti, annað en skammast okkar andspænis konu sem fylgir fordæmi hins heilaga ættföður Abrahams og gerir hið veika kyn hart sem járn til að öðlast ævarandi laun eilífs lífs?“<sup>45</sup>

### 3. Rómaveldi á tímum Egeríu

Þegar Egería var á ferðinni voru aðeins rúm 90 ár í fall hins Vestrómverska keisaradæmis árið 476.<sup>46</sup> Þá hafði Rómaveldi verið við lýði í 985 ár, eða allt frá árinu 509 f. Kr, þegar lýðveldi var stofnað.<sup>47</sup>

Landvinningastefna og stríðsrekstur hafði löngum einkennt Rómaveldi allt frá stofnun þess. Rómverjar náðu smám saman völdum á Ítalíuskaganum öllum, þeir háðu þúnversku stríðin þrjú við Karþagómenn og unnu þau öll, það síðasta árið 146 f. Kr.

---

<sup>43</sup> „ad sacratissima et desiderabilia loca nativitatís, passionis et resurrectionis Domini atque innumerabilium sanctorum per diversas provincias vel civitates corpora martyrum orationis gratia aedificationisque peritia.“ Arce, bls. 8.

<sup>44</sup> Egería segir ekki frá öllum þessum ferðum í þeim hluta handritsins sem hefur varðveist og því er talið víst að Valeríus ábóti hafi haft handritið óskert undir höndum.

<sup>45</sup> „Ideo, fratres dilectissimi, cur non erubescimus qui viribus corporis et integritatae salutis consistimus, mulierem patriarchae Abrahæ sanctum complesse exemplum, quae femineum fragilem sexum propter vitae aeternae praemium saempiternum in fortitudine produxit ut ferrum?“ Arce, bls. 14. Í þessum orðum Valeríusar felst hugmyndin um *mulier virilis*, konuna sem helgar líf sitt Guði og sigrast á veikleika eigin kyns svo að hún stendur karlmönnum jafnfætis í dyggðum. Consolino, F. E.: „Female ascetism and monasticism in Italy from the fourth to the eight centuries“, í *Women and Faith, Catholic religious life in Italy from late antiquity to the present*, ritst. Lucetta Scarafia og Gabriella Zarri, Cambridge Mass.: Harvard University Press, 1999. bls. 11; Morant, bls. 326.

<sup>46</sup> Austrómverska ríkið féll árið 1453.

<sup>47</sup> Eða jafnvel í rúm 1200 ár, ef reiknað er frá árinu 753 f. Kr., þegar Róm er talin hafa verið stofnuð.

þegar Karþagó var lögð í eyði, og með tímanum juku þeir völd sín í austri og vestri. Júlíus Sesar lagði Gallíu undir rómverska ríkið (58-52 f. Kr.) og réðst inn í Bretland,<sup>48</sup> en um miðja 1. öld f. Kr. braust út borgarastríð og er því lauk var Oktavíanus, sem árið 27 f. Kr. hlaut sæmdarheitið Ágústus, kominn til valda. Árið 27 f. Kr. markar upphaf Rómverska keisaraveldisins með þeirri öflugu miðstjórn sem átti eftir að einkenna það.<sup>49</sup> Með Ágústusi keisara komst á friður í Rómaveldi (l. *Pax Romana*) og stóð hann að mestu leyti í 200 ár þar á eftir, eða til dauða Markúsar Árelíusar árið 180.<sup>50</sup>

Landvinningar Rómverja náðu hámarki með Trajanusi (98–117) en þá var Miðjarðarhaf: „rómverskt haf og rómverskir útverðir fylgdust með ferðum hirðingjaættbálka í Kákasus, gættu landamæraanna við Dóná og Rín og vörðu Bretland fyrir villtum fjallaþjóðum Skotlands.“<sup>51</sup> Hadríanus (117–138), eftirmaður Trajanusar, lét Persum fljótlega eftir nokkurt land í austri og upp úr því skipti meira máli að verja landamærin en sölsa undir sig nýtt land.<sup>52</sup>

Þriðja öldin var öld ófriðar og stjórnleysis og keisararnir, hinir svokölluðu hermanna keisarar, ríktu aðeins fáein ár hver. Rómverjar áttu í stöðugum styrjöldum við aðrar þjóðir sem réðust inn í ríkið.<sup>53</sup> Árið 293 reyndi Díókletíanus (284–305) að endurskipuleggja Rómaveldi, skipti því í austurhluta og vesturhluta og kom síðar á fjórveldisstjórn þar sem tveir keisarar fóru með völd í hvorum hluta. Þetta var gert til að tryggja stöðugleika auk þess sem ófriður við landamæri ríkisins, innrásir og jafnvel uppreisnir, gerðu það að verkum að erfitt var fyrir einn keisara að stjórna ríkinu öllu og gafst þessi skipting vel.<sup>54</sup> Ófriður innan ríkisins og við landamærin var þó nánast stöðugur, barist var í vestri gegn germönskum þjóðflokkum og í austri voru uppreisnir í Egyptalandi og stríð við Persa.<sup>55</sup>

---

<sup>48</sup> Durant, W.: *Rómaveldi, fyrra bindi*, Jónas Kristjánsson þýddi, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963, bls. 208-211.

<sup>49</sup> *Verdens literatur historie, I*, bls. 280.

<sup>50</sup> Sama rit, bls. 279; Durant, W.: *Rómaveldi, síðara bindi*, Jónas Kristjánsson þýddi, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 128.

<sup>51</sup> *Saga mannkyns, 3*, bls. 145.

<sup>52</sup> *Verdens literatur historie, I*, bls. 319.

<sup>53</sup> Durant, II, bls. 329.

<sup>54</sup> Durant, II, bls. 340-342. Skipting Rómaveldis í Austrómverskt og Vestrómverskt ríki varð ekki varanleg fyrir en með dauða Þeódósíusar mikla árið 395 því að stundum voru þessir tveir hlutar sameinaðir tímabundið.

<sup>55</sup> Mitchell, S.: *A History of the later Roman Empire AD 284– 641*, Malden, MA: Blackwell Pub., 2007, bls. 55.

Í valdatíð Konstantíns mikla (306–337) varð Rómaveldi aftur ein heild árið 324 þegar hann varð keisari sameinaðs ríkis. Konstantín veitti þegnum Rómaveldis trúfrelsi árið 313 og flutti höfuðborgina til Konstantínópel, sem hann hafði sjálfur stofnað árið 330, þó að Róm yrði áfram höfuðsetur vesturhluta ríkisins. Eftir dauða Konstantíns var Rómaveldi aldrei raunveruleg heild þó að Þeódósíus mikli yrði keisari sameinaðs ríkis um hríð í lok aldarinnar.<sup>56</sup> Uppreisnir og innrásir voru áfram tíðar og Rómverjar áttu fullt í fangi með að verja landamæri sín. Árið 363 féll Júlíanus guðnífingur fyrir Persum, síðasti rómverski keisarinn sem ekki var kristinn, arftaki hans Jovíanus gafst upp fyrir Persum og lét þeim eftir Armeníu og fjögur önnur rómversk skattlönd,<sup>57</sup> meðal annars borgina Nisibis, svo að þangað gat Egería ekki farið, eins og áður er nefnt.

Þegar Egería var á ferðinni var Þeódósíus mikli keisari í Austrómverska ríkinu (379–395). Hann var landi Egeríu, frá Galisíu eins og hún, og sagnir herma að hann hafi verið staddur á landareign sinni í Cauca þegar Gratíanus keisari kallaði hann til liðs við Rómaveldi eftir fall Valens keisara við Adríanópólís árið 378.<sup>58</sup> Árið 379 var hann gerður að keisara í Austrómverska ríkinu og tók við vesturhluta heimsveldisins árið 392. Þeódósíus gerði kristni að ríkistrú árið 380 og sameinaði ríki og kirkju. Eftir dauða hans varð skiptingin í Austrómverska og Vestrómverska keisaradæmið eins og áður sagði varanleg og tæpum hundrað árum síðar leið Vestrómverska ríkið undir lok.

Í lok fjórðu aldar, þegar Egería leggur land undir fót, hefur margt breyst í Rómaveldi frá tímum Ágústusar keisara. Landmæraerjur eru orðnar algengar og Konstantínópel, höfuðborg Austrómverska ríkisins, er orðin valdameiri borg en Róm. Germanskir þjóðflokkar gerðu ítrekaðar innrásir inn í lönd Rómverja allt frá árinu 376, og grófu smám saman undan valdi Vestrómverska keisaradæmisins uns árið 476 að síðasta vestrómverska keisaranum var steipt af stóli.<sup>59</sup> Þegar Egería fór í ferðina til Austurlanda teygðu landamæri Rómaveldis sig alla leið frá norðurhluta Bretlands til Svartahafs og þaðan til Rauðahafs og þaðan um norðurmörk Sahara til Atlantshafs.<sup>60</sup> En landvinningar

---

<sup>56</sup> *Verdens literatur historie*, 1, bls. 320.

<sup>57</sup> <http://www.answers.com/topic/4th-century>; Le Glay, M., et al.: *A History of Rome*, Blackwell Publishing, 2005, bls. 504.

<sup>58</sup> Arce, bls. 28.

<sup>59</sup> Durant, II, bls. 370; *Verdens literatur historie*, I, bls. 320.

<sup>60</sup> *Saga mannskyns*, 3: 216.

[http://www.google.is/imgres?imgurl=http://edmaps.com/roman\\_empire\\_350.jpg&imgrefurl=http://edmaps.com/html/laistner.html&h=1310&w=1772&sz=648&tbnid=5A1Q0pSB17X27M:&tbnh=111&tbnw=150&p](http://www.google.is/imgres?imgurl=http://edmaps.com/roman_empire_350.jpg&imgrefurl=http://edmaps.com/html/laistner.html&h=1310&w=1772&sz=648&tbnid=5A1Q0pSB17X27M:&tbnh=111&tbnw=150&p)

Rómverja voru úr sögunni. Egería sér á ferð sinni um Egyptaland að Rómverjar hafa reist vígi til að verjast innrásum Persa og hún þarf fylgd hermanna til að komast á milli áningarstaða (Egería, VII, 2).<sup>61</sup>

#### 4. Kristni og þróun hennar til loka 4. aldar

Kristin samfélög manna urðu til víða fljótlega eftir dauða Krists.<sup>62</sup> En oft sættu kristnir menn ofsóknum. Neró kenndi þeim um eldsvoðann í Róm árið 64 og á tímum Trajanusar keisara (98–117) sættu þeir ofsóknum sem ekki vildu sverja keisaranum hollustu. Kristnir menn voru ófúsir að lúta öðrum en Kristi og því litu margir keisarar þá hornauga. Lýsingar á ofsóknum Nerós birtust árið 116 í *Annálum* sagnaritarans Tacítusar (56–117).<sup>63</sup>

Elsta ritaða heimild um kristna menn er bréf sem Plinius yngri skrifaði Trajanusi. Þá var hann landstjóri í Bþyníu (111–113)<sup>64</sup> og leitaði ráða hjá keisaranum um hvernig fara skyldi með kristna menn því að þeir neituðu að brenna reykelsi frammi fyrir líkneski hins rómverska keisara; þeir sem ekki létu segjast voru teknir af lífi.<sup>65</sup> Í valdatíð Markúsar Árelíusar geisugu drepsóttir og hungursneyð og Germanir gerðu innrásir í ríkið. Menn kenndu afneitun rómverskra guða og kristnum mönnum um, með tilheyrandi ofsóknum.<sup>66</sup> Septímíus Severus keisari (193–211) bannaði kristna trú og margir kristnir menn liðu píslarvætti, meðal annars í Karþagó.<sup>67</sup> Einn fyrsti vitnisburður kristinnar konu um ofsóknir á hendur kristnum mönnum, *Passio SS Perpetuae et Felicitatis*, er einmitt frá Karþagó, en þar segir Perpetúa, ung kristin kona þar í borg, frá því er henni er varpað í

---

[rev=/images%3Fq%3DRoman%2Bempire%2B4th%2Bcentury&zoom=1&q=Roman+empire+4th+century](http://www.britannica.com/EBimages/3Fq%3DRoman%2Bempire%2B4th%2Bcentury&zoom=1&q=Roman+empire+4th+century&hl=is&usg=__5fPd1Dq-)  
[xvH6CqKAsDQzHrfrJKo=&sa=X&ei=zGOHTM7aH9CNjAe5osHmCA&ved=0CCoQ9QewBA](http://www.britannica.com/EBimages/3Fq%3DRoman%2Bempire%2B4th%2Bcentury&zoom=1&q=Roman+empire+4th+century&hl=is&usg=__5fPd1Dq-) (sótt

4.11.2012).

<sup>61</sup> Sidwell bendir á að þarna sjáist dæmi um samvinnu ríkis og kirkju, eitt af einkennum miðaldamenningar. *Reading Medieval Latin*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004, bls. 26.

<sup>62</sup> Dudley: *Roman Society*, Harmondsworth: Penguin, 1978, bls. 258.

<sup>63</sup> Durant, II, bls. 243.

<sup>64</sup> Magnús Jónsson: *Saga kristinnar kirkju, kennslubók*. Reykjavík: 1946, bls. 12.

<sup>65</sup> *Verdens literatur historie, I*, bls. 320–321; Durant, II, bls. 347.

<sup>66</sup> Durant, II, bls. 348.

<sup>67</sup> Sama rit, bls. 349.



dýflissu og loks er hún tekin af lífi þar sem hún neitar að afneita kristinni trú um árið 203.<sup>68</sup>

Á þriðju öld voru nokkrir keisarar sem reyndu að uppræta kristna trú, svo sem Decíus (249–251), sem lét meira að segja taka Fabíanus páfa af lífi, og eftirmaður hans Valeríanus (251–259), sem lét taka Sixtus páfa II. af lífi og bannaði samkomur kristinna manna.<sup>69</sup> Á 4. öld náðu ofsóknirnar hámarki á árunum 303–304, þegar Díókletíanus var við stjórn. Margir kristnir menn flýðu ofsóknirnar og gerðust einsetumenn á fjarlægum slóðum, aðrir dóu píslarvættisdauða og fetuðu í fótspor fyrrnefndrar Perpetúu sem kaus fremur að deyja frá barni sínu, eiginmanni og föður en að afneita trúnni á Krist.

Smám saman festi kirkjan sig í sessi og kristindómur tók á sig þá mynd sem hann hefur síðan haft. Þegar Konstantín mikli veitti þegnum Rómaveldis trúfrelsi árið 313 dró það mjög úr ofsóknum á kristnum mönnum því að nú var kristin trú leyfð í fyrsta sinn.

En kristnir menn höfðu sjálfir lengi átt í trúardeilum<sup>70</sup> og kristindómur varð ekki mótaður sem ríkistrú á einni nóttu. Á fjórðu öld voru aríusarsinnar<sup>71</sup> öflugir og Valens til að mynda, sem var keisari Austrómverska ríkisins á árunum 364–378 og aðhylltist aríanisma, ofsótti ekki aðeins heiðna menn heldur einnig kristna, enda höfðu biskuparnir, „játarnir“, sem Egería hitti í Edessu, Carrhae og Batanis líklega allir orðið fyrir barðinu á honum. Aríusarsinnar höfðu reyndar verið fordæmdir á kirkjuþinginu í Níkeu árið 325, fyrsta allsherjarþingi kirkjunnar,<sup>72</sup> sem Konstantín kallaði saman til að finna leiðir til að jafna ýmiss konar ágreining sem upp hafði komið meðal kristinna manna. Á kirkjuþinginu var Jesús Kristur viðurkenndur sonur Guðs og jafn Guði<sup>73</sup> og þar með var aríanisma hafnað. Eftir kirkjuþingið í Níkeu voru haldin mörg fleiri kirkjuþing í tímans rás, sem miðuðu að því að móta kenningar kristinnar, en á fjórðu öld hafði enn ekki verið komið á miðstjórn meðal kristinna söfnuða og skipulegar ríkiskirkjur höfðu enn ekki verið mótaðar sem fyrr segir. Egería tekur vel eftir helgihaldi í Jerúsalem og lýsir því

---

<sup>68</sup> Wilson-Kastner, bls. 10.

<sup>69</sup> Durant, II, bls. 350.

<sup>70</sup> Nefna má deilur um gnóstisisma, markíonisma og montanisma á annarri öld, maníkeisma á þriðju öld og dónatisma á 4. öld. Magnús Jónsson, bls. 30–43. Á fjórðu öld nutu kenningar Priscillianusar svo mikillar hylli að hann var að lokum hálshöggvinn, eins og nefnt hefur verið.

<sup>71</sup> Aríus frá Alexandríu hélt því fram að Kristur væri óæðri guðdómur en faðirinn. *Saga mannkyns*, 3, bls. 254.

<sup>72</sup> Durant, II, bls. 359.

<sup>73</sup> Sama rit, bls. 358–360.

nákvæmlega fyrir „systur“ sínum, sumt er eins og á hennar heimaslóðum, annað ekki, vel má hugsa sér að þeirra eigið helgihald sé enn í mótun og þær vilji kanna hvort þær geti með einhverju móti komist nær því sem tíðkast á heimaslóðum Krists.

## 5. Um einsetumenn, meinlætamenn, nunnur og munku

Munklífi eða klausturlíf hófst í Egyptalandi í lok 3. aldar<sup>74</sup> en ekki með samfélagi munku eða nunna í klaustrum, heldur var um að ræða meinlæta- og einsetulíf þar sem menn bjuggu í hellum, skútum, holum eða annars konar þröngum bústöðum.<sup>75</sup> Í austurhéruðum Rómaveldis höfðu menn iðkað margs konar trúarbrögð sem byggðu á meinlæti og einveru löngu fyrir tilkomu kristindóms, nefna mætti gnóstisisma og míþratrú sem kenndu að „mennirnir ættu að vera hlédrægir og lifa fjarri heimsins glaumi“.<sup>76</sup> Kristnir menn sóttu margir í sams konar einveru og meinlætaliðnað á þessum tíma og er talið að slíkt hafi tekið við af píslarvættisdauðanum sem var algengur á fyrstu öldum kristinnar, áður en Konstantín veitti þegnum Rómaveldis trúfrelsi og ofsóknum á hendur kristnum mönnum lauk. Þá tók við einsetu- og meinlætaliðnað, svokallað „blóðlaust píslarvætti“<sup>77</sup> og „rauðir“ píslarvottar viku fyrir „hvítum“.<sup>78</sup> Meðal sumra af þessum einsetumönnum varð smám saman til eins konar sambýli sem varð upphafið að klausturlífi.<sup>79</sup>

Heilagur Antoníus frá Kóma (f. um 251) er talinn hafa gerst einsetumaður og meinlætamaður fyrstur kristinna manna.<sup>80</sup> Fleiri einsetumenn slógust í hóp með Antoníusi upp úr aldamótunum 300 en vikulega héldu þeir samkundu með einhvers konar guðspjónustu<sup>81</sup> og á þessari hugsun byggðust fyrstu klausturreglurnar sem stofnaðar voru. Pakómíus (d. 346)<sup>82</sup> stofnaði fyrsta kristna klaustrið í Egyptalandi í kringum 318,<sup>83</sup> en

<sup>74</sup> Katz: *The Decline of Rome and the rise of Medieval Europe*, Ithaca: 1965, bls. 129.

<sup>75</sup> <http://www.fourthcentury.com/index.php/egyptian-monasticism-intro/>

<sup>76</sup> *Saga mannkyns*, 3, bls. 83. Míþratrú náði umtalsverðri útbreiðslu í Rómaveldi. Sama rit, bls. 104.

<sup>77</sup> *Women and Faith*, bls. 11.

<sup>78</sup> Morant, bls. 318–319.

<sup>79</sup> *Verdens litteratur historie, bind 2*, Middelalderen. Hertel, ritstj., Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1985, bls. 52.

<sup>80</sup> Magnús Jónsson, bls. 72-73.

<sup>81</sup> <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/507905/ancient-Rome/26701/The-Roman-Empire-under-the-4th-century-successors-of-Constantine> [sótt 19.10.2012].

<sup>82</sup> <http://www.newadvent.org/cathen/10459a.htm> [sótt 19.10.2012]. Árið 325 samvæmt Will Durant, bls. 357.

ekki aðeins fyrir karla heldur einnig Maríu systur sína og vinkonur hennar<sup>84</sup> og Híerónýmus þýddi klausturreglur hans árið 404. Munu það vera fyrstu reglur um sambýli manna í klaustri sem vitað er um.<sup>85</sup> Vitað er að snemma á fjórðu öld, og líklega fyrr, voru einsetukonur á Spáni sem helguðu Guði líf sitt og á kirkjuþingi, sem haldið var í Elvira á Spáni árið 305, voru settar reglur um slíkar einsetukonur.<sup>86</sup>

Víst er að konur tóku virkan þátt í kristnu helgihaldi frá upphafi, þó að þeirra sé að litlu getið sem áhrifamanna innan kirkjunnar. Plinius yngri, sem eins og áður sagði skildi eftir sig fyrstu rituðu heimildina um kristna söfnuði, segir þó í bréfi sínu til Trajanusar frá tveimur ambáttum sem voru handteknar fyrir að vera kristnar og voru kallaðar *ministrae* af trússysteminum sínum.<sup>87</sup> Priscilla og Maximilla voru í hópi montanista á annarri öld, þær virðast hafa staðið jafnfætis Montanusi, foringja hópsins, og voru jafnvel taldar hafa andlega yfirburði yfir hann.<sup>88</sup> Sagnfræðingurinn Epifaníus segir frá trúarsöfnuði tengdum montanistum þar sem konur voru biskupar og prestar en um hann er ekki meira vitað.<sup>89</sup> Í ýmsum apókrýfum bókum er sagt frá konum sem lærisveinum Jesú og spámönnum.<sup>90</sup> Egería heimsækir gróf heilagrar Teklu hjá borginni Selevkíu. Heilög Tekla var stuðningskona og samstarfsmaður Páls postula og naut svo mikillar virðingar að sagan segir að hún hafi haft leyfi bæði til að predika og skíra.<sup>91</sup> Vel má hugsa sér að kristni hafi upphaflega fært konum frelsi frá hefðbundnum hlutverkum þeirra og jafnvel opnað þeim dyr út í heiminn, Egería er sjálf dæmi um það því að ólíklegt er að hún hefði ferðast eða skrifað hefði hún ekki verið kristin.

Egería virðist tilheyra opnu samfélagi einsetukvenna eða nunna og hvergi kemur fram að hún lifi meinvætalífi. Hún lýsir til dæmis strangri föstu ákveðinna hópa: „En í föstunni nærast menn þannig að þeir mega ekki setja brauð inn fyrir sínar varir eða

---

<sup>83</sup> Magnús Jónsson, bls. 73

<sup>84</sup> <http://mariannedorman.homestead.com/Womenmonasticism.html> [sótt 4. 11. 2012]

<sup>85</sup> *Women and Faith*, bls. 28.

<sup>86</sup> Arce, bls. 26.

<sup>87</sup> *A lost tradition*, bls. ix.

<sup>88</sup> Dyan Elliott, „Tertulian, the Angelic Life, and the Bride of Christ“, í *Gender and Christianity in Medieval Europe. New Perspectives*, Lisa M. Bitel & Felice Lifshitz ritstýrðu, Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2008, bls. 17.

<sup>89</sup> *A lost tradition*, bls. xii.

<sup>90</sup> Sama rit, bls. x.

<sup>91</sup> Sagan af heilagri Teklu og Páli postula (frá því skömmu fyrir 200 e.Kr.) naut mikilla vinsælda meðal kvenna. *Verdens literatur historie*, 1, bls. 330. Vinsældir þessarar sögu sjást ekki síst á því hve mikil uppbygging virðist vera kringum gróf Teklu árið 384, þegar Egería er þar á ferð. Tekla var einkum tilbeðin í austurhluta Rómaveldis, *Women and Faith*, bls. 10.

bragða olíu eða nokkuð sem kemur af trjám, heldur aðeins vatn og svolítið hafraseyði“ (XXVIII,3), en tekur fram að mönnum beri engin skylda til að halda strangar föstur, menn hljóti hvorki lof né last fyrir slíkt, og þetta umburðarlyndi og sveigjanleiki virðist falla henni vel í geð.

Ekki var óalgengt að konur lifðu einsetulífi á þessum tíma en yfirleitt virðist hafa verið um hefðarkonur að ræða.<sup>92</sup> Dætur, systur og ekkjur kirkjumanna voru hvattar til einlífis<sup>93</sup> og nokkrar konur settust að í Landinu helga, frægust þeirra er líklega Pála, vinkona Híerónýmusar og samtímakona Egeríu, sem settist að í Betlehem og stofnaði þar klaustur nokkrum árum eftir að Egería fór sína ferð.<sup>94</sup> Melanía gamla var önnur samtímakona Egeríu og líklega af spænskum ættum.<sup>95</sup> Hún settist að í Jerúsalem og stofnaði klaustur og gistihús fyrir píligríma og sjúka. Hún er í Jerúsalem á sama tíma og Egería og Arce gerir því skóna að þær hafi hist og jafnvel tengst vináttuböndum.<sup>96</sup> Þá má geta áður nefndrar Poemeníu, löndu Egeríu, sem lét reisa kirkju á Imbomon þar sem Kristur sté upp til himna á Olúfjallinu, en hún var af keisarafjölskyldunni<sup>97</sup> og ferðaðist með mikilli viðhöfn á árunum 384–395 eins og áður var nefnt.<sup>98</sup>

Við sjáum í bréfi Egeríu að það voru ekki bara karlar sem voru meinlætamenn, konur voru það líka (Egería, XXVIII, 3–4). Samkvæmt frásögn hennar er fjöldi presta (*presbyteri*), munkna (*monazontes, monachi*), nunna (*parthenae*), trúnema (*cathecumini*) og einsetu- eða meinlætamanna (*ascetis*) á þeim slóðum sem hún fer um. Hún nefnir ýmsa hópa trúaðra, svo sem *ebdomadarios*, sem leggja á sig strangar föstur og neyta aðeins matar í hádeginu á sunnudögum og á laugardagsmorgnum í föstunni (Egería, XXVIII, 1), og *aputactitae*, konur og karla sem matast aðeins einu sinni á dag, ekki aðeins í föstunni heldur allt árið. Við sjáum líka í bréfi hennar að konur gegndu embættum í lok fjórðu aldar, því að hún hittir Martönu vinkonu sína hjá gröf heilagrar

---

<sup>92</sup> „[...] the only female examples we have of ascetic lives in the Latin world during the fourth and fifth centuries were aristocratic“. *Women and faith*, bls. 23–24.

<sup>93</sup> Morant, bls. 320.

<sup>94</sup> <http://www.newadvent.org/cathen/11582a.htm> [síðast skoðað 24.4.2013].

<sup>95</sup> Morant, bls. 325.

<sup>96</sup> Arce, bls. 67.

<sup>97</sup> Wilkinson, bls. 15.

<sup>98</sup> Morant, bls. 328; Arce, bls. 21–22.

Teklu og hún er díakonessa. Díakonessur sinntu embættisverkum eins og skírn og kristinfræðslu og voru margar í Konstantínópel og austurhluta Rómarríkis.<sup>99</sup>

## 6. Peregrinatio og itineraria

Ferðalög (l. *peregrinatio*) hafa löngum verið farin á markverða staði bæði í trúarlegum og menningarlegum tilgangi. Grikkir lögðu leið sína á helga staði löngu áður en kristni kom til sögunnar og héldu hátíðir og leika á slíkum stöðum.<sup>100</sup> Í kínverskum bókmenntum eru til margar frásagnir búddamunka sem lögðu leið sína á helga staði á Indlandi á árunum 200–600.<sup>101</sup> Gyðingar fóru í pílgrímsferðir á helga staði og kristnir menn erfðu ekki aðeins siðinn heldur einnig staðina frá þeim,<sup>102</sup> eins og við sjáum á þeim helgu stöðum Gamla testamentisins sem Egería vitjar. Meðal kristinna manna munu slíkar ferðir hafa hafist fljótlega eftir að kristinni trú tók að vaxa fiskur um hrygg og þegar Helena móðir Konstantíns fann krossinn<sup>103</sup> og Konstantín reisti kirkjurnar yfir gröf Krists glæddi það áhuga kristinna manna á pílgrímsferðum til Jerúsalem. Híerónymus hvatti fólk mjög til bænaferða til Landsins helga á fjórðu öld, og við getum litið svo á að Egería hafi farið í slíka bænaferð því að hvar sem hún kemur á helga staði biðst hún fyrir og virðist ávallt hafa haft Biblíu með í för. Valeríus segir hana hafa farið á þá staði þar sem Drottinn fæddist, dó og reis upp frá dauðum og auk þess heimsótt grafir ótal píslarvotta, „í því skyni að biðjast fyrir og leita betrunar“.<sup>104</sup>

Rómverjar lögðu vegi um hið mikla ríki sitt og settu upp mílusteina sem sögðu til um fjarlægð á milli staða. Þessir vegir mynduðu öflugt samgöngukerfi (l. *cursus publicus*) og með um það bil dagleiðar millibili var komið upp gististöðum (l. *mansiones*)

<sup>99</sup> Ekki er minnst á díakonessur í vestri fyrr en á 5. öld, Wilson-Kastner, bls. XIX.

<sup>100</sup> Will Durant, *Grikkland hið forna, fyrra bindi*, Jónas Kristjánsson íslenskaði. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1967, bls. 218. Wilkinson, bls. 4.

<sup>101</sup> *Verdens literatur historie*, 2, bls. 36. Dudley, bls. 226.

<sup>102</sup> Wilkinson, bls. 4.

<sup>103</sup> Evsebíus af Sesareu, sem skrifaði um ævi Konstantíns, nefnir ekki að móðir hans hafi fundið krossinn, sá fyrsti sem það gerir er Ambrósíus biskup í Mílanó (árið 395), svo að sennilega er það seinni tíma sögn að Helena hafi verið sú sem fann krossinn. Wilkinson, bls. 172,

<sup>104</sup> „[...] orationis gratia aedificationisque peritia.“ Arce, bls. 8. Fullyrða má einnig að hún hafi farið til að fræðast um þessa helgu staði og Biblíuna, auk þess hafði hún (og vinkonur hennar) áhuga á að vita hvernig helgihald fór fram í Jerúsalem.

þar sem menn og skepnur gátu hvílst.<sup>105</sup> Um hluta þessa vegakerfis ferðaðist Egería og á slíkum áningarstöðum gisti hún en til að ferðast um þessa vegi þurftu menn sérstakt leyfi og hver sem var gat ekki fengið það.<sup>106</sup>

Elsta frásögn sem varðveist hefur um ferðalag kristins manns til Landsins helga er frá árinu 333 og lýsir leiðinni frá Bourdeaux til Jerúsalem, *Itinerarium Burdigalense*. Elsta vegalýsing sem varðveist hefur er *Antonini Itinerarium*, sem talin er að sé frá byrjun þriðju aldar og lýsir vegakerfi rómverska ríkisins og fjarlægðum milli áningarstaða. Það verk byggist þó ekki á ferðalagi höfundar sjálfs heldur á opinberum skjölum.<sup>107</sup>

Pílagrímurinn frá Bourdeaux lagði hins vegar sjálfur land undir fót og lýsti leiðinni sem hann fór. Lýsingin er þurrleg upptalning á *mutationes*, þar sem skipt var um hesta, og *mansiones*, eða gististöðum sem pílagrímurinn fór um, en þegar hann kemur til Palestínu bætir hann við stuttaralegum upplýsingum um þá helgu staði sem hann kemur á.<sup>108</sup> Þegar hann kemur til Tarsus skrifar hann: „Tarsus. Páll postuli var þaðan.“<sup>109</sup> Egería segir aftur á móti á heimleiðinni, þegar hún kemur til Tarsus öðru sinni, en þangað kom hún á leiðinni til Landsins helga eins og hún segir sjálf, og hefur eflaust lýst borginni í fyrra bréfi af þeirri nákvæmni sem yfirleitt einkennir hana:

Ég lagði síðan af stað frá Antíokkíu<sup>110</sup> og kom eftir nokkrar dagleiðir í hérað sem nefnist Kilikía. Höfuðborg þess er Tarsus en þangað hafði ég komið á leið minni til Jerúsalem. Þar sem gröf heilagrar Teklu er þrjár dagleiðir frá Tarsus, í Isauríu, hélt ég þangað með glöðu geði, ekki síst af því að hún var svo nálægt. (XXII,1–2)

111

Ferðalýsing pílagrímisins frá Bourdeaux er fátækleg miðað við ferðasögu Egeríu en hún er eigi að síður áhugaverð, ekki síst fyrir þær sakir að pílagrímurinn var á ferð tæpum

---

<sup>105</sup> Wilkinson, bls. 23.

<sup>106</sup> Arias Abellán, bls. 75.

<sup>107</sup> [http://www.theodora.com/encyclopedia/a2/antonini\\_itinerarium.html](http://www.theodora.com/encyclopedia/a2/antonini_itinerarium.html) (Skoðað 19.10.2012).

<sup>108</sup> Wilkinson, bls. 23.

<sup>109</sup> Sama rit, bls. 24.

<sup>110</sup> Eflaust hefur Egería verið búin að lýsa merkjum stöðum í Antíokkíu í þeim hluta handritsins sem er glataður.

<sup>111</sup> „Et sic proficiscens de Anthiocia faciens iter per mansiones aliquot perueni ad prouinciam, quae Cilicia appellatur, quae habet ciuitatem metropolim Tharso, ubi quidem Tharso et eundo Ierusalimam iam fueram. Sed quoniam de Tharso tertia mansione, id est in Hisauria, est martyrium sanctae Teclae, gratum fuit satis ut etiam illud accedere, presertim cum tam in proximo esset.“ (Egería, 22, 1–2, Arce, bls. 250).

fimmtíu árum á undan Egeríu og með samanburði á lýsingum á Jerúsalem geta menn áttað sig á þeim breytingum sem urðu í borginni á þessu tímabili.<sup>112</sup>

Snemma á tólftu öld kom ferðasaga Egeríu sér vel fyrir Pétur djákna, munk og bókavörð í Monte Casino, því að hann gat stuðst við handrit Egeríu þegar hann skrifaði *De locis sanctis* (Um helga staði). Sjálfur hafði hann aldrei komið á slóðir Biblíunnar og varð því að styðjast við ritaðar heimildir. Meginheimild hans er *Liber de locis sanctis* eftir heilagan Beda (673–735). Sömuleiðis studdist hann við nýja ferðahandbók um Jerúsalem, en á þessum tíma var mikil eftirspurn eftir ferðhandbókum um Jerúsalem fyrir kristna menn, en ekkert meira er vitað um þetta tiltekna rit eða höfund þess.<sup>113</sup> Loks er talið víst að stór hluti ferðalýsingar hans byggist á ferðasögu Egeríu þar sem orðaval og stíll líkist hennar eigin þó að hann hafi fjarlægt allt sem tengdist persónulegri reynslu hennar sjálfrar.<sup>114</sup> Þess vegna er rit Péturs djákna oft lesið með ferðasögu Egeríu, því að það gefur nokkra hugmynd um hvert hún fór og hvernig hún lýsti þeim stöðum sem hún kom á í þeim hluta handritsins sem nú er glataður.<sup>115</sup> En Pétur djákni endursegir ekki alla ferðasögu Egeríu, áhugi hans beindist aðeins að helgum stöðum í Palestínu og markmið hans var það eitt að gera grein fyrir þessum stöðum á fræðilegan hátt. Við fáum því ekki neinar upplýsingar frá honum um hverja Egería hitti á leiðinni, hvernig ferðin gekk frá Galísíu eða hvað það var sem hreif hana mest.<sup>116</sup>

## 7. Latína á tímum Egeríu

Þó að latína væri opinbert stjórnsýslumál í löndum Rómaveldis notuðu hinar sigruðu þjóðir þjóðtungur sínar áfram, fyrst um sinn að minnsta kosti. Þannig segir gríski landfræðingurinn Strabon, sem var uppi á tímum Ágústusar keisara, að íbúar Íberíuskaga tali ekki allir sama tungumál.<sup>117</sup> Smám saman gleymdust hinar fornu þjóðtungur og

---

<sup>112</sup> Wilkinson, bls. 7.

<sup>113</sup> Wilkinson, bls. 86.

<sup>114</sup> Sama rit, bls. 86.

<sup>115</sup> Heraeus, bls. III.

<sup>116</sup> Arce birtir þá hluta úr riti Péturs djákna sem hann telur að geti fyllt upp í mynd okkar af ferðum Egeríu, bls. 144–175. Wilkinson gerir það einnig, bls. bls. 86–106.

<sup>117</sup> Lapesa, *Historia de la lengua española*, Madrid: Escelicer, S. A., 1968, bls. 17-18.

latínan kom í þeirra stað, þó með undantekningum svo sem basknesku sem töluð var áfram þó að í hana bærust mörg latnesk orð.<sup>118</sup> Á Íberíuskaga var breytingin hæg og menn hafa velt fyrir sér hvort þær tungur sem fyrir voru hafi haft áhrif á framburð, hljóðfall og hrynjandi latínunnar sem þar var töluð. Sagnfræðingurinn Spartíanus segir frá því að þegar hinn spænskættaði Hadríanus var kvestor,<sup>119</sup> en hann var keisari frá 117–138 e. Kr., hafi hann haldið ræðu í öldungaráðinu í Róm og talað með svo miklum hreim að öldungarnir hafi skellt upp úr.<sup>120</sup> Ciceró kunnir illa við framburð Kordóbumanna og sagði þá tala með sterkum útlenskum hreim.<sup>121</sup>

Þó skal haft í huga að þegnar Rómaveldis á Íberíuskaga lögðu ýmsir mikið af mörkum til rómverskrar menningar án þess að latnesk tunga stæði þar í veginum á nokkrum hátt. Nefna má mælskufræðinga á borð við Porcius Latro (á seinni hluta fyrstu aldar f. Kr.), Marcus Annaeus Seneca (um 54 f. Kr.–39 e. Kr.) og Quintilianus (?35–?100), heimspekinginn og leikritaskáldið Lucius Anneus Seneca (4. f. Kr.–65), sem var sonur Seneca eldri, skáldið Lucanus (39–65), sem var barnabarn Seneca eldri, skáldið Martial (43–104), skáldið Juvencus, samtímamann Konstantíns mikla, að ógleymsdu hina merka sálmaskáldi Prudentíusi (348 –um 410), samtímamanni Egeríu. Columella (4–70), var merkasti höfundur Rómverja um landbúnaðarmál á fyrstu öld og Pomponius Mela (á miðri fyrstu öld) var fyrsti rómverski landfræðinginn. Allir voru þessir menn spænskir að uppruna.<sup>122</sup> Keisararnir Trajanus (um 52–117), frændi hans Hadríanus, Markús Árelíus (121–180) og fyrrnefndur Þeódósíus mikli, voru allir fæddir á Spáni og virðist það ekki hafa staðið þeim eða stjórn þeirra fyrir þrifum, jafnvel þó að hlegið hafi verið að framburði Hadríanusar og Ciceró þætti hreimur Kordóbuskaldanna undarlegur. Aftur á móti varð fljótt töluverður munur á ritaðri latínu og þeirri sem alþýða manna talaði. Ritað mál staðnaði en talað mál þróaðist hægt og bítandi í þau rómönsku mál sem nú eru töluð.<sup>123</sup>

---

<sup>118</sup> Sama rit, bls. 20.

<sup>119</sup> Reyndar var hann af ítölsku bergi brotinn eins og Trajanus, en forfeður þeirra voru sagðir hafa flust til Spánar og þar fæddust þeir báðir. Durant, II, bls. 87.

<sup>120</sup> Lapesa, bls. 26.

<sup>121</sup> „Cordubae natis poetis pingue quidam sonantibus atque peregrinum“, *Pro Archia poeta*, 26, í Spaulding: *How Spanish grew*. Berkeley, Los Angeles, London: University of California Press, 1975, bls. 27.

<sup>122</sup> Spaulding, bls. 26.

<sup>123</sup> Lapesa, bls. 51.



Kristindómur greiddi mjög fyrir útbreiðslu latínunnar í skattlöndum Rómverja. Með tilkomu kristni fóru menn að þýða bæði úr grísku og hebresku yfir á latínu og þar sem þýðingarnar voru meira eða minna beinar fór ekki hjá því að bæði orðaforði, málfræði og setningaskipan breyttust.<sup>124</sup> Sömuleiðis bættust við ný orð með þeim germönsku þjóðum sem réðust inn í vesturhluta Evrópu og þá eru ótalin þau nýju orð og hugtök sem urðu til með kristni.<sup>125</sup> Þó að gríska og latína væru opinber mál í Rómaveldi voru töluð fleiri tungumál í ríkinu og þeim fór fjölgandi eftir því sem Rómverjar lögðu undir sig fleiri lönd. Auk þess þurftu stjórnvöld á að halda sífellt fleiri útlendingum í heri sína og embætti og Rómaveldi varð fjöltyngt samfélag.<sup>126</sup> Egería lýsir því til að mynda í síðari hluta ferðasögunnar, þegar hún fylgist með helgihaldi í Jerúsalem, hvernig menn þýða hver fyrir annan úr grísku á sýrlensku eða latínu.

Egería notar mikið af smáorðum á borð við *autem*, *id est* og *enim* sem oft er óþarfi að þýða og jafnvel til lýta. Hún notar þolfall í stað nefnifalls, *monticulum istum quem uides*, (Egería, XIII,4).<sup>127</sup> Hún notar mikið fornöfnin *ille* (þessi) og *ipse* (sjálfur) sem ákveðinn greini fremur en fornöfn eins og tíðkaðist í klassískri latínu.<sup>128</sup> Önnur einkenni á síðalatinu Egeríu fela í sér atriði eins og aukna notkun forsetninga,<sup>129</sup> oft stýra þær ekki sama falli og þær gerðu í klassískri latínu, og fá jafnvel nýja merkingu.<sup>130</sup> Hún notar *ablativus* til að tákna tímalengd, í stað *accusativus* í klassískri latínu: „quadraginta diebus

---

<sup>124</sup> Sjötiúmannþýðingin *Septuagint*, gríska þýðingin á Gamla testamentinu, var til dæmis tilraun til að þýða „bókstaflega“ úr hebresku, Sidwell, bls. 22. *Vetus latina*, elsta Biblíuþýðingin á latínu, fylgdi *Septuagint* nákvæmlega og líkti eftir einkennum hebresku hvað varðar setningafræði og orðaröð. Önnur einkenni *Vetus latina* er notkun hebreskra orða, grísk orðaröð og rangar latneskar orðmyndir (sem e.t.v. voru notaðar í talmáli). Þegar Híerónímus þýddi *Vulgata* lét hann nægja að yfirfara ýmsar bækur úr *Vetus latina*, bæði úr Gamla og Nýja testamentinu, í stað þess að þýða þær allar upp á nýtt og því voru þessi einkenni áfram til staðar og og höfðu áhrif á annað sem ritað var á latínu. Sidwell, bls. 29-30.

<sup>125</sup> Nefna má sem dæmi orðin *frater* og *infans* sem fá bæði viðbótarmerkingu með kristninni („munkur“ og nýskírður maður). Eða grísk hugtök á borð við *apuctatitae*, *ebdomada*, *licinicon*, *parthenae* eða *monazontes*, sem Egería „latneskar“.

<sup>126</sup> „[...] barbarar voru fluttir hópum saman inn í Rómarríki á dögum Árelíusar, Valentíníanusar, Árelíanusar, Próbusar og Constantínusar.“ Durant, II, bls. 366. Var það gert sakir manneklu.

<sup>127</sup> Arce, bls. 48.

<sup>128</sup> „In the later years of the Empire the demonstratives *ille*, *ipse* and even *hic*, lost their particular significance of nearness or remoteness, if it is permissible to judge by context, and were reduced to indicating an individual among a class. This is to say, their function was that of the definite article [...]. Spaulding, bls. 39.

<sup>129</sup> „The analytical construction prevailed in the the spoken idiom.“ Spaulding, 38.

<sup>130</sup> Forsetningin *de* sem merkti „um“ eða „frá“ í klassískri latínu er notuð til að merkja „úr“: „frustella de argento“, „lítill brot úr silfri“, (Egería, XIV,2 ). Sidwell, bls. 367.

et quadraginta noctibus“ („í fjörutíu daga og fjörutíu nætur“, II,2).<sup>131</sup> Fram kemur hjá Egeríu ný gerð af framtíð samsettri úr nafnhætti og sagnorðinu *habere*, „haberetis haec congoscere“ (Egería, XXIV,1),<sup>132</sup> hún skrifar á einum stað *hispatii* (nf. *hispatium*) í stað *spatii* (Egería, XII,1), en slík tilhneiging var fyrir hendi í vúlgar latínu, að setja *i* eða *e* á undan *sp* eða *sc* og stundum var *h* einnig haft með.<sup>133</sup> Framburður var einnig að breytast og kemur það fram í breytingum á stafsetningu. Bókstafurinn *h* er svolítið á reiki hjá Egeríu, hún bætir stundum *c* við hann, svo sem í *michi*<*mihi* eða fellir hann burt, svo sem í *hostium*<*ostium* eða *ymni*<*hymni*.<sup>134</sup> Hún skrifar stundum *a* í stað *ae* eða *oe*, svo sem *parthene* í stað *parthenae* eða *preter* í stað *praeter* eða *ceperit* í stað *coeperit*. Oft skrifar hún *e* í stað *i*, svo sem *dicet* í stað *dicit*, svo að sögnin virðist tilheyra öðrum beygingarflokki í stað þess þriðja, eða *mittet* í stað *mittit*, *descendet* í stað *descendit*.<sup>135</sup> En að þessu sögðu er vert að hafa í huga að handritið að bréfi Egeríu er frá elleftu öld og stafsetning og orðalag gæti hafa skolast eitthvað til, að minnsta kosti sums staðar.

Sú latína sem Egería talar og skrifar hefur verið kölluð síðlatína og brúar bilið milli klassískrar latínu, nánar tiltekið silfuraldarlatínu, og miðaldalátínu. Hugtakið síðlatína er notað til að skilgreina þá latínu sem skrifuð var í lok annarrar aldar og til loka þeirra fimmtu. Að ýmsu leyti hefur hún orðið fyrir áhrifum frá talaðri latínu, það er að segja vúlgar latínu, en vissulega fer það eftir höfundum hvort hún stendur nær klassískri latínu eða vúlgar.<sup>136</sup> *Ferðasaga Egeríu* ber með sér að Egería hefur ekki verið lærð í klassískri latínu eða klassískum bókmenntum, hefði svo verið hefði hún væntanlega skrifað í samræmi við það.<sup>137</sup> Latínan, sem Egería skrifar, er að mörgu leyti alþýðumál og endurspeglar þær breytingar í tungumálinu sem áttu sér stað á fjórðu öld þegar latínan er

<sup>131</sup> Sama rit, bls. 368.

<sup>132</sup> Sidwell, bls. 362.

<sup>133</sup> Sama rit, bls. 375.

<sup>134</sup> Eins og Arce bendir á er ekki víst að við getum alltaf eignað Egeríu þá stafsetningu sem notuð er í handritinu frá 11. öld. Eflaust voru margar uppskriftir gerðar af handriti hennar í aldanna rás og Arce nefnir að á Ítalíu 11. aldar hafi *mihi* og *nihil* verið borin fram *michi* og *nichil* og tilhneiging hafi verið til að sleppa bókstafnum *h* í upphafi orða, bls. 50. Aftur á móti má hafa í huga að þó að *h* sé notað í spænsku ritmáli er það hljóðlaust.

<sup>135</sup> Sidwell, bls. 374.

<sup>136</sup> Lapesa, bls. 52.

<sup>137</sup> Wilkinson, bls. 2; Arce, bls. 45–54. Samkvæmt Schmidt er latína Egeríu „overmaade lidet korrekt“, bls. 22. Þó má hafa í huga að ferðasaga Egeríu er bréf sem hún skrifar vinkonum sínum og talmálsstíllinn á sér ef til vill rætur í því.

að þróast í rómönsk tungumál.<sup>138</sup> Þó er það ekki fyrr en með falli Rómaveldis á fimmtu öld að töluð latína tekur að fjarlægjast klassíska latínu verulega og kirkjur og klaustur verða smám saman eini vettvangurinn þar sem hin klassíska latína varðveitist.<sup>139</sup>

## 8. Helgihald og kirkjur í Jerúsalem

Eins og áður segir er síðari hluti handrits Egeríu lýsing á helgihaldi í Jerúsalem. Líklega dvaldi hún eitt ár samfleytt í Jerúsalem til að taka þátt í öllu helgihaldi þar.<sup>140</sup> Þegar Egería er í Jerúsalem er Kyrillus (ca. 315-386) biskup þar í borg. Hann kennir trúnumum og býr þá undir skírni og mun hafa verið þekktur fyrir trúfræðslu sína og predikanir.<sup>141</sup> Þegar Valens var keisari var hann sviptur embætti og rekinn í útlegð eins og „játararnir“ þrír sem Egería hitti, en sneri aftur árið 379 og var biskup í Jerúsalem til dauðadags. Trúfræðslurit Kyrillusar eru elstu dæmi um siði og kenningar frumkirkjunnar og Egería heyrði hann bæði kenna og predika í Jerúsalem og lýsir því helgihaldi sem líklegt er að hann hafi sjálfur mótað.<sup>142</sup>

Við sjáum á lýsingum Egeríu að kristnir menn hafa haft í nógu að snúast í Jerúsalem, ekki síst á hátíðum. Egería byrjar á því að lýsa helgihaldi í Jerúsalem á virkum dögum og sunnudögum. Síðan lýsir hún hátíðahaldi í Jerúsalem um jólin en þau voru haldin 6. janúar í Austrómverska ríkinu, á þrettándanum, og nefnd „guðdómsbirting“<sup>143</sup> því að þá birtist Drottinn mönnunum í fyrsta sinn sem maður.<sup>144</sup> Í handritið vantar blað einmitt þar sem hún lýsir jólahaldi þannig að lýsing hennar er ekki heilleg, en menn hafa

---

<sup>138</sup> „The Latin of this text is strongly marked with ‘vulgarisms’,“ segir Sidwell um frásögn Egeríu. Það komi m.a. fram í að *-m* í þolfalli nafnorða í 1. beygingu falli niður (*intro spelunca*) og að *-e* komi í stað *-i* (*dicet*), bls. 26.

<sup>139</sup> Lapesa, bls. 60; *Verdens literatur historie*, 1, bls. 320. Latína Egeríu er enn stöðluð og þess vegna hafa þeir sérfræðingar, sem hafa rýnt í málnotkun hennar, ekki getað komist að niðurstöðu um þjóðerni hennar út frá málnotkun hennar.

<sup>140</sup> Arias Abellán, bls. 17.

<sup>141</sup> *Dictionary of Christian Biography and Literature to the End of the Sixth Century A.D.*, <http://www.ccel.org/ccel/wace/biodict.html?term=Cyrillus,%20bishop%20of%20Jerusalem>, bls. 235 [Skoðað 14.11.2012]. „Prédikaði biskupinn, og 4.-5. öldin er sennilega glæsilegasta prédikaratímabil allrar kirkjusögunnar, sérstaklega eystra.“ Magnús Jónsson, bls. 56.

<sup>142</sup> Wilkinson, bls. 50; Arias Abellán, bls. 18.

<sup>143</sup> *Epiphania*

<sup>144</sup> Arce, bls. 72. Farið var að halda jólin 25. desember í austurhluta ríkisins í lok fjórðu aldar og í upphafi þeirrar fimmtu í Egyptalandi. Arias Abellán, bls. 85–86, nmgr. 65.

getað fyllt í eyðurnar þar og annars staðar þar sem Egería þykir ónákvæm í lýsingum sínum með því að styðjast við armenska messubók frá fimmtu öld sem bæði staðfestir og skýrir nánar lýsingar Egeríu.<sup>145</sup> Samkvæmt armensku messubókinni var það til siðs um jólaleytið að 5. janúar færi fólk til Betlehem og héldi aðfangadag guðdómsbirtingarinnar hátíðlegan hjá fæðingarhellinum. Þegar lýsing Egeríu á helgihaldinu hefst er hún á leið frá Betlehem til Jerúsalem ásamt fleira fólki, biskupi, prestum og munkum, og á báðum stöðum eru jólin haldin hátíðleg í átta daga, eftir því sem hún segir.<sup>146</sup> Síðan lýsir Egería helgihaldi á páskaföstu, páskum, hvítasunnu og vígsluhátíð<sup>147</sup> og lætur engrar stórhátíðar ógetið þegar borið er saman við það sem armenska messubókin fyrrnefnda telur upp.<sup>148</sup>

Eins og áður var nefnt hafði Konstantín keisari látið reisa kirkjur í Jerúsalem og Betlehem og þær eru í notkun þegar Egería er þar stödd. Í Jerúsalem fer helgihald einkum fram á þremur stöðum, bæði á virkum dögum og um helgar,<sup>149</sup> í Upprisukirkjunni (l. *Anastasis*), við Krossinn (l. *ad Crucem, ante Crucem, post Crucem*) og í kirkju sem hún nefnir ýmist „stóru kirkjuna“, „á Golgata“ eða *Martyrium* („vottur“). Í raun er um að ræða eina byggingu sem hýsir þrjár kirkjur eða helga staði á Golgata, en þar lét Konstantín reisa kirkju þegar hann frétti að gröf Krists væri fundin.<sup>150</sup> Upprisukirkjan, hringlaga bygging sem var ekki risin þegar pílágrímurinn frá Bourdeaux var í Jerúsalem og ekki heldur þegar Evsebíus frá Sesareu lýsti byggingarframkvæmdum á Golgata,<sup>151</sup> var yfir gröf Krists, þar sem hann reis upp frá dauðum. Dyr kirkjunnar opnuðust til austurs inn á svæði, eins konar anddyri (l. *atrium*) undir berum himni, umlukið súlnagöngum á þrjá vegu, og í suðausturhorni þess var hæð og ef til vill kross uppi á henni.<sup>152</sup> Fólk safnaðist saman fyrir framan Krossinn eða hjá honum og stundum bak við hann, en þar var kapella áföst við hann.<sup>153</sup> Austan megin við þetta svæði var *Martyrium*,

---

<sup>145</sup> Arce, bls. 73; Wilkinson, bls. 175; Arias Abellán, bls. 19, um er að ræða þýðingu á eldri grískum texta.

<sup>146</sup> Egería, 25, 12.

<sup>147</sup> *Encenia*.

<sup>148</sup> Wilkinson, bls. 72.

<sup>149</sup> Arias Abellán, bls. 45.

<sup>150</sup> Wilkinson, bls. 16.

<sup>151</sup> Sama rit, bls. 16–22; Arias Abellán, bls. 45.

<sup>152</sup> Arce, bls. 107–108; Arias Abellán, bls. 46.

<sup>153</sup> Arias Abellán, bls. 46. Þær lýsingar á kirkjum og öðrum helgum stöðum kristinna manna í Jerúsalem og nágrenni sem hér fara á eftir byggjast að langmestu leyti á lýsingum Arias Abellán, bls. 46–53.

basilíka með fimm stórum skipum og miklu fordyri og þremur dyrum sem opnuðust út á aðalgötu borgarinnar.<sup>154</sup>

Á Síonshæð sækir Egería kirkju á staðnum þar sem menn töldu að hefði verið loftstofan sem lærisveinarnir voru staddir í þegar heilagur andi kom yfir þá og einnig þegar Jesús birtist þeim risinn upp frá dauðum á páskadag og uppstigningardag. Egería fer upp á Olúfjallið (l. *Eleona*), í kirkju sem þar er og Konstantín lét reisa yfir hellinum þar sem sagnir hermdu að Jesús hefði uppfrætt lærisveinana,<sup>155</sup> en hún fer einnig alla leið upp á fjallið, á stað sem heitir Imbomon („á tindinum“), þar sem Jesús steig upp til himna. Þar er engin kirkja þegar Egería er á ferðinni en nokkru síðar lét Poemenía, sem áður er getið, reisa kirkju á þessum stað. Á skírdagskvöld, aðfangadag föstudagsins langa er gengið niður Olúfjallið frá Imbomon til Getsemane, við rætur fjallsins, en á leiðinni er haldin athöfn í kirkju á staðnum þar sem Kristur var sagður hafa beðist fyrir áður en hann var handtekinn í garðinum.

Laugardaginn fyrir pálmásunnudag fer Egería einnig ásamt mannfjöldanum til Lazarium, á stað þar sem var gröf Lazarusar í Betaníu og þar sem Jesús vakti hann upp frá dauðum. Þar er engin kirkja heldur opið svæði og þar er haldin athöfn, en fimm hundruð skrefum fjær er kirkja á staðnum þar sem María systir Lazarusar gekk á móti Kristi (og reyndar Marta systir hans einnig).<sup>156</sup>

Loks er að nefna Fæðingarkirkjuna í Betlehem, sem Konstantín lét reisa yfir fæðingarhellinum, þaðan er Egería að koma þegar mannfjöldinn streymir til borgarinnar eftir eyðuna í handritinu á eftir kafla XXV,6, og þar er hún einnig áttunda dag jóla og á uppstigningardag.

## 9. Lokaorð

Þegar Egería var á ferðinni á slóðum Biblíunnar var aðeins rúmlega hálf fjórða öld frá krossfestingu Krists, um það bil álíka langur tími og er frá andláti Hallgríms Péturssonar

---

<sup>154</sup> Wilkinson, bls. 20.

<sup>155</sup> Arce, bls. 111. Arce bendir á að pílgrímurinn frá Bourdeaux hafi séð þessa sömu kirkju: *ibi facta est basilica iussu Constantini*, skrifar hann í ferðalýsingu sinni (595, 4).

<sup>156</sup> Jóhannesarguðspjall 11, 20 og 11, 29.

til okkar daga. Enn skemmri tími var frá dauða píslarvotta á borð við heilaga Evfemíu og heilagan Helpidíus, því að þau létu lífið í ofsóknum á hendur kristnum mönnum á fjórðu öld, á öld Egeríu.<sup>157</sup> Þegar hún vitjaði grafar Evfemíu og tók þátt í hátíðinni til minningar um píslarvætti Helpidíusar hlaut það þess vegna að snerta hana á mjög raunverulegan hátt. Ferðasaga hennar og lýsingar á helgihaldi í Jerúsalem sýna svo að ekki verður um villst að kristni er afar lifandi trú í huga þeirra sem iðka hana. Prestarnir, sem taka á móti henni á ferðum hennar um helga staði, hafa einlægan áhuga á að sýna henni staðina og fræða hana um þá og hún sýnir þeim einlægan áhuga á að fræðast um allt sem viðkemur þessum stöðum. Helgihald er orðið nokkurn veginn fullmótað í Jerúsalem og Egería vill að „systur“ hennar viti hvernig það fer fram, kannski þær séu sjálfar að móta sitt eigið helgihald „á endimörkum jarðar“, svo að gripið sé til orða Eulogíusar, biskups í Edessu. Egería hefur frelsi til fara þangað sem hún vill, þó ekki á yfirráðasvæði Persa, en að öðru leyti virðist ekkert hefta hana. Hún hlýtur að hafa verið vel efnum búin, ferðalag hennar var eflaust mjög kostnaðarsamt, en ólíklegt er að hún hefði ráðist í slíka ferð nema sakir trúar sinnar og fróðleiksfýsnar. Og þetta tvennt gerir vitnisburð hennar einstakan, brennandi trúaráhugi og fróðleiksfýsn, eða forvitni eins og hún kallar það sjálf, bæði um þá staði sem hún kemur til og um helgihaldið í Jerúsalem. Um þetta hvort tveggja fá lesendur *Ferðasögu Egeríu* glöggar upplýsingar því að hún er nákvæmur sögumaður.

---

<sup>157</sup> Helpidíus um miðja 4. öld og Evfemía í ofsóknum Diónísíusar á árunum 303–304. Arias Abellán, bls. 125, nmgr. 201 og bls. 135, nmgr. 232.

## HEIMILDASKRÁ

- Alexander, Pat, ritstj.: *The Lyon Encyclopedia of the Bible*, ed. Pat Alexander. Oxford, Batavia, Sidney: A Lion Book, 1986.
- Arce, Agustín, ritstj.: *Itinerario de la virgen Egeria (381-384)*. Madrid: Biblioteca de autores latinos, 2010.
- Arias Abellán, Carmen: *Itinerarios latinos a Jerusalén y al Oriente Cristiano*. Sevilla: Secretariado de publicaciones, 2000.
- Biblían*, á <http://biblian.is>
- Díaz y Díaz: *Antología del latín vulgar*. Madrid: Editorial Gredos, 1989.
- Dudley, D. R.: *Roman Society*, Harmondsworth: Penguin, 1978.
- Durant, Will: *Grikkland hið forna, fyrra bindi*, Jónas Kristjánsson íslenskaði. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1967.
- Durant, Will: *Rómaveldi, fyrra bindi*, Jónas Kristjánsson þýddi, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963.
- Durant, Will, *Rómaveldi, síðara bindi*, Jónas Kristjánsson þýddi, Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Gender and Christianity in Medieval Europe. New Perspectives*, Lisa M. Bitel & Felice Lifshitz ritstj., Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2008.
- Heraeus, W., ritstj.: *Silviae vel potius Aetheriae peregrinatio ad loca sancta*. Heidelberg: Carl Winter's Universitätsbuchhandlung, 1908.
- Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson: *Frá Sýrlandi til Íslands, arfur Tómasar postula*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Katz, S.: *The Decline of Rome and the rise of Medieval Europe*, Ithaca: 1965.
- Lapesa, R.: *Historia de la lengua española*, Madrid: Escelicer, S. A., 1968.
- Le Glay, M., et al.: *A History of Rome*, Blackwell Publishing, 2005
- Magnús Jónsson, *Saga kristinnar kirkju, kennslubók*. Reykjavík: 1946.
- Mitchell, S.: *A History of the later Roman Empire AD 284– 641*, Malden, MA: Blackwell Pub., 2007.

Morant, I. ritstj.: *Historia de las mujeres en España y América Latina, I*. Madrid: Cátedra, 2006.

*Saga mannskyns*, 1, Í upphafi var ..., Rit Röð AB, ritstj. Knut Helle, et. al.. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982.

*Saga mannskyns*, 2, 1200-200 f. Kr. Rit Röð AB, ritstj. Knut Helle, et. al.. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1988.

*Saga mannskyns*, 3, 200 f. Kr.-500 e. Kr. Rit Röð AB, ritstj. Knut Helle, et. al.. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1989.

Schmidt, Valdemar, þýð.: *Silvias Pilegrimsferð til det Hellige Land, Ægypten og Mesopotamien*. Kaupmannahöfn: Karl Schønbergs Forlag, 1896.

Sidwell, K.: *Reading Medieval Latin*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004.

Spaulding, *How Spanish grew*. Berkeley, Los Angeles, London: University of California Press, 1975.

*Verdens literatur historie, bind 1*, Oldtiden, Hertel, H., ritstj., Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1985.

*Verdens literatur historie, bind 2*, Middelalderen, Hertel, ritstj., Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1985

Wilkinson, J. ritstj.: *Egeria's Travels*. Oxford: Aris & Phillips, 1999.

Wilson-Kastner, P., et. al.: *A Lost Tradition, Women Writers of The Early Church*, Lanham, New York, London: University Press of America, 1981.

*Women and Faith: Catholic religious life in Italy from late antiquity to the present*, ritst. Lucetta Scarafia og Gabriella Zarri, Cambridge Mass.: Harvard University Press, 1999.

Zarnecki, G.: *Art of the Medieval World*, New York: Harry N. Abrams, Inc., Publishers, 1975.

### Heimild af netinu:

<http://www.answers.com/topic/4th-century>

*Dictionary of Christian Biography and Literature to the End of the Sixth Century A.D.*,  
<http://www.ccel.org/ccel/wace/biodict.html?term=Cyrrillus,%20bishop%20of%20Jerusalem>



[http://www.google.is/imgres?imgurl=http://edmaps.com/roman\\_empire\\_350.jpg&imgrefurl=http://edmaps.com/html/laistner.html&h=1310&w=1772&sz=648&tbnid=5AlQ0pSB17X27M:&tbnh=111&tbnw=150&prev=/images%3Fq%3DRoman%2Bempire%2B4th%2Bcentury&zoom=1&q=Roman+empire+4th+century&hl=is&usg=\\_\\_5fPd1Dq-xvH6CqKAsDQzHrfkJKo=&sa=X&ei=zGOHTM7aH9CNjAe5osHmCA&ved=0CCoQ9QEwBA](http://www.google.is/imgres?imgurl=http://edmaps.com/roman_empire_350.jpg&imgrefurl=http://edmaps.com/html/laistner.html&h=1310&w=1772&sz=648&tbnid=5AlQ0pSB17X27M:&tbnh=111&tbnw=150&prev=/images%3Fq%3DRoman%2Bempire%2B4th%2Bcentury&zoom=1&q=Roman+empire+4th+century&hl=is&usg=__5fPd1Dq-xvH6CqKAsDQzHrfkJKo=&sa=X&ei=zGOHTM7aH9CNjAe5osHmCA&ved=0CCoQ9QEwBA)

<http://www.fourthcentury.com/index.php/egyptian-monasticism-intro/>

<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/507905/ancient-Rome/26701/The-Roman-Empire-under-the-4th-century-successors-of-Constantine>

<http://mariannedorman.homestead.com/Womenmonasticism.html>

<http://www.newadvent.org/cathen/10459a.htm>

[http://www.theodora.com/encyclopedia/a2/antonini\\_itinerarium.html](http://www.theodora.com/encyclopedia/a2/antonini_itinerarium.html)

## Ferðasaga Egeríu<sup>158</sup>

[mikið vantar]

- I. 1. ... sýndir [staðir] með hliðsjón af Ritningunni.<sup>159</sup> Á göngunni komum við á stað þar sem fjallaveggirnir opnuðust í víðáttumikinn dal, afar mikla og fagra sléttu, og við dalbotninn blasti við Guðs heilaga fjall, Sínaíffjallið.<sup>160</sup> Þessi staður, þar sem fjöllin opnuðust, er hjá gröfum hinna gráðugu.<sup>161</sup> 2. Á þessum stað sögðu hinir helgu leiðsögumenn sem með okkur voru: „Það er venja að menn biðjist fyrir þegar þeir koma hingað því að héðan sjá þeir fjall Guðs í fyrsta sinn,“ og við fórum að ráðum þeirra. Fjall Guðs var um það bil fjórar mílur<sup>162</sup> frá okkur, innst í dalnum, sem ég sagði að væri afar víðáttumikill.
- II. 1. Þessi víðáttumikli dalur teygir sig að rótum fjalls Guðs og er, eftir því sem okkur sýndist eða þeir sögðu, líklega um það bil sextán þúsund skref á lengd en breiddina töldu þeir vera um fjögur þúsund. Við þurftum að ganga eftir þessum dal til að komast að fjallinu. 2. Þetta er hinn mikli og slétti dalur þar sem Ísraelsbörn dvöldu meðan heilagur Móse fór upp á fjall Guðs og var þar í fjörutíu daga og fjörutíu nætur.<sup>163</sup> Þetta er einnig dalurinn þar sem gullkálfurinn var steiptur og enn þann dag í dag er sá staður merktur því að stór steinn hefur verið reistur á þeim sama bletti.<sup>164</sup> Í botni þessa dals er staðurinn þar sem Guð talaði lengi<sup>165</sup> við heilagan Móse úr logandi

---

<sup>158</sup> Þýðingin er byggð á latneskum texta Heraeus og Arce.

<sup>159</sup> Egería er á ferð með fróðum mönnum sem sýna henni og fylgdarliði hennar alla þá staði sem koma við sögu í Biblíunni á þessum slóðum. Eins og fram kemur í IX, 1 og 6 er þetta ekki í fyrsta sinn sem hún kemur til Egyptalands. Samkvæmt P. Devos er þessi ferð sem Egería segir frá hér farin dagana 16. desember 383 til 22. eða 23. janúar 384. Arias Abellán, bls. 69.

<sup>160</sup> Egería er að koma frá Klysmá og Paran-eyðimörkinni, eins og hún segir sjálf (II,4; VI,4).

<sup>161</sup> Fjórða Mósebók, 11, 34. Kibrót-Hattawa. Allar Biblíutilvitnanir og –vísanir eru í [www.biblian.is](http://www.biblian.is)

<sup>162</sup> Um 6 km (eða 4000 skref). Rómversk míla er u.þ.b. 1480 metrar og jafngildir 1000 skrefum. Arias Abellán, bls. 70, nmgr. 5.

<sup>163</sup> Önnur Mósebók, 24, 18.

<sup>164</sup> Önnur Mósebók, 32.

<sup>165</sup> *iterim*, „aftur“ eða „öðru sinni“, Arce, bls. 183; „tvisvar“, Williamson, bls. 108; „ítrekað“, Arias Abellán, bls. 71.

þyrnirunnum meðan hann gætti sauða tengdaföður síns.<sup>166</sup> 3. Göngunni var þannig hagað að fyrst átti að ganga á fjall Guðs þeim megin sem við komum að því, af því að þar var uppgangan auðveldust, og þaðan niður í dalbotninn, þar sem þyrnirunninn var, því að þeim megin var auðveldara að ganga niður af fjalli Guðs. Því var ákveðið að þegar við værum búin að sjá allt sem okkur lysti og komin niður af fjallinu færum við að þyrnirunnum, og þaðan skyldum við snúa til baka eftir endilöngum dalnum ásamt guðsmönnum sem sýndu okkur alla þá staði í dalnum sem eru nefndir í Ritningunni. Þetta gerðum við. 4. Við lögðum að baki staðinn þar sem við báðumst fyrir er við komum frá Paran<sup>167</sup> og höguðum göngunni þannig að við gengum inn dalinn eftir honum miðjum áleiðis að fjalli Guðs. 5. Þegar horft er á fjallið utan frá lítur það út fyrir að vera eitt fjall en þegar komið er inn fyrir kemur í ljós að þetta eru mörg fjöll sem í heild eru nefnd fjall Guðs og mitt á meðal þeirra er aðalfjallið, sem dýrð Guðs sté niður á, eins og skrifað stendur.<sup>168</sup> 6. Öll fjöllin umhverfis það eru svo há að ég held að ég hafi aldrei séð svo há fjöll, en það sem er í miðjunni, fjallið sem dýrð Guðs sté niður á, er svo miklu hærra en öll hin að þegar við komum upp á það voru hin fjöllin, sem okkur hafði sýnst svo há, svo langt fyrir neðan okkur að þau líktust helst hólum. 7. Það er sannarlega furðulegt, og ég held að það væri ekki svo nema fyrir tilstilli Guðs, að þó að fjallið í miðjunni sem nefnist Sínaí, fjallið sem dýrð Guðs steig niður á, sé hærra en öll hin fjöllin, sést ekki í það fyrr en komið er að rótum þess og ráðast skal til uppgöngu. En þegar tindinum hefur verið náð og komið er niður aftur blasir fjallið við augum en ekki fyrr en búíð er að ganga upp á það. Þetta vissi ég áður en við komum að fjalli Guðs af því að bræðurnir<sup>169</sup> höfðu sagt mér það, og þegar þangað kom sá ég greinilega að svo var.

---

<sup>166</sup> Önnur Mósebók, 3, 1.

<sup>167</sup> Paran-eyðimörkin hefur verið síðasti viðkomustaður ferðalanganna áður en þeir inn í dalinn.

<sup>168</sup> Önnur Mósebók, 19, 12.

<sup>169</sup> Hér er eitt af elstu skjalfestu dæmum um notkun orðsins *frater* í merkingunni *monachus*. Arias Abellán, bls. 74.

III. 1. Við komum að fjallinu síðdegis á laugardegi og þar voru nokkrir einsetumannabústaðir<sup>170</sup> og munkarnir, sem þar búa, tóku á móti okkur af mikilli gestrisni og sýndu okkur umhyggjusemi á allan hátt. Þarna er einnig kirkja ásamt presti. Við gistum þar um nóttina<sup>171</sup> og árla á sunnudagsmorgun héldum við af stað ásamt prestinum og munkunum sem þarna bjuggu og klifum hvert fjallið af öðru. Það er mikið erfiði að klífa þessi fjöll, því að þau eru ekki gengin hægt og bítandi á ská eða í aflíðandi krákustígum, heldur er gengið beint af augum eins og verið sé að klífa vegg og síðan beina leið niður hvert fjall uns komið er að rótum fjallsins í miðjunni, hins eiginlega Sínaí fjalls. 2. Fyrir vilja Krists Drottins vors og tilstyrk bæna þeirra helgu manna sem fylgdu okkur tókst mér þetta með miklum erfiðismunum. Ég varð að ganga upp þar sem engin leið var að komast það ríðandi,<sup>172</sup> en ég fann ekki fyrir áreynslunni af því að ég sá óskina, sem ég ól í brjósti, rætast með Guðs hjálp. Um á fjórðu stund<sup>173</sup> náðum við tindinum á fjalli Guðs, hinu helga Sínaí fjalli þar sem lögmálið var afhent, en þar sté dýrð Drottins niður daginn sem reykin lagði af fjallinu.<sup>174</sup> 3. Á þessum stað er núna kirkja en hún er ekki stór af því að fjallstindurinn er ekki mjög mikill um sig en þó býr hún yfir miklum þokka. 4. Þegar við komumst á tindinn með hjálp Guðs og komum að kirkjudyrunum tók á móti okkur prestur sem hafði komið úr einsetumannsbústað sínum, forsvarsmaður kirkjunnar, hraustlegur öldungur sem hafði verið munkur frá unga aldri og *asketi*, eins og menn segja hér.<sup>175</sup> Hvað fleira get ég sagt? Þessi maður var þess verðugur að dvelja á þessum stað. Aðrir prestar komu líka og allir munkarnir sem bjuggu hjá fjallinu, það er að segja þeir sem elli eða hrumleiki hömluðu ekki. 5. Á tindi miðfjallsins

<sup>170</sup> *monasteria*. Í latínu á tímum kristninnar þróaðist merking orðsins *monasterium* þannig að í fyrstu var það notað um bústað einsetumanns, síðan um þyrpingu slíkra bústaða hjá kirkju og loks um klaustur eins og við þekkjum þau. Hjá Egeríu er orðið notað í tveimur fyrstu merkingunum. Arias Abellán, bls. 74.

*Monachus* þýði ég ýmist sem munk eða einsetumann, eftir því sem mér finnst fara best hverju sinni.

<sup>171</sup> Þetta er fyrsta nóttin í Sínaí, 17. desember árið 383. Arias Abellán, bls. 74.

<sup>172</sup> Egería ferðast ýmist á hestbaki (XIV,1), eða ösnum sé leiðin ófær hestum (XI,4) og þegar hún fer um Paran-eyðimörkina ríður hún sennilega kameldýrum (VI,4).

<sup>173</sup> Um tíuleytið Tímatal fór eftir árstíðum en fyrsta stund dagsins er um það bil klukkan 7 að morgni og fyrsta stund kvöldsins um það bil klukkan 19. Arias Abellán, bls. 76.

<sup>174</sup> Önnur Mósebók, 19, 18.

<sup>175</sup> Þetta orð verður í framhaldi þýtt sem meinlætamaður. Hér er það þó sett fram svo til að sýna að þetta er orð (úr grísku) sem Egeríu er ekki tamt og hún hefur sennilega aldrei heyrt fyrr en á þessum slóðum.

býr nefnilega enginn, þar er ekki annað en kirkjan og hellisskútinn þar sem heilagur Móse stóð.<sup>176</sup> 6. Þegar allt sem viðkom þessum stað hafði verið lesið úr Mósebók og fórnin hafði verið færð eins og venjan er og við höfðum meðtekið sakramentið, vorum við á leið út úr kirkjunni þegar prestarnir komu færandi hendi og gáfu okkur til blessunar<sup>177</sup> ávexti sem vaxa á fjallinu. Þó að hið helga Sínaí fjall sé ekkert nema urð og grjót og þar vaxi ekki einu sinni kjarr er samt að finna neðst í því, bæði við rætur fjallsins í miðjunni og fjallanna þar í kring, svolítið jarðlag. Þar rækta hinir helgu munkar lítil tré af alúð og hafa útbúið aldingarða og matjurtagarða í grennd við híbýli sín svo að engu er líkara en jarðvegur fjallsins gefi þeim ávexti, en allt er það verk þeirra eigin handa. 7. Þegar við höfðum meðtekið sakramentið og þegið blessunargjafir af hinum helgu mönnum, gengum við út um kirkjudyrnar og ég bað þá sýna okkur alla markverða staði. Hinir helgu menn létu ekki standa á því. Þeir sýndu okkur hellisskútann þar sem heilagur Móse stóð þegar hann hafði öðru sinni gengið upp á fjall Guðs til að taka við steintöflunum eftir að hafa molað þær fyrri vegna synda fólksins.<sup>178</sup> Þeir sýndu okkur aðra staði sem við óskuðum eftir að sjá eða staði sem þeir þekktu betur en við. 8. Ég vil að þið vitið, æruverðugu systur og frúr,<sup>179</sup> að þar sem við stóðum við kirkjuveggina á tindi miðfjallsins, fannst okkur að fjöllin fyrir neðan, sem við höfðum skömmu áður klifið, væru ekki annað en hólur í samanburði við miðfjallið. Samt virtust þau svo himinhá að ég taldi mig aldrei hafa séð hærri fjöll, en það í miðjunni var þó miklu hærra. Fyrir neðan okkur blasti við ótrúleg sjón, Egyptaland og Palestína, Rauða hafið og Meyjarhafið<sup>180</sup> sem nær til Alexandríu, auk þess endalausar víðáttur Serkja.<sup>181</sup> Allt þetta sýndu hinir helgu menn okkur.

---

<sup>176</sup> Önnur Mósebók, 33, 22.

<sup>177</sup> *eulogias*: „blessings“ þýðir Wilkinson og segir þar „small tokens of hospitality“ (bls. 110, nmgr. 2). Þýtt sem „blessunargjafir“ nokkrum línunum neðar.

<sup>178</sup> Önnur Mósebók, 32, 19.

<sup>179</sup> Þýðing á *dominae* í merkingunni „hefðarfrú“.

<sup>180</sup> *Mare Parthenicum*, austasti hluti Miðjarðarhafsins, Wilson-Kastner, bls. 133. Einnig nefnt *Mare Isiacum*, „Haf Ísisar“. Williamson, bls. 110.

<sup>181</sup> *Sarraceni*. Hér er orðið Serki ekki notað í merkingunni Mári, heldur er átt við eyðimerkurbúa á Sínaískaga, eða „serkenska hirðingja“, eins og Durant nefnir þá. Durant, II, bls. 189.

IV. 1. Þegar allar þær óskir, sem höfðu knúð okkur upp fjallið, höfðu verið uppfylltar hófum við gönguna niður af fjalli Guðs sem við höfðum klifið og upp á annað fjall sem stendur rétt hjá; þessi staður nefnist á Hóreb<sup>182</sup> og þar stendur kirkja. 2. Hóreb er staðurinn þar sem heilagur Elía spámaður var þá hann flúði návist Akabs konungs og Guð talaði til hans og sagði: „Hvað ertu að gera hér, Elía?“ eins og ritað stendur í Konungabók.<sup>183</sup> Hellirinn, þar sem heilagur Elía faldi sig, er enn þann dag í dag fyrir framan dyrnar að kirkjunni sem þarna stendur. Þarna má einnig sjá steinaltari sem heilagur Elía reisti til að færa Drottni fórnir, eins og hinir helgu menn voru svo elskulegir að sýna okkur ásamt öllu öðru. 3. Í kirkjunni meðtókum við sakramentið, við báðum heitt og lesinn var kaflinn úr Konungabók. Ég lagði alltaf áherslu á að alls staðar þar sem við kæmum væri lesinn viðeigandi kafli úr Ritningunni. 4. Þegar við höfðum neytt sakramentis gengum við á annan stað sem prestarnir og munkarnir bentu okkur á skammt frá, en þar hafði heilagur Aron dvalið með öldungunum sjötíu þegar heilagur Móse tók við lögunum frá Drottni handa börnum Ísraels.<sup>184</sup> Þó að ekki sé þak yfir þessum stað er þar stór, hringlaga steinn, flatur að ofan, og sagt er að þar hafi hinir heilögu menn staðið, en á honum miðjum er eins konar altari hlaðið úr grjóti. Þarna lásu við viðeigandi kafla úr bók Móse og sungum sálm sem hæfði staðnum. Þegar við höfðum beðist fyrir gengum við þaðan niður. 5. Nú var að nálgast áttunda stund<sup>185</sup> og enn áttum við þrjár mílur ófarnar niður af þessum fjöllum sem við höfðum komið að daginn áður. Eins og ég sagði hér að ofan áttum við ekki að fara niður sömu leið og við komum upp, því að við þurftum að fara á alla helgu staðina og sjá alla einsetumannabústaðina sem voru þarna og þess vegna að ganga niður í dalbotninn sem ég nefndi hér að ofan og er við rætunar á fjalli Guðs. 6. Leið okkar lá þar af leiðandi niður í dalbotninn því að þar voru

---

<sup>182</sup> „in Choreb“, segir Egeria. Arce segir þetta sýna að Egeria hafi notað grísku sjötíumannapýðinguna, þar sem um sé að ræða grískan locativus, bls. 191, nmgr. 10. Elstu latínupýðingarnar notuðu þó sama orðalag, Arias Abellán, bls. 79, nmgr. 33. Önnur Mósebók, 17, 6.

<sup>183</sup> Fyrri Konungabók, 19, 9. Egeria skrifar „Bók Konungsríkjanna“ og samkvæmt Arce merkir það að hún hafi notað grísku Biblíuna, bls. 191. En bókin hét þessu sama nafni í elstu latínupýðingunum, Williamson, bls. 111, nmgr. 3.

<sup>184</sup> Önnur Mósebók, 24, 9-14

<sup>185</sup> Um tvöleytið.

margir einsetumannabústaðir helgra manna og kirkja þar sem þyrnirunninn er. Þyrnirunninn lifir enn þann dag í dag og skýtur öngum. 7. Þegar við höfðum gengið niður af fjalli Guðs og komum að runnanum var að nálgast tíundu stund.<sup>186</sup> Þetta er þyrnirunninn sem ég minntist á að ofan, þar sem Drottinn talaði við Móse í eldsloganum, en á þeim stað eru margir einsetumannabústaðir og kirkja í dalbotninum. Fyrir framan kirkjuna er yndislegur garður með gnægð af ljúffengu vatni og í garðinum stendur þyrnirunninn. 8. Þeir bentu líka á stað rétt hjá þar sem heilagur Móse stóð þegar Drottinn sagði við hann: „Drag skó þína af fótum þér,“ og svo framvegis.<sup>187</sup> Þegar við komum þangað var runnin upp tíunda stund og þar sem áliðið var orðið gátum við ekki neytt sakramentis. En við báðumst fyrir í kirkjunni og sömuleiðis í garðinum hjá þyrnirunninum og lásum einnig úr viðeigandi kafla í bók Móse venju samkvæmt. Þar sem liðið var á daginn mötuðumst við með hinum heilögu mönnum í garðinum hjá þyrnirunninum og síðan gistum við þar. Daginn eftir fórum við snemma á fætur og báðum prestana útdeila sakramentinu sem þeir gerðu.

- V. 1. Leið okkar lá um miðjan dalinn sem teygði úr sér framundan, en eins og ég nefndi að ofan er þetta dalurinn þar sem börn Ísraels settu upp búðir meðan Móse fór upp á fjall Guðs og kom niður aftur. Hinir heilögu menn sýndu okkur alla markverða staði á leið okkar eftir dalnum endilöngum. 2. Í dalbotninum, þar sem við höfðum gist og séð þyrnirunnann þar sem Guð talaði í eldsloganum við heilagan Móse, sáum við einnig staðinn þar sem heilagur Móse hafði staðið fyrir framan þyrnirunnann þegar Guð sagði við hann: „Drag skó þína af fótum þér því að staðurinn, sem þú stendur á, er heilög jörð.“<sup>188</sup> 3. Eftir að við sögðum skilið við þyrnirunnann héldu þeir áfram að sýna okkur aðra markverða staði. Þeir sýndu okkur staðinn þar sem búðir Ísraelsbarna voru dagana sem Móse var á fjallinu. Einnig staðinn þar sem kálfurinn var steypur,<sup>189</sup> því að á þeim stað stendur skorðaður stór steinn

---

<sup>186</sup> Klukkan fjögur.

<sup>187</sup> Önnur Mósebók, 3, 5.

<sup>188</sup> Önnur Mósebók, 3, 5.

<sup>189</sup> Sama rit, 32, 4.

allt fram á þennan dag. 4. Á göngunni blasti við okkur tindur fjallsins sem gnæfði yfir öllum dalnum, en þaðan sá Móse börn Ísraels stíga dansinn þá er þau höfðu gert kálfinn. Þeir sýndu okkur stóran stein þar sem heilagur Móse kom niður af fjallinu ásamt Jósúa Núnssyni,<sup>190</sup> en á þessum steini molaði hann í bræði steintöflunar sem hann hafði í höndum sér.<sup>191</sup> 5. Þeir sýndu okkur að þau höfðu öll átt bústaði í þessum dal, og enn þann dag í dag sjást undirstöður þessara bústaða í hringlaga grjóthrúgunum. Þeir sýndu okkur hvar heilagur Móse bauð Ísraelsbörnum að hlaupa frá einu hliði til annars þegar hann var kominn af fjallinu.<sup>192</sup> 6. Þeir sýndu okkur sömuleiðis staðinn þar sem heilagur Móse skipaði að kálfurinn, sem Aron hafði gert handa þeim, yrði brenndur.<sup>193</sup> Þeir sýndu okkur uppsprettuna sem heilagur Móse lét Ísraelsbörn drekka úr, eins og skrifað stendur í annarri Mósebók.<sup>194</sup> 7. Þeir sýndu okkur staðinn þar sem öldungarnir sjöftu fengu dálítið af anda Móse.<sup>195</sup> Jafnframt staðinn þar sem Ísraelsbörn langaði í kjöt<sup>196</sup> og sömuleiðis staðinn sem nefnist *Bruni* því að þar brann hluti herbúðanna uns eldurinn slokknaði fyrir bæn heilags Móse.<sup>197</sup> 8. Þá sýndu þeir okkur staðinn þar sem rigndi manna og lynghænsnum.<sup>198</sup> Og þannig sýndu þeir okkur allt sem gerðist í dalnum sem ég sagði að væri undir fjalli Guðs, hinu heilaga Sínáí fjalli, og helgar bækur Móse greina frá. Frásögn mín af öllu þessu er orðin löng og ómögulegt að leggja það allt á minnið, en þegar þið, mínar kærur,<sup>199</sup> lesið helgar bækur Móse munuð þið eiga auðveldara með að sjá fyrir ykkur allt sem gerðist. 9. Í þessum dal voru páskar haldnir hátíðlegir þegar ár var liðið frá brottför Ísraelsbarna frá Egyptalandi, því að í honum bjuggu Ísraelsbörn um hríð meðan heilagur Móse gekk upp á fjall Guðs og aftur niður í fyrsta og annað sinn. Þau dvöldu

---

<sup>190</sup> Egería kallar hann Jesú Naveson en það mun vera villa sem slæddist einnig inn í *Vúlgötu* úr einhverju handriti sjötíumannaþýðingarinnar. Arias Abellán, bls. 83.

<sup>191</sup> Önnur Mósebók, 32, 19.

<sup>192</sup> Sama rit, 32, 27.

<sup>193</sup> Sama rit, 32, 20.

<sup>194</sup> Sama rit, 17, 6.

<sup>195</sup> Fjórða Mósebók, 11, 25.

<sup>196</sup> Sama rit, 11, 4.

<sup>197</sup> Sama rit, 11, 1-3.

<sup>198</sup> Sama rit, 11, 9-10.

<sup>199</sup> „affectio uestra“ mun vera algengt orðalag til að tjá væntumþykju og virðingu. Arias Abellán, 84, nmgr. 61.



þar meðan verið var að reisa samkundutjaldið og gera allt það sem birtist á fjalli Guðs. Við sáum staðinn þar sem Móse reisti samkundutjaldið fyrsta sinni og gerði allt sem Guð hafði boðið honum að gera á fjallinu.<sup>200</sup> 10. Í hinum enda dalsins sáum við einnig grafir hinna gráðugu á staðnum sem við vorum nú aftur komin á. Nú gengum við út úr þessum mikla dal og héldum áfram ferðinni sömu leið og við komum milli fjallaveggjanna sem ég sagði frá hér að ofan. Þennan sama dag hittum við einnig þá afar heilögu munkka sem sakir aldurs eða hrumleika höfðu ekki getað komið til að neyta sakramentis á fjalli Guðs. Þegar við komum að bústöðum þeirra tóku þeir á móti okkur af mikilli ljúfmennsku. 11. Þegar við höfðum séð alla þá helgu staði sem við höfðum óskað eftir, og sömuleiðis alla þá staði sem Ísraelsbörn höfðu haft viðkomu á á göngu sinni að fjalli Guðs og til baka, og þar að auki hitt alla þá helgu menn sem búa þar, snerum við í Guðs nafni aftur til Paran. 12. Þó að mér beri ævinlega að þakka Guði fyrir allt og ekki síst þá mörgu og merkilegu hluti sem ég verðskuldaði ekki en hann náðarsamlegast veitti mér óverðugri með því að gera mér kleift að komast á alla þessa staði, get ég ekki heldur þakkað nógsamlega öllum þeim helgu mönnum sem voru svo elskulegir að taka með svo glöðu geði á móti svo ómerkilegri manneskju sem mér í einsetumannabústöðum sínum eða fylgja mér á alla staðina sem ég sóttist stöðugt eftir að komast á með hliðsjón af Heilagri ritningu. Flestir þeirra helgu manna, sem bjuggu á fjalli Guðs eða hjá því og voru nægilega hraustir, voru svo elskulegir að fylgja okkur til Paran.

- VI. 1. Þegar við komum til Paran, sem er þrjátíu og fimm mílur frá fjalli Guðs, þurftum við að dvelja þar tvo daga til að safna kröftum. Snemma morguns á þriðja degi héldum við á áningarstaðinn í Paran-eyðimörkinni, þar sem við gistum áður, eins og ég sagði ykkur frá að ofan.<sup>201</sup> Daginn eftir lögðum við aftur af stað þegar við höfðum birgt okkur upp af vatni og fórum nokkurn spöl á milli fjallanna uns við komum á áningarstaðinn við hafið, þar sem komið er út á milli fjallanna og gengið áfram meðfram ströndinni, stundum svo nálægt

---

<sup>200</sup> Önnur Mósebók, 40, 17.

<sup>201</sup> Í glataða hluta handritsins. Sjá þó Egería II, 4.

sjónum að öldurnar skella á fótum reiðskjótanna, í önnur skipti liggur leiðin um eyðimörkina, hundrað eða tvö hundruð, stundum yfir fimm hundruð skref frá hafinu því þar er enginn vegur heldur er þar ekkert nema eyðimerkursandur. 2. Eyðimerkurbúarnir, sem eru vanir að fara hér um á kameldýrum sínum, setja upp merki með vissu millibili og nota þau sem leiðarmerki þegar þeir ferðast á daginn. Á næturnar fylgja kameldýrin merkjunum. Og hvað get ég sagt ykkur fleira? Eyðimerkurbúarnir ferðast hér um slóðir að næturlagi af meiri hraða og öryggi en aðrir menn um greiðfæra vegi. 3. Þegar við komum til baka frá fjöllunum komum við út á sama stað og við höfðum farið inn á milli þeirra og vorum aftur við hafið. Þegar Ísraelsbörn komu til baka frá fjalli Guðs, Sínaíffjalli, fóru þau líka sömu leið til baka og komu út á sama stað og við gerðum þegar við lögðum fjöllin að baki og komum aftur að Rauða hafinu. Þaðan héldum við sömu leið og við höfðum komið, en börn Ísraels héldu sína leið frá þessum stað eins og bækur heilags Móse greina frá.<sup>202</sup> 4. Við fórum aftur til Klysma sömu leið og um sömu áningarstaði og áður. En þegar við komum til Klysma þurftum við aftur að safna kröftum, enda höfðum við farið yfir mikla sandauð.

VII. 1. Ég þekkti nú þegar landið Gósen<sup>203</sup> frá því að ég fór í fyrsta sinn til Egyptalands, en mig langaði til að sjá alla staðina sem Ísraelsbörn höfðu haft viðkomu á á leiðinni frá Ramses að Rauða hafinu, þangað sem nú heitir Klysma eftir virkinu sem þar er, og vildi að við færum frá Klysma til landsins Gósen og til borgar sem heitir Arabía og er í Gósenlandi. Þess vegna er þetta landsvæði ýmist kallað Arabía eða Gósenland, og þó að það sé hluti af Egyptalandi er það betra en allt Epyptaland. 2. Frá Klysma, það er að segja frá Rauða hafinu til Arabíu, eru fjórir áningarstaðir í eyðimörkinni, en þannig dreift um eyðimörkina að á hverjum áningarstað<sup>204</sup> er virki með hermönnum og foringjum, sem fylgdu okkur alltaf frá einu virki til annars. Í þessari ferð sýndu þeir helgu menn sem voru með í för, prestar og munkar, okkur alla þá

<sup>202</sup> Fjórða Mósebók, 10, 12; 33, 16.

<sup>203</sup> Egería kallar landið ýmist Gesse, Gessen, Iesse eða Iesse.

<sup>204</sup> Egería segir *monasteria* um þessi virki hermannanna sem vörðu austurlandamæri Egyptalands fyrir arabískum hirðingjum, Arce, bls. 203.

staði sem ég spurðist fyrir um með hliðsjón af Ritningunni. Þessir staðir voru ýmist á vinstri hönd eða þá hægri, sumir voru langt úr leið, aðrir í grenndinni.

3. Ég vil að þið trúið mér, mínar kærur, en ég sá ekki betur en að börn Ísraels hefðu tekið stefnuna til hægri og síðan gengið sömu vegalengd til vinstri, eða beint af augum og síðan jafnlangt til baka; og þannig miðaði þeim áfram uns þau komu að Rauða hafinu. 4. Þeir bentu okkur einnig á borgina Epauleum<sup>205</sup> framundan, og síðan komum við til Magdalum.<sup>206</sup> Þar er virki núna með foringja og hermönnum, en hann ræður þar ríkjum í nafni Rómaveldis. Og samkvæmt venju var okkur fylgt þaðan í næsta virki. Þeir sýndu okkur Baal Sefón og við fórum þangað. Það er slétta við Rauða hafið, við hliðina á fjallinu sem ég hef sagt frá, þar sem börn Ísraels hrópuðu er þau sá Egypta sækja fram á eftir þeim.<sup>207</sup> 5. Þeir sýndu okkur líka Etam, sem er hjá eyðimörkinni eins og skrifað stendur,<sup>208</sup> og einnig Súkkót. Súkkót er fremur lág hæð í miðjum dalnum en hjá henni settu Ísraelsbörn upp búðir og þar tóku þau á móti lögnum um páskahaldið.<sup>209</sup> 6. Á leiðinni bentu þeir okkur á borgina Pítóm, en hana reistu Ísraelsbörn<sup>210</sup> og þar gengum við inn á egypskt landsvæði en lögðum lönd Serkja að baki. Pítóm er núna virki. 7. Heróborg var borg fyrr á tímum og þar fór Jósef á móti föður sínum Jakobi þegar hann kom eins og ritað stendur í Fyrstu Mósebók.<sup>211</sup> Núna er Heró þorp, reyndar svo stórt að við getum kallað það bæ.<sup>212</sup> Í þessum bæ er kirkja og grafir píslarvotta<sup>213</sup> og margir einsetumannabústaðir heilagra munka. Til að sjá þetta allt þurftum við að stíga af baki eins og við vorum vön að gera. 8. Nú er þessi bær nefndur Heró og er sextán mílur frá Gósenlandi, á egypsku landsvæði. Þetta er afar aðlaðandi bær því að þverá úr Nílarfljóti rennur þar um. 9. Við

<sup>205</sup> Þannig nefnd í sjöttúmannabýðiguni. Arce, bls. 205; Arias Abellán, bls. 90. Pí Hakírót. Önnur Mósebók, 14, 2

<sup>206</sup> Migdól, Önnur Mósebók, 14, 2.

<sup>207</sup> Sama rit, 14, 10.

<sup>208</sup> Sama rit, 13, 20.

<sup>209</sup> Sama rit, 12, 43.

<sup>210</sup> Sama rit, 1, 11.

<sup>211</sup> Fyrsta Mósebók, 46, 29.

<sup>212</sup> „nunc est come, sed grandis, quod nos dicimus uicus.“ Arce, bls. 204. Hér sem oftast notar Egería grískt hugtak, „come“ og þýðir síðan á latínu, „uicus“. Þetta bendir til að hún hafi kunnað grísku.

<sup>213</sup> „martyria“, þetta mætti líka kalla dýrlingagrafir.

lögðum af stað frá Heró til borgar sem nefnist Arabía, hún er í landinu Gósen, en um það stendur skrifað faraó hafi sagt við Jósef: „Láttu föður þinn og bræður búa þar sem landkostir eru bestir. Þeir mega búa í Gósenlandi, í landinu Arabía.“<sup>214</sup>

VIII. 1. Frá borginni Arabíu eru fjórar mílur til Ramses. En til að komast á áningarstaðinn í Arabíu fórum við um Ramses.<sup>215</sup> Borgin Ramses er núna bersvæði og þar eru engir bústaðir. En það er augljóst að hún hefur verið stór og mörg hús hafa verið í borginni, því að rústirnar á jörðinni virðast endalausar. 2. Nú er þarna ekkert nema gríðarstór steinn frá Þebais sem tvö stór líkneski hafa verið höggvin í og sagt er að séu af hinum helgu mönnum Móse og Aroni. Sagt er að börn Ísraels hafi sett þær upp þeim til heiðurs. 3. Þar er einnig mórþíkjutré sem sagan segir að ættfeðurnir hafi gróðursett; það er afar gamalt og þess vegna mjög renglulegt, en samt ber það enn ávöxt. Sé einhver veikur fer hann þangað og tínir af því sprota og hefur gagn af. 4. Þetta fræddumst við um hjá heilögum biskupinum í Arabíu. Hann sagði okkur gríska heitið á trénu, nefnilega *dendros alethiae*, sem við myndum kalla „tré sannleikans“. Þessi heilagi biskup var svo elskulegur að ganga til fundar við okkur í Ramses. Hann er roskinn maður sem hefur lifað afar guðræknu lífi allar götur síðan hann var munkur. Alúðlegur er hann og tekur sérlega vel á móti pílagrímunum. Hann er einnig afar lærður í Heilagri ritningu. 5. Hann lagði það á sig að koma og hitta okkur og síðan sýndi hann okkur allt og sagði okkur frá styttnum sem ég nefndi, rétt eins og mórþíkjutrénu. Heilagur biskupinn sagði okkur líka frá því að þegar faraó sá að Ísraelsbörn höfðu yfirgefið hann fór hann áður en hann veitti þeim eftirför með allan her sinn inn í Ramses, bar eld að allri þeirri stóru borg, og eftir það lagði hann af stað á eftir Ísraelsbörnum.

IX. 1. Það var ánægjuleg tilviljun að daginn sem við komum á áningarstaðinn í Arabíu var aðfangadagur hins heilaga dags guðdómsbirtingarinnar<sup>216</sup> og

<sup>214</sup> Fyrsta Mósebók, 47, 6., „í landinu Arabía“ er viðbót Egeríu.

<sup>215</sup> Þessi leið sem hún lýsir er nokkur óljós þar sem Ramses var fyrir norðan Arabíu, en e.t.v. lögðu þau lykkju á leið sína. Arias Abellán, bls. 92.

<sup>216</sup> *epiphania*, 6. janúar.

pennan dag átti að halda vöku í kirkjunni. Heilagur biskupinn hélt okkur þarna í tvo daga, en hann er helgur maður og sannkallaður guðsmaður sem ég hafði kynnst vel þegar ég var í Þebais. 2. Þessi heilagi biskup hafði verið munkur og var alinn upp hjá munkum frá ungaaldri; þess vegna er hann eins fróður um Ritninguna og hann er vammlaus, eins og ég sagði hér að ofan. 3. Þarna kvöddum við nú hermennina sem höfðu samkvæmt rómverskum lögum fylgt okkur meðan við fórum um hættusvæði. Nú tók við þjóðvegur um Egyptaland gegnum borgina Arabíu frá Þebais til Pelúsíum, svo að við þurftum ekki lengur að ómaka hermennina. 4. Við lögðum af stað og leið okkar yfir Gósen lá um breiður af vínvíði sem gefur vínber og öðrum sem gefur balsam,<sup>217</sup> innan um aldingarða og akra og fjölda jurtagarða, allan tímann meðfram bökkum Nílarfljóts, og yfir margar jarðir sem höfðu forðum verið lönd Ísraelsbarna. Og hvað get ég fleira sagt? Ég held ég hafi aldrei séð eins fagurt land og Gósen. 5. Og þannig gengum við frá borginni Arabíu í tvo daga um landið Gósen og komum til Tathnis, borgarinnar þar sem heilagur Móse fæddist.<sup>218</sup> Borgin Tathnis var höfuðborg faraós fyrr á tímum. 6. Eins og ég sagði hér að ofan hafði ég þegar komið á þessar slóðir þegar ég fór til Alexandríu og Þebais, en mig langaði að kynnast nánar þeim stöðum sem Ísraelsbörn fóru um á leið sinni frá Ramses að fjalli Guðs, hinu helga Sínaí fjalli, og þess vegna þurfti ég að fara aftur til Gósen og þaðan til Tathnis. Við fórum frá Tathnis um kunnuglegar slóðir og komum til Pelúsíum. 7. Þaðan lá leið okkar aftur um egypsku áningarstaðina sem við höfðum áður haft viðkomu á og að landamærum Palestínu. Þaðan fór ég í nafni Krists Drottins vors nokkrar dagleiðir um Palestínu og kom aftur til Aelia,<sup>219</sup> það er að segja, Jerúsalem.

- X. 1. Að nokkrum tíma liðnum langaði mig fyrir vilja Guðs að ganga á fjallið Nebó í Arabíu, sem Guð skipaði Móse að klífa og sagði: „Farðu upp á Arabotfjall, fjallið Nebó í Móabslandi, gegnt Jeríkó, og horfðu yfir

<sup>217</sup> Um er að ræða tré sem líkist mjög vínvíði. Arias Abellán, bls. 95, nmgr. 104.

<sup>218</sup> Hér ruglar Egería líklega saman borgunum Tathnis og Tanis í Biblíunni sem var norðar og vestar. Arias Abellán: 95, nmgr. 106.

<sup>219</sup> Aelia Capitolina, sem Hadríanus keisari endurreisti, hét þessu nafni innan stjórnsýslunnar. Williamson, bls. 118, nmgr. 3.

Kanaansland sem ég fæ Ísraelsmönnum til eignar. Þú átt að deyja á þessu fjalli sem þú gengur upp á.<sup>220</sup> 2. Og Drottinn vor Jesús, sem yfirgefur aldrei þá sem leggja traust sitt á hann, var svo góður að uppfylla einnig þessa ósk mína. 3. Við lögðum af stað frá Jerúsalem í fylgd heilagra manna, prests og djákna frá Jerúsalem og nokkurra bræðra eða munkna. Við komum á staðinn þar sem börn Ísraels höfðu farið yfir Jórdan, þegar heilagur Jósúa Núnsson leiddi þau yfir ána, eins og skrifað stendur í bók Jósúa Núnssonar.<sup>221</sup> Þeir bentu okkur á stað sem stendur nokkru hærra, þar sem niðjar Rúbens og Gaðs og hálfur ættbálkur Manasse hafði reist altari á árbakkanum þar sem Jeríkó stendur.<sup>222</sup> 4. Þegar við vorum komin yfir ána komum við að borg sem heitir Livias og er þar sem Ísraelsbörn settu upp búðir sínar í þá daga. Enn þann dag í dag sjást á þessum stað undirstöður búðanna og bústaðanna þar sem þau bjuggu. Þessi mikla slétta er við rætur Arabíufjalla fyrir ofan Jórdan. Um þennan stað stendur skrifað: „Ísraelsmenn syrgðu Móse á sléttu<sup>223</sup> Móabs og Jórdanar gegnt Jeríkó í fjörutíu daga.<sup>224</sup> 5. Á þessum stað fylltist Jósúa Núnsson vísdomsanda strax eftir dauða Móse, því að Móse hafði lagt hendur sínar yfir hann, eins og skrifað stendur.<sup>225</sup> 6. Á þessum stað ritaði Móse fimmtu bók sína.<sup>226</sup> Og á þessum stað flutti Móse öllum söfnuði Ísraels orð ljóðsins alveg til enda, eins og ritað er bók hans.<sup>227</sup> Á þessum sama stað blessaði heilagur Móse, maður Guðs, Ísraelsbörn hvert af öðru fyrir dauða sinn.<sup>228</sup> 7. Þegar við komum á sléttuna gengum við á þennan stað og er við höfðum beðist fyrir var lesinn viðeigandi kafli úr fimmtu bók Móse og sömuleiðis ljóð hans og blessunarorðin sem hann fór með yfir Ísraelsbörnum. Eftir upplesturinn

<sup>220</sup> Fimmta Mósebók, 32, 49-50. Egería segir Arabot í staðinn fyrir Abarímfjall.

<sup>221</sup> Jósúabók, 3. Egería kallar hann sem fyrr Jesús Naveson.

<sup>222</sup> Sama rit, 22, 9-34.

<sup>223</sup> „in Arabot Moab et Iordane“. Arce þýðir „Móabssléttu“, Williamson og Arias Abellán, „Arabot Móabs“.

<sup>224</sup> Í íslensku þýðingunni (og sjöttíumannaþýðingunni og Vúlgötu) á fimmtu Mósebók, 34, 8 stendur: „í þrjátíu daga.“ Egería vitnar ef til vill í Biblíuna eftir minni en Joseph Ziegler (*Biblica*, 1931) hefur fært rök að því að hún hafi raunverulega lesið þetta í sinni Biblíu með því að vísa í nokkur handrit, hliðstæða kafla, rit kirkjuféðranna og helgisíðabækur. Arce, bls. 213, nmgr. 32a; Arias Abellán, bls. 98, nmgr. 119.

<sup>225</sup> Fimmta Mósebók, 34, 9.

<sup>226</sup> Sama rit 31, 24.

<sup>227</sup> Sama rit, 31, 30; 32, 1-43. Egería segir „Deuteronomii“ en mér finnst fara illa á því að segja „fimmtu bók hans“.

<sup>228</sup> Sama rit, 33.

báðumst við aftur fyrir, þökkuðum Guði og héldum á brott. Við höfðum það alltaf fyrir venju að þegar við komum á stað sem við vildum skoða báðumst við fyrst fyrir, því næst var lesinn viðeigandi kafli úr Biblíunni, þá sunginn sálmur við hæfi, og eftir það báðumst við fyrir aftur. Þessari venju fylgdum við ævinlega með Guðs hjálp, í hvert sinn sem við komum á stað sem okkur langaði að sjá. 8. Til að ljúka því verki sem við höfðum hafið flýttum við okkur að Nebófjalli. Á leiðinni þáðum við ráð frá presti staðarins, það er að segja í Livias, en fyrir bænastað okkar fór hann að heiman og fylgdi okkur þar sem hann var betur kunnugur svæðinu. Þessi prestur sagði við okkur: „Ef þið viljið sjá vatnið streyma fram úr klettinum, það er að segja vatnið sem Móse gaf þyrstum Ísraelsbörnum að drekka,<sup>229</sup> getið þið það ef þið treystið ykkur til að taka á ykkur krók í grennd við sjötta mílustein.“ 9. Þegar hann sagði þetta fylltumst við strax löngun til að fara þangað og vikum af leið á eftir prestinum sem vísaði okkur veginn. Á þessum stað er lítil kirkja við fjallsrætur, ekki fjallsins Nebó, heldur annars fjalls sem er innar en ekki mjög langt frá Nebó. Þarna búa margir sannarlega heilagir munkar sem hér eru kallaðir meinlætamenn.<sup>230</sup>

- XI. 1. Þessir heilögu munkar tóku á móti okkur af mikilli ljúfmennsku og leyfðu okkur að ganga inn og heilsa upp á þá. Þegar við komum inn til þeirra báðust þeir fyrir með okkur og voru svo vinsamlegir að gefa okkur blessunargjafir<sup>231</sup> eins og þeir eru vanir að gefa þeim sem þeir taka á móti af gestrisni. 2. Úr klettinum milli kirkjunnar og einsetumannabústaðanna streymir fram mikið vatn, afar tært og hreint, og einstaklega bragðgott. Við spurðum hina heilögu munku sem bjuggu þarna, hvaða ákaflega bragðgóða vatn þetta væri. Þeir svöruðu: „Þetta er vatnið sem heilagur Móse gaf Ísraelsbörnum í eyðimörkinni.“ 3. Að venju báðumst við fyrir og lásum viðeigandi kafla úr Mósebókunum, sungum sálm og lögðum síðan af stað að fjallinu ásamt heilögum prestunum og munkunum sem höfðu komið með okkur. Margir hinna helgu munku, sem þarna bjuggu hjá vatninu og voru svo vel á sig

<sup>229</sup> Fjórða Mósebók, 20, 11

<sup>230</sup> *ascites*.

<sup>231</sup> *eulogias*.

komnir að þeir gátu lagt á sig erfiðið, voru svo elskulegir að ganga upp fjallið Nebó með okkur. 4. Við lögðum af stað og komum að rótum Nebófjalls. Það er afar hátt en langleiðina er hægt að komast á asna; aðeins svolítill spölur var svo brattur að hann varð að fara fótgangandi, og gerðum við það með erfiðismunum.

- XII. 1. Við komumst upp á fjallið Nebó en þar stendur nú á dögum fremur lítil kirkja á sjálfum tindi þess. Hjá predikunarstólnum inni í kirkjunni sá ég svolitla upphækkun, á stærð við gröf. 2. Ég spurði hina heilögu menn hvað þetta væri og þeir svöruðu: „Hingað fóru englarnir með Móse því að skrifað stendur, „enginn veit hvar gröf hans er“.<sup>232</sup> Þess vegna leikur enginn vafi á að englarnir jörðuðu hann. Gröfin, sem hann var lagður í, hefur aldrei sést. En eins og forverar okkar, sem dvöldu hérna, sýndu okkur þennan stað sýnum við ykkur hann, og þeir kváðu forvera sína hafa sagt þeim söguna á þennan hátt.“
3. Síðan báðumst við fyrir og gerðum allt sem við erum vön að gera á helgum stöðum í sinni vanalegu röð. Eftir það bjuggumst við til að ganga út úr kirkjunni. Þeir sem voru kunnugir á þessum slóðum, það er að segja prestarnir og hinir helgu munkar, sögðu þá við okkur: „Ef ykkur langar að sjá staðina sem lýst er í Mósebókunum skuluð þið ganga út um kirkjudyrnar og horfa vel í kringum ykkur ofan af fjallstindinum þeim megin sem útsýnið er. Við skulum segja ykkur hvaða staðir það eru sem þið sjáið.“ 4. Við þetta glöddumst við mjög og gengum undireins út. Úr sjálfum kirkjudyrnum sáum við staðinn þar sem Jórdan rennur út í Dauðahafið, okkur sýndist hann vera beint fyrir neðan okkur þar sem við stóðum. Framundan sáum við ekki aðeins Livias okkar megin við Jórdan, heldur einnig Jeríkó sem er á hinum árbakkanum, svo hátt gnæfði staðurinn þar sem við stóðum fyrir utan kirkjudyrnar. 5. Við sáum einnig meginhluta Palestínu, sem er fyrirheitna landið, og sömuleiðis allan Jórdandalinn eins langt og augað eygði. Á vinstri hönd sáum við öll lönd Sódóma og sömuleiðis Sóar,<sup>233</sup> en hún er sú eina af borgunum fimm sem stendur enn. 6. Þar má enn sjá minnisvarða en aftur á

---

<sup>232</sup> Fimmta Mósebók, 34, 6.

<sup>233</sup> *Segor*, segir Egería.



móti er ekkert eftir af hinum borgunum nema rústir einar því að þær voru brenndar til kaldra kola. Þeir bentu okkur líka á staðinn þar sem saltstólpi konu Lots var, en um hann má lesa í Ritningunni.<sup>234</sup> 7. En trúið mér, æruverðugu frúr, sjálfur saltstólpinn sést ekki lengur, þeir bentu aðeins á staðinn þar sem hann stóð. Sjálfur saltstólpinn er sagður hafa farið á kaf í Dauðahafið. Svo mikið er víst að þegar við förum þangað sáum við ekki neinn saltstólpa og ég ætla ekki að blekkja ykkur í þeim efnum. Biskup staðarins, það er að segja í Sóar, sagði okkur að saltstólpinn hefði ekki sést í allmörg ár. Staðurinn, þar sem saltstólpinn stóð, var um það bil sex mílur frá Sóar, nú er það allt komið undir vatn. 8. Síðan gengum við að hægri útvegg kirkjunnar og þar bentu þeir okkur á tvær borgir framundan, Hesbon, sem tilheyrði Síhon konungi, konungi Amoríta,<sup>235</sup> og er nú kölluð Exebon, og aðra borg, sem tilheyrði Óg konungi í Basan og heitir núna Sasdra. Þarna var okkur einnig bent á Fogor framundan, sem var borg í ríkinu Edóm. 9. Allar þessar borgir sem við sáum voru í fjöllum en litlu neðar sáum við sléttu. Okkur var sagt að þegar heilagur Móse eða Ísraelsbörn voru að herja á borgirnar hefðu þau sett upp búðir sínar þar og að enn sæjust menjar um búðir. 10. Þeim megin á fjallinu sem ég hef sagt vera á vinstri hönd, fyrir ofan Dauðahafið, var okkur bent á þverhnipt fjall sem áður fyrr var kallað *Agri specula*. Þetta er fjallið sem Balak Beórsson<sup>236</sup> gekk á með spámanninn Bíleam til að hann formælti Ísraelsbörnum, en Guð vildi ekki leyfa það eins og skrifað stendur.<sup>237</sup> 11. Þegar við höfðum séð allt sem okkur langaði að sjá snerum við aftur í Guðs nafni til Jerúsalem um Jeríkó og sömu leið og við höfðum komið.

XIII. 1. Eftir nokkra hríð langaði mig að sjá gröf heilags Jobs í héraðinu Ausitis<sup>238</sup> og biðjast fyrir þar. Ég hafði séð marga heilaga munka sem komu þaðan til Jerúsalem til að biðjast fyrir á helgum stöðum. Þegar þeir sögðu mér frá öllu á þessum slóðum kveikti það hjá mér vaxandi löngun til að leggja á mig það

<sup>234</sup> Fyrsta Mósebók, 19, 26.

<sup>235</sup> Fjórða Mósebók, 26.

<sup>236</sup> Balak var Sippórsson en Bíleam Beórsson í fjórðu Mósebók, 22, 4-5. Evsebíus kallar hann aftur á móti Beórsson í *Onomasticon* og trúlega hafa munkarnir stuðst við það rit til sýna ferðamönnum umhverfi Nebófjalls. Williamson, bls. 124, nmgr. 2.

<sup>237</sup> Fjórða Mósebók, 23, 13. *Agri Specula*, „Varðturn vallarins“, heitir Pisgatindur í íslensku Biblíunni.

<sup>238</sup> Úsland, Jobsbók, 1.

erfiði að fara þangað, ef erfiði skyldi það kallast að sjá óskir sínar rætast. 2. Ég lagði þess vegna af stað frá Jerúsalem með helgum mönnum sem voru svo elskulegir að fylgja mér í þessa ferð og vildu sjálfir biðjast fyrir á þessum slóðum. Ferðin frá Jerúsalem til Karneas er átta dagsferðir. Borg Jobs er nú nefnd Karneas, áður hét hún Dínhaba í Úslandi, við landamæri Ídúmeu og Arabíu. Á leiðinni sá ég afar fagan og dásamlegan dal við bakka árinna Jórdan, auðugan að vínviðargörðum og trjám, því að þarna var mikið og sérlega gott vatn. 3. Í þessum dal var stór bær sem nú heitir Sedíma. Þessi bær stendur á miðri sléttunni og í honum miðjum er fremur lítill hóll, í laginu eins og stór gröf. Uppi á honum stendur kirkja, og fyrir neðan, umhverfis sjálfan hólinn, sjást miklar og fornar undirstöður. Nú á dögum búa fáir í bænum. 4. Þegar ég sá hvað þetta var viðkunnanlegur staður spurði ég hvaða notalegi bær þetta væri. Mér var sagt: „Þetta er borg Melkísedeks konungs, hún hét áður Salem en nafnið breyttist og nú heitir bærinn Sedíma. Byggingin sem þú sérð uppi á hólnum í bænum miðjum er kirkja sem heitir nú á grísku *Opu Melkísedek*<sup>239</sup> því að á þessum stað færði Melkísedek Guði hreinar fórnir, það er að segja, brauð og vín, eins og skrifað stendur að hann hafi gert.“<sup>240</sup>

XIV. 1. Jafnskjótt og ég heyrði þetta stigum við af baki og viti menn, heilagur prestur bæjarins var svo ljúfmannlegur að koma á móti okkur ásamt öðrum klerkum og jafnskjótt og þeir höfðu heilsað okkur fylgdu þeir okkur upp í kirkjuna. Þegar við vorum komin þangað fórum við fyrst með bæn samkvæmt venju; því næst var lesinn viðeigandi kafli úr bók heilags Móse; sömuleiðis var fluttur sálmur sem hæfði þessum stað, og þegar við höfðum beðist fyrir öðru sinni gengum við niður. 2. Þegar við vorum komin niður sagði hinn heilagi prestur, sem var gamall maður og vel lesinn í Ritningunni og hafði verið umsjónarmaður staðarins frá því að hann var enn munkur, en eins og við komumst að síðar gáfu margir biskupar líferni hans glæsilegan vitnisburð og sögðu hann þess fyllilega verðugan að hafa umsjón með þessum stað þar sem heilagur Melkísedek bar fyrstur fram hreina fórn til Guðs er heilagur Abraham

<sup>239</sup> „hjá Melkísedek“, þ.e. staður hans.

<sup>240</sup> Fyrsta Mósebók, 14, 18.

kom hingað; þegar við höfðum gengið niður frá kirkjunni, eins og ég sagði hér að ofan, mælti heilagur presturinn: „Þessar undirstöður sem þið sjáið umhverfis þennan hól eru úr höll Melkisedeks konungs. Ef einhver vill koma sér upp húsi hérna í grenndinni og rekst á þessar undirstöður, finnur hann enn þann dag í dag öðru hverju lítil brot úr silfri og málm. 3. Og þessi vegur sem þið sjáið milli árinna Jórdan og bæjarins er vegurinn sem heilagur Abraham gekk eftir þegar hann hafði drepit Kedorlaómer<sup>241</sup> konung Lýðsins og kom til baka frá Sódómu og heilagur Melkisedek, konungur í Salem, gekk á móti honum.<sup>242</sup>

- XV. 1. Þá minntist ég þess þess að skrifað stendur að heilagur Jóhannes hafi skírt í Aínon nálægt Salím<sup>243</sup> og spurði hversu langt væri á þann stað. Þá svaraði heilagur presturinn: „Hann er 200 skref héðan. Ef þú vilt skal ég ganga með ykkur þangað núna. Þetta mikla og hreina vatn sem þú sérð hérna í bænum kemur frá þeirri uppsprettu.“ 2. Ég þakkaði honum undireins fyrir og bað hann fylgja okkur á staðinn, og var það auðsótt. Við gengum strax af stað með honum um allan þennan dásamlega dal, uns við komum að sérlega yndislegum aldingarði og í honum miðjum benti hann okkur á uppsprettu með afar góðu og hreinu vatni sem streymdi þar fram. Fyrir framan uppsprettuna var eins konar tjörn og þar virðist Jóhannes skírari hafa skírt. 3. Þá sagði heilagur presturinn: „Enn þann dag í dag er þessi garður kallaður *cepos tu agiu Iohanni* á grísku, það er „garður heilags Jóhannesar“, eins og þið segið á latínu. Hingað koma nefnilega margir bræður, heilagir munkar frá ýmsum stöðum, til að lauga sig á þessum stað.“ 4. Því næst báðumst við aftur fyrir við uppsprettuna, eins og á öllum stöðum, og lesið var upp úr viðeigandi kafla í Ritningunni, við sungum einnig sálm við hæfi, og gerðum allt það sem við vorum vön að gera hvarvetna sem við komum á helga staði. 5. Heilagur presturinn sagði okkur jafnframt að um páskana tíðkaðist það enn þann dag í dag að allir þeir sem átti að skíra í þessum bæ, það er að segja í kirkjunni sem

---

<sup>241</sup> Quodollogomor, segir Egería, Arce, bls. 224. Samkvæmt Arias Abellán er sú mynd heitisins í *Vetus Latina (Chodorlagomor)* og sjöftumannaþýðingunni (*Chodollogomor*), bls. 108, nmgr. 154.

<sup>242</sup> Fyrsta Mósebók, 14, 17–18

<sup>243</sup> Jóhannesarguðspjall, 3, 23

kölluð er *Opu Melkisedek*, væru ævinlega skírðir í þessari uppsprettu; síðan kæmu þeir strax til baka ásamt prestunum og munkunum, héldu á logandi kertum og syngju sálma og víxlsöngva á leiðinni, og þannig væri öllum þeim sem hefðu hlotið skírni fylgt frá uppsprettunni til kirkju heilags Melkisedeks. 6. Þegar við höfðum þegið blessunargjafir frá prestinum úr aldingarði heilags Jóhannesar skírara, og sömuleiðis frá hinum heilögu munkum sem voru með einsetumannabústaði sína í sjálfum aldingarðinum, héldum við áfram ferðinni og þökkuðum Guði sem fyrir.

- XVI. 1. Þannig héldum við síðan áfram um hríð eftir Jórdandalnum, meðfram árbakkanum því að þar lá leið okkar um hríð, uns við sáum skyndilega borg heilags Elía spámans, Tisbe, en eftir henni var hann kallaður Elía frá Tisbe.<sup>244</sup> Enn þann dag í dag er þarna hellirinn sem hinn helgi maður dvaldi í og sömuleiðis er þarna gröf heilags Jefta, en hans er getið í Dómarabókinni.<sup>245</sup>
2. Þegar við höfðum samkvæmt venju fært Guði þakkir þarna, héldum við ferðinni áfram. Á leiðinni sáum við yndislegan dal okkur á vinstri hönd, þetta var mjög víður dalur og um hann rann mikið fljót út í ána Jórdan. Og þarna í dalnum sáum við bústað manns sem er nú bróðir eða munkur. 3. Þar sem ég er svo forvitin tók ég nú að spyrjast fyrir um hvaða dalur þetta væri þar sem hinn helgi maður, sem nú er munkur, hafði reist sér bústað, því að ég taldi að það væri ekki að ástæðulausu. Þá sögðu hinir heilögu menn sem ferðuðust með okkur og þekktu til staðháttar: „Þetta er Korradalur, þar sem heilagur Elía frá Tisbe hélt til á dögum Akabs konungs, þegar hungursneyð ríkti og hrafni færði honum mat samkvæmt boði Guðs og hann drakk vatn úr þessari á. En áin, sem þú sérð renna eftir dalnum í Jórdan, er áin Korra.“<sup>246</sup>
4. Þá þökkuðum við Guði enn á ný fyrir þá náð að sýna okkur óverðugum allt sem við vildum sjá og héldum síðan áfram ferð okkar eins og aðra daga. Og þannig héldum við ferðinni áfram hvern daginn af öðrum uns skyndilega að birtist okkur á vinstri

---

<sup>244</sup> Latína: „unde ille habuit nomen Helias Thesbites“. Orðrétt þýðing væri eitthvað á þessa leið: „þaðan sem hann bar nafnið Elía Tisbeti“.

<sup>245</sup> Dómarabókin, 11.

<sup>246</sup> Fyrri Konungabók, 17, 3-6. „I vore hebraiske Bibler kaldes den 1 Kong, 17, 4 „Bækken Krith“; men i den græske Oversættelse hedder den, som her, Korra ...“, Schmidt: 48. Þess vegna er íslenska heitið „lækurinn Krít“.

hönd, þeim megin sem við sáum lönd Föníkíu framundan, mikilfenglegt og gríðarhátt fjall<sup>247</sup> sem teygði sig meðfram ...

[*Hér vantar örk ...* ]<sup>248</sup>

5. [...] þeim helga munki og meinlætamanni fannst hann þurfa að hugsa sér til hreyfings eftir öll árin í eyðimörkinni og halda niður til borgarinnar Karneas til að segja biskupinum eða prestunum frá vitruninni og fá þá til að grafa upp á staðnum sem honum hafði verið vísað á, og það gekk eftir. 6. Þeir hófu uppgröft á staðnum sem honum hafði verið vísað á og komu að helli. Þeir komust inn í hellinn um það bil hundrað skref og rákust óvænt á stein meðan þeir voru að grafa. Þegar þeir höfðu hreinsað ofan af honum uppgröftu þeir að nafnið „Job“ hafði verið höggvið á lokið. Þá var þessi kirkja, sem þið sjáið,<sup>249</sup> reist handa Job, en steinninn með líkamsleifunum var ekki fluttur annað heldur fékk hann að vera þar sem hann fannst og var hafður undir altarinu. Kirkjuna reisti einhver foringi, ég veit ekki hver, og hún stendur ókláruð enn þann dag í dag. 7. Snemma næsta morguns báðum við biskupinn að færa fórnina og var hann svo elskulegur að gera það, og þegar hann hafði veitt okkur blessun sína lögðum við af stað. Við meðtókum einnig sakramentið, færðum Guði þakkir þá sem endranær og snerum aftur til Jerúsalem, með viðkomu á sömu áningarstöðum og við höfðum gist á á leiðinni frá Jerúsalem.<sup>250</sup>

XVII. 1. Nú leið nokkur tími og þar sem þrjú heil ár voru síðan ég kom til Jerúsalem og ég hafði farið á alla þá helgu staði sem ég hafði viljað biðjast fyrir á, lék mér hugur á að snúa aftur til föðurlandsins í nafni Guðs. Ég tók þá ákvörðun

<sup>247</sup> Að öllum líkindum Hermonfjall. Arias Abellán: 112, nmgr. 165. Wilkinson: 128, nmgr. 7.

<sup>248</sup> De Bruyne fann brot úr þeim kafla sem líklega vantar í handritið í handriti í Madríd. Það hljóðar svo: „Staðurinn þar sem Job sat á öskuhaugnum er núna hreinn og girtur af með járngrindum, en þar logar á næturnar á mikilli lukt úr gleri. Og þar sem hann skóf kaun sín með leirbroti er núna lind sem skiptir litum fjórum sinnum á ári, fyrst er hún á litinn eins og graftarvilsna, því næst eins og blóð, þá eins og gall, og loks verður hún tær.“ Wilkinson, bls. 129, nmgr. 166; Arce, bls. 229, nmgr. 44; Arias Abellán, bls. 112, nmgr. 166.

<sup>249</sup> Arce telur ekki ólíklegt að Egería hafi teiknað mynd af kirkjunni handa nunnunum, bls. 46. Arias Abellán telur að hér sé biskupinn, sem nefndur er í XVI, 7, að segja gestunum frá því hvernig gröf Jobs fannst og setur þess vegna XVI, 5–6 fram sem beina ræðu innan gæsalappa.

<sup>250</sup> „iter facientes per singulas mansiones, per quas ieramus tres annos“ segir í handritinu. Arce (231, nmgr. 47), Wilkinkson (129, nmgr. 4) og Arias Abellán (113, nmgr. 169) telja öll að þessi „tres annos“ hafi óvart slæðst hér inn úr næstu línu á eftir.

fyrir vilja Guðs að fara í leiðinni til Mesópótamíu í Sýrlandi og hitta þar þá heilögu munka sem kváðu vera fjölmargir og lifa svo miklu fyrirmyndarlífi að því verður ekki með orðum lýst. Sömuleiðis vildi ég biðjast fyrir hjá gröf hins heilaga postula Tómasar en líkami hans hvílir þar í heilu lagi, það er að segja í Edessu. Þangað hafði Drottinn vor Jesús lofað að senda hann þegar hann væri stigin upp til himna eins og fram kemur í bréfi sem hann sendi Abgarusi konungi með Ananíasi sendiboða. Bréfsins er gætt af djúpri virðingu í borginni Edessu þar sem gröf hans er.<sup>251</sup> 2. Trúið mér, mínar kæru, að sá kristni maður er vandfundinn sem hefur komið á hina helgu staði í Jerúsalem og fer ekki til Edessu til að biðjast fyrir. Staðurinn er tuttugu og fimm dagsferðir frá Jerúsalem. 3. Og þar sem Mesópótamía er nálægt Antíókkíu hentaði þetta mér afar vel fyrir vilja Guðs, því að leiðin til Konstantínópel lá um Antíókkíu og þaðan gat ég farið til Mesópótamíu. Þetta gerði ég fyrir vilja Guðs.

XVIII. 1. Í nafni Drottins Krists vors lagði ég af stað frá Antíókkíu til Mesópótamíu og lá leiðin um nokkra áningarstaði og borgir í héraðinu Coele-Sýrland en höfuðborgin þar er Antíókkía. Þaðan fór ég yfir landamærin að Augusta Eufratensis og kom til Híerapólís, sem er höfuðborg héraðsins. Og þar sem borgin er afar fögur og auðug og velmegandi mátti ég til með að hafa viðkomu í henni af því að landamæri Mesópótamíu voru ekki langt undan. 2. Ég lagði af stað frá Híerapólís og eftir fimmtán mílna ferð kom ég að ánni Efrat í nafni Guðs. Um þetta fljót stendur réttilega skrifað í Ritningunni: „fljótið mikla, Efrat“,<sup>252</sup> það er feikistórt, næstum skelfilegt, og beljar fram eins og áin Rón,<sup>253</sup> en Efrat er mun stærra. 3. Þar sem ekki var hægt að fara yfir fljótið á annan hátt en með skipum, og aðeins stórum skipum, dvaldi ég þarna ef til vill rúmlega hálfan dag, og þegar ég hafði siglt yfir fljótið Efrat var ég komin til Mesópótamíu í Sýrlandi í Guðs nafni.

---

<sup>251</sup> Hér er vísað í sögu sem varðveist hefur í *Kirkjusögu* Evsebíusar frá Sesareu og sýrlensku handriti frá árinu 400, nefnt *Doctrina de Addai*. Sagan segir að Abgarus konungur hafi veikst og beðið Jesú að koma til Edessu og lækna sig en Jesú lofaði að senda honum lærisvein þegar hann væri stigin upp til himna. Arias Abellán, bls. 115, nmgr. 175.

<sup>252</sup> Fyrsta Mósebók, 15, 18

<sup>253</sup> Líklegt er að Egería hafi farið yfir Rón á leið sinni til Konstantínópel. Wilkinson: 131, nmgr. 2.

XIX. 1. Eftir nokkrar dagleiðir kom ég í borgina Batanis, en hennar er getið í Ritningunni<sup>254</sup> og þessi borg er til enn þann dag í dag. Í borginni er kirkja með sannarlega heilögum biskupi, sem er bæði munkur og játari,<sup>255</sup> og nokkrar grafir píslarvotta. Borgin sjálf er fjölmenn og þar er einnig setulið ásamt foringja. 2. Við lögðum af stað þaðan og komum í nafni Drottins Krists vors til Edessu. Þegar þangað kom fórum við strax í kirkjuna og að gröf heilags Tómasar. Eins og venjan var báðumst við fyrir og gerðum það sem vaninn er að gera á helgum stöðum, og einnig lásum við eitthvað um heilagan Tómas.<sup>256</sup> 3. Kirkjan er afar stór og fögur og nýuppgerð, og sómir sér vel sem hús Guðs. Þarna var margt sem mig fýsti að sjá svo að ég varð að dvelja í borginni í þrjá daga. 4. Þess vegna sá ég þarna margar grafir píslarvotta og heilaga munka, nokkrir þeirra bjuggu hjá gröfum dýrlinganna, aðrir höfðu bústaði sína lengra í burtu frá borginni, á afskekktari stöðum. 5. Heilagur biskup borgarinnar var afar guðhræddur maður, munkur og játari,<sup>257</sup> hann tók mér vinsamlega og sagði: „Ég sé, dóttir, að þú hefur lagt það á þig að ferðast hingað frá endimörkum jarðar vegna trúar þinnar, og þess vegna skulum við sýna þér alla þá staði sem eru kristnum mönnum hugfölgirnir hérna, ef þú kærir þig um.“ Ég þakkaði fyrst Guði og bað hann síðan innilega að gera það sem hann hafði boðist til að gera. 6. Hann fór fyrst með mig í höll Abgarusar konungs og sýndi mér þar stóra höggmynd af honum, afar líka honum að því er menn sögðu, úr svo skínandi marmara að hann hefði getað verið úr perlum. Af andliti Abgarusar að dæma hefur hann sannarlega verið vitur og ráðvundur maður. Hinn helgi biskup sagði við mig: „Þetta er Abgarus konungur. Áður en hann sá Drottin trúði hann að hann væri sannarlega sonur Guðs.“ Þarna við hliðina var önnur höggmynd höggvin í sams konar marmara, sem hann sagði að væri af Magnúsi syni hans og í svip hans var líka eitthvað dásamlegt. 7. Við gengum innar í höllina og þar voru tjarnir fullar af fiski sem ég hafði

---

<sup>254</sup> Batnae, Egería skrifar Batanis, sem er locativus, Arias Abellán, bls. 117, nmgr. 180. Engin borg ber þetta nafn í Biblíunni.

<sup>255</sup> Abraham að öllum líkindum. Wilkinson: 132, nmgr. 3. Arias Abellán: 117, nmgr. 181.

<sup>256</sup> Wilkinson (bls. 132, nmgr. 6) og Arias Abellán (ls. b18, nmgr. 184) benda á að Kyrillus biskup í Jerúsalem hafi bannað Tómasarguðspjallið og sennilega hafi verið lesið úr *Acta Thomae* (frá um 225).

<sup>257</sup> Eulogius, biskup frá 379-387. Valens keisari (364-378) rak hann í útlegð. Wilkinson, bls. 133, nmgr. 1.

aldrei séð neitt í líkingu við, þeir voru svo stórir og vatnið svo tært og bragðgott. Núna hefur borgin ekki annað vatn en þetta sem streymir fram úr höllinni eins og stórt silfurfljót. 8. Þá sagði heilagur biskupinn mér frá vatninu: „Skömmu eftir að Abgarus konungur hafði skrifað Drottni og Drottinn hafði sent Abgarusi svar með sendiboðanum Ananíasi, eins og skrifað stendur í sjálfu bréfinu, komu Persar og umkringdu borgina. 9. Abgarus fór undireins með bréf Drottins í hliðið og baðst fyrir með her sínum í allra áheyrn. Síðan sagði hann: „ Drottinn Jesú, þú hafðir lofað okkur að enginn fjandmaður færi inn í þessa borg, og sjá, nú herja Persar á okkur.“ Þegar konungurinn hafði sagt þetta hóf hann hendur á loft ásamt opnu bréfinu og skyndilega skall á slíkt myrkur fyrir utan borgina að Persarnir sáu ekki handa sinna skil þar sem þeir nálguðust borgina aðeins þrjár mílur frá henni. Það kom svo mikið fát á þá í myrkrinu að það var með naumindum að þeir gátu sett upp tjöldin og umkringt borgina í þriggja mílna fjarlægð. 10. Persarnir voru svo ringlaðir að þeim var ómögulegt að sjá hvar þeir gátu komist inn í borgina, en þeir sátu áfram um hana og hermennirnir umkringdu hana þrjár mílur frá henni og sátu um hana í nokkra mánuði. 11. Þegar þeir sáu að þeir gátu með engu móti komist inn í borgina ætluðu þeir að láta borgarbúa deyja úr þorsta. Hæðin þarna sem þú sérð, dóttir, fyrir ofan borgina, sá borginni fyrir vatni á þessum tíma. Þegar Persarnir áttuðu sig á því beindu þeir vatninu burt frá borginni og veittu því að sínum eigin búðum. 12. En sama dag og á sömu stundu og Persarnir veittu vatninu burt spruttu fram að boði Drottins þessar lindir sem þú sérð hérna, allar í senn. Lindirnar hafa verið hérna síðan og alveg fram á þennan dag fyrir náð Guðs. En vatnið, sem Persarnir höfðu veitt burt, þornaði upp í sömu andrá svo að umsátursmennirnir höfðu ekki drykkjarvatn í svo mikið sem einn dag. Þannig er þetta enn þann dag í dag, þarna hefur ekki sést deigur dropi síðan. 13. Og fyrir vilja Guðs, sem hafði lofað að þannig færi, neyddust þeir til að snúa án tafar heim til Persíu aftur. Og síðar, í hvert sinn sem fjandmenn vildu herja á þessa borg, var bréfið tekið fram og lesið í hliðinu, og þá hröktust allir fjandmennirnir umsvifalaust á brott, fyrir náð Drottins.“ 14. Ennfremur sagði hinn helgi



biskup okkur að á staðnum þar sem lindirnar spruttu fram hefði áður verið bersvæði innan borgarinnar fyrir neðan höll Abgarusar. „Höll Abgarusar stóð á svolítilli hæð, eins og þú sérð að hún gerir núna. Það var nefnilega venjan á þessum tímum að hallir væru reistar á hæðum. 15. En eftir að lindirnar spruttu fram reisti Abgarus þessa höll hérna handa Magnúsi syni sínum, þessum sem þú sérð á höggmyndinni við hliðina á höggmynd föðurins, svo að lindirnar væru innan hallarveggjanna.“ 16. Þegar hinn heilagi biskup hafði sagt mér allt þetta sagði hann við mig: „Nú skulum við ganga að hliðinu þar sem sendiboðinn Ananías kom inn með bréfið sem ég sagði frá.“ Þegar við komum að hliðinu staðnæmdist biskupinn og fór með bæn. Hann las upp úr bréfunum fyrir okkur, veitti okkur blessun sína og baðst aftur fyrir. 17. Þessi heilagi maður sagði okkur líka að allt frá þeim degi að sendiboðinn Ananías kom inn um þessar dyr með bréf Drottins og fram til dagsins í dag sé þess gætt að hvorki óhreinn maður né syrgjandi gangi um það, né heldur að látinn líkami einhvers sé borinn þar um. 18. Hinn heilagi biskup sýndi okkur einnig graphýsi Abgarusar og allrar fjölskyldunnar, það er mjög fagurt en fornfálegt. Hann fór einnig með okkur í höllina sem stóð hærra og hafði upphaflega verið höll Abgarusar konungs, og sýndi okkur jafnframt aðra staði sem þarna voru. 19. Það gladdi mig sérstaklega að ég fékk frá þessum helga manni bréfin sem heilagur biskupinn hafði lesið þarna fyrir okkur, bréf Abgarusar til Drottins og bréf Drottins til Abgarusar. Þó að ég ætti uppskriftir af þeim heima þótti mér vænna um að fá þau frá honum sjálfum, ef vera kynni að þau hefðu borist til okkar í ófullkominni gerð; þau sem ég fékk hérna eru reyndar lengri.<sup>258</sup> Ef Drottinn vor Jesús lofar og ég kem aftur heim munið þið lesa þau, mínar ástkæru frúr.

- XX. 1. Þegar ég hafði dvalið þarna í þrjá daga varð ég að halda áfram til Carrhae, eins og hún heitir nú, en í Heilagri ritningu heitir hún Harran og þar bjó heilagur Abraham, eins og skrifað stendur í fyrstu bók Móse þar sem Drottinn sagði við Abraham: „Far þú burt úr landi þínu og úr húsi föður þíns og far til

<sup>258</sup> Evsebius frá Sesareu segir frá þessum bréfum í kirkjusögu sinni en hjá honum kemur loforð Jesú um að vernda borgina ekki fram. Það gæti skýrt af hverju eintökin sem Egería á heima eru styttri. Wilkinson, bls. 136, nmgr. 5; Arias Abellán, bls. 121, nmgr. 192.

Harran<sup>259</sup> og svo framvegis. 2. Þegar ég var komin þangað, til Harran, gekk ég strax að kirkjunni í borginni. Ég hitti fljótlega biskup staðarins, sem er sannarlega heilagur guðsmaður og sjálfur bæði munkur og játari,<sup>260</sup> og var svo elskulegur að sýna okkur strax alla þá staði sem við óskuðum eftir að sjá. 3. Fyrst fór hann með okkur að kirkjunni fyrir utan borgina en hún stendur þar sem hús heilags Abrahams stóð. Hún stendur á sama grunni og er byggð úr sama steini, sagði heilagur biskupinn okkur. Þegar við komum í kirkjuna fór hann með bæn og las kafla við hæfi úr fyrstu Mósebók, við sungum sálm og báðumst aftur fyrir; síðan veitti biskupinn okkur blessun sína og við gengum út. 4. Hann var líka svo elskulegur að fylgja okkur að brunninum sem heilög Rebekka sótti vatn í.<sup>261</sup> Heilagur biskupinn sagði við okkur: „Þetta er brunnurinn þar sem heilög Rebekka brynnti kameldýrum Eleazars þjóns Abrahams.“ Hann sýndi okkur allt með glöðu geði. 5. Í kirkjunni, sem stendur fyrir utan borgina eins og ég hef sagt, æruverðugu systur og frúr, á þeim stað sem hús Abrahams stóð forðum, er nú gröf heilags munks sem hét Helpidíus.<sup>262</sup> Okkur þótti sérlega ánægjulegt að við skyldum koma þangað daginn fyrir sjálfan hátíðisdag heilags Helpidíusar, tuttugasta og þriðja apríl, því að þann dag er það skylda allra munka frá öllum héruðum Mesópótamíu, einnig þeirra eldri, sem búa á afskekktum stöðum og eru kallaðir meinlætamenn,<sup>263</sup> að koma til Harran einmitt þennan dag þegar haldin er mikil hátíð, en líka til að minnast heilags Abrahams, því að hús hans stóð þar sem nú er kirkjan með gröf hins helga píslarvottar. 6. Það var okkur þess vegna sérlega óvænt ánægja að sjá þarna helga munka frá Mesópótamíu, sannkallaða guðsmenn, og meira að segja þá sem voru vegsamaðir hvarvetna fyrir lífverni sitt. Það hafði aldrei nokkru sinni hvarflað að mér að ég ætti eftir að sjá þá, ekki af því að Guð gæti ekki látið það eftir mér líka, því að hann lét allt eftir mér, heldur af því að ég hafði heyrt að þeir yfirgæfu bústaði sína aldrei nema á

---

<sup>259</sup> Fyrsta Mósebók, 12, 1.

<sup>260</sup> Prótogenes fór í útleið til Þebais ásamt Eulogiosi í Edessu. Wilkinson, bls. 137, nmgr. 3.

<sup>261</sup> Fyrsta Mósebók 24, 15-20.

<sup>262</sup> Píslarvottur í ofsóknum Sapors II konungs Sassaníða um miðja 4. öld, samkvæmt Arias Abellán, bls. 125, nmgr. 201.

<sup>263</sup> *ascites*

páskadag og þennan dag, því að þeir eru helgir menn og gera mörg kraftaverk. Auk þess vissi ég ekki í hvaða mánuði hátíð píslarvottarins sem ég nefndi var haldin. Þannig gerðist það fyrir vilja Guðs að ég kom þangað á degi sem ég hafði aldrei gert mér vonir um að koma á. 7. Þarna dvöldum við í tvo daga vegna hátíðar dýrlingsins og til að hitta hina helgu menn sem voru svo elskulegir að taka á móti mér og tala við mig með mikilli vinsemd þó að ég verðskuldaði það ekki. Það sást ekki meira til þeirra eftir hátíð dýrlingsins því að um kvöldið fóru þeir strax aftur í bústaði sína í eyðimörkinni, hver og einn til síns heima. 8. Í þessari borg hitti ég nánast enga kristna menn að undanteknum örfáum prestum og heilögum munkun, ef þeir þá búa í borginni, þarna eru allir heiðingjar. Á sama hátt og við berum djúpa lotningu fyrir staðnum þar sem hús heilags Abrahams stóð forðum og höldum minningu hans í heiðri með því, bera þessir heiðingjar djúpa lotningu fyrir staðnum þar sem grafir Nahors og Betúels eru,<sup>264</sup> um það bil þúsund skref frá borginni. 9. Og þar sem biskup borgarinnar er svo vel að sér í Ritningunni spurði ég hann og sagði: „Ég bið þig, herra, að segja mér svolítið sem mig langar að vita.“ Og hann sagði: „Segðu mér, dóttir, hvað þú vilt vita og ég skal segja þér það ef ég veit það.“ Þá sagði ég: „Ég veit það frá Ritningunni að heilagur Abraham kom með Tera föður sínum, Söru konu sinni og Lot bróðursyni sínum hingað á þennan stað, en ég hef ekki lesið hvenær Nahor og Betúel komu hingað; ég veit það eitt að seinna kom þjónn Abrahams til Harran til að biðja um hönd Rebekku dóttur Betúels sonar Nahors handa Ísak syni Abrahams húsbónda síns.<sup>265</sup> 10. Þá sagði heilagur biskupinn við mig: „Sannarlega, dóttir, stendur það skrifað í fyrstu bók Móse, eins og þú segir, að heilagur Abraham hafi komið hingað með fjölskyldu sinni,<sup>266</sup> en hin viðurkenndu Biblíurit<sup>267</sup> nefna ekki á hvaða tíma Nahor og hans fólk kom hingað eða Betúel. En það leikur ekki vafi á að síðar komu þeir líka hingað, enda eru grafir þeirra hérna, um

---

<sup>264</sup> Fyrsta Mósebók, 22, 20-23. Hugsanlega er um að ræða sameiginlega sögn kristinna manna, Gyðinga og heiðingja. Arias Abellán, bls. 127, nmgr. 204.

<sup>265</sup> Fyrsta Mósebók, 24.

<sup>266</sup> Sama rit, 11, 31.

<sup>267</sup> „*Scriptura canonis* was a relatively new phrase, since only in the mid-fourth century was *canon* used to mean the list of recognized biblical books.“ Williamson, bls. 138, nmgr. 6.

það bil þúsund skref frá borginni. Ritningin vitnar sannarlega um að þjónn heilags Abrahams kom hingað til að sækja heilaga Rebekku, og síðan kom heilagur Jakob hingað líka, þegar hann fékk dætra Labans hins arameíska.<sup>268</sup>

11. Þá spurði ég hvar brunnurinn væri þar sem heilagur Jakob brynnti fénu sem Rakel dóttir Labans hina arameíska gætti og biskupinn sagði við mig: „Staðurinn er sex mílur héðan, hjá þorpi sem þá var bær Labans hins arameíska, en ef þú vilt fara þangað, skulum við fylgja þér og sýna þér hann. Þarna eru margir afar heilagir munkar og meinlætamenn og þar að auki heilög kirkja.“ 12. Ég spurði heilagan biskupinn einnig hvar land Kaldea væri, þar sem Tera hafði í fyrstu búið með fjölskyldu sinni. Þá sagði hin heilagi biskup við mig: „Staðurinn sem þú leitar, dóttir, er tíu dagleiðir héðan, í Persíu. Héðan eru fimm dagleiðir til Nisibis og frá Nisibis til Úr, sem var borg Kaldea, eru aðrar fimm dagleiðir, en þangað geta Rómverjar ekki farið því að Persar ráða þar öllu.“<sup>269</sup> En svæðið á landamærum Rómverja og Persa eða Kaldea er einkum það sem menn nefna Austurlönd.“ 13. Margt fleira var hann svo vinsamlegur að segja mér, eins og aðrir heilagir biskupar og munkar höfðu einnig gert. Allt var það um Ritninguna eða verk heilagra manna, það er að segja munkka, bæði kraftaverk þeirra sem þegar voru látnir og dagleg verk þeirra sem enn eru á lífi, einkum meinlætamannanna. Því að ég vil ekki að þið, mínar kæru, haldið að samræðurnar við munkana séu nokkurn tíma um annað en það sem stendur í bók Guðs eða afrek mikilla munkka.

XXI. 1. Þegar ég hafði verið þarna í tvo daga fór biskupinn með okkur að brunninum þar sem heilagur Jakob hafði brynnt hjörð heilagrar Rakelar, en brunnurinn er sex mílur frá Carrhae. Til heiðurs þessum brunni hefur verið reist heilög kirkja við hlið hans, afar stór og falleg. Þegar við vorum komin að brunninum fór biskupinn með bæn, viðeigandi kafla úr fyrstu bókMóse var einnig lesinn,<sup>270</sup> sömuleiðis var fluttur sálmur sem hæfði staðnum, og eftir að við höfðum beðist fyrir öðru sinni veitti biskupinn okkur blessun sína. 2. Við

<sup>268</sup> Fyrsta Mósebók, 29, 6 og áfram. Egería kallar hann „Laban Sýrlending“ en það var hann kallaður í sjötfumannaþýðingunni og *Vetus Latina*. Arias Abellán, bls. 128, nmgr. 209.

<sup>269</sup> Eftir dauða Júlíans 363 lét Jovianus Persum borgina eftir, ásamt öðrum landsvæðum.

<sup>270</sup> Fyrsta Mósebók, 29, 2–10.

hliðina á brunninum sáum við stóra steininn sem heilagur Jakob hafði velt frá brunnopinu og sjá má enn þann dag í dag. 3. Í grennd við brunninn búa engir nema prestarnir við kirkjuna og munkarnir sem búa þar rétt hjá, en hinn heilagi biskup sagði okkur frá lífsmáta þeirra, sem er sannarlega fáheyrður. Að lokinni bæn í kirkjunni gekk ég með biskupinum til hinna heilögu munkna í einsetumannabústöðunum og ég þakkaði bæði Guði og munkunum sem höfðu allir tekið mér svo ljúfmannlega í bústöðum sínum og ávarpað mig með orðum sem hæfði að féllu af vörum þeirra. Þeir voru líka svo elskulegir að gefa mér og öllu fylgdarliði mínu blessunargjafir eins og þeir eru vanir að gefa þeim sem þeir taka fúslega á móti í bústöðum sínum. 3. Þar sem staðurinn er á stórri sléttu benti heilagur biskupinn mér á nokkuð stóran bæ framundan, um það bil fimm hundruð skref frá brunninum, og lá leið okkar um þennan bæ. Þessi bær var fyrr á tímum, sagði biskupinn mér, bær Labans hins arameíska og heitir Fadana. Mér var sýnd gröf Labans hins arameíska, tengdaföður Jakobs í þessum bæ; mér var líka sýndur staðurinn þar sem Rakel stal húsgoðum föður síns.<sup>271</sup> 5. Og er ég hafði séð þetta allt í nafni Guðs og kvatt heilagan biskupinn og hina helgu munkna sem höfðu verið svo elskulegir að fylgja okkur þangað, snerum við aftur sömu leið og um sömu áningarstaði og við höfðum haft viðkomu á á leiðinni frá Antíokkíu.

XXII. 1. Þegar ég var komin aftur til Antíokkíu dvaldi ég þar í viku meðan verið var að útbúa það sem þurfti til ferðarinnar. Ég lagði síðan af stað frá Antíokkíu<sup>272</sup> og kom eftir nokkrar dagleiðir í hérað sem nefnist Kilikía. Höfuðborg þess er Tarsus en þangað hafði ég komið á leið minni til Jerúsalem. 2. Þar sem gröf heilagrar Teklu er þrjár dagleiðir frá Tarsus, í Isauríu, hélt ég þangað með glöðu geði, ekki síst af því að hún var svo nálægt.

XXIII. 1. Ég lagði af stað frá Tarsus og kom að borg við strönd Kilikíu sem heitir Pompeiópólís. Þaðan fór ég yfir landamæri Isauríu og gisti í borg sem heitir Korykos og á þriðja degi kom ég til borgar sem heitir Selevkía í Isauríu. Þegar ég var þangað komin gekk ég á fund biskupsins, sannarlega heilags manns

---

<sup>271</sup> 1. Mósebók, 31, 19

<sup>272</sup> Eflaust hefur Egería verið búin að lýsa merkum stöðum í Antíokkíu í þeim hluta handritsins sem er glataður.

sem hafði verið munkur, og ég sá líka mjög fagra kirkju í borginni. 2. Þar sem ekki voru nema um það bil fimmtán hundruð skref frá borginni að kirkju heilagrar Teklu, en hún stendur á flatrí hæð fyrir utan borgina, kaus ég að fara þangað því það var ætlun mín að gista á þessum slóðum. Hjá hinni heilögu kirkju er fjöldinn allur af einsetubústöðum karla og kvenna. 3. Þarna hitti ég sérstaklega góða vinkonu mína sem nýtur virðingar alls staðar í Austurlöndum fyrir lífernri sitt, heilaga díakonissu Martönu að nafni, en ég hafði kynnst henni í Jerúsalem þegar hún kom þangað til að biðjast fyrir. Hún stýrði söfnuði *aputactitae*<sup>273</sup> eða nunna. Ég get ekki með orðum lýst gleði hennar eða minni eigin gleði þegar hún kom auga á mig! 4. En svo að ég snúi mér aftur að efninu. Þarna uppi á hæðinni er fjöldinn allur af einsetubústöðum og á henni miðri er mikill veggur umhverfis kirkjuna þar sem gröf dýrlingsins er, en gröfin er afar fögur. Veggurinn var reistur til að vernda kirkjuna fyrir Isauríumönnum því að þeir eru illskeyttir og fremja oft rán og gætu ráðist á klaustrið sem þar er starfrækt. 5. Þegar ég var þangað komin í Guðs nafni og hafði beðist fyrir við hina helgu gröf, og búið var að lesa sögu heilagrar Teklu, færði ég Kristi Drottni vorum miklar þakkir fyrir að hafa sýnt mér, óverðugri,<sup>274</sup> þá náð að fá óskir mínar uppfylltar í einu og öllu. 6. Og þegar ég hafði dvalið þarna í tvo daga og heilsað upp á hina heilögu munku eða söfnuði aðskildra, jafnt karla sem kvenna sem þarna voru, og að lokinni bæn og meðtöku sakramentis, sneri ég aftur til Tarsus til að halda áfram ferð minni. Þegar ég hafði dvalið þar í þrjá daga, lagði ég aftur af stað í nafni Guðs, og komst samdægurs á áningarstað sem heitir Mansokrene og er við rætur fjallsins Tárus, og þar gisti ég. 7. Daginn eftir gekk ég upp á Tárusfjall og hélt

<sup>273</sup> *aputactitae*, gríska: *apotactites*. Þetta orð er ekki þýtt hvorki hjá Arce, Schmidt, Williamson, Arias Abellán né Wilson-Kastner. Arce bendir á að það mætti kalla þá „los separados“ eða „los apartados“ (bls.71, nmgr. 12) og Williamson segir „people set apart“ (141, nmgr. 7) og samkvæmt því mætti ef till vill kalla þá „aðskilda“ eða „fráhverfa“. „Aputactitae voru munkar og nunnur sem stunduðu strangar föstur, ekki aðeins í föstunni sjálfri heldur allt árið og mötuðust einu sinni á dag.“ (Arce: 71; mín þýðing). Samkvæmt Arias Abellán jafngildir orðið latneska orðinu *continens* og segir að í þessu samhengi hérna beri okkur að skilja það sem grískt hugtak yfir munku/nunnur (133, nmgr. 228). Egería lýsir ströngum föstum *aputactitae* í kaflanum um helgihald í Jerúsalem.

<sup>274</sup> „indignae et non merenti“ er nánast fast orðatiltæki hjá Egeríu sem ég þýði oftast með einu orði. Hér mætti til dæmis þýða „óverðugri, þá náð að fá óskir mínar uppfylltar í einu og öllu óverðskuldað“ en það er líklega óþarflega endurtekningasamt.

áfram ferðinni um kunnugar slóðir sem ég hafði farið um á leiðinni til Jerúsalem, héruðin Kappadókiu, Galatíu og Byþíníu, uns ég kom til Kalkedóníu. Þar gisti ég vegna þess að þar er víðfræg gröf heilagar Evfemíu,<sup>275</sup> sem mér var kunnug frá fyrri tíð. 8. Og daginn eftir sigldi ég yfir hafið og kom til Konstantínópel. Ég þakkaði Kristni Drottni vorum þá miklu náð sem hann hafði sýnt mér óverðugri, í því að hann hafði ekki aðeins gefið mér viljann til að fara í þessa ferð, heldur einnig getuna til að ferðast þangað sem ég vildi og komast aftur til Konstantínópel. 9. Þegar ég var þangað komin færði ég Jesú Drottni vorum sífelldar þakkir í öllum kirkjum, helgistöðum postulanna og við grafir píslarvotta sem eru margar hérna, fyrir að hafa verið mér náðugur og miskunnsamur. 10. Hér á þessum stað, kæru frúr og ljós lífs míns, skrifa ég þetta af kærleika til ykkar<sup>276</sup> og hef nú í hyggju að fara til Efesus í Asíu<sup>277</sup> til að biðjast fyrir við gröf hins heilaga og sæla Jóhannesar postula. Ef ég verð enn á lífi eftir það og get kynnst fleiri stöðum skal ég segja ykkur frá því í eigin persónu, mínar kæru, ef Guð lofar, en verði breyting á áformum mínum segi ég ykkur sannarlega frá því í bréfi. En þið, kæru frúr og ljós lífs míns, verið svo góðar að minnst mín hvort heldur ég verð lífs eða liðin.

## HELGIHALD

XXIV. 1. Til að þið, mínar kæru, vitið hvaða helgisiðir fara fram daglega á hinum helgu stöðum, fannst mér ég verða að fræða ykkur um það af því að ég veit að þið munuð taka því af áhuga. Á hverjum morgni, fyrir fyrsta hanagal, opnast allar dyr Upprisukirkjunnar og allir munkarnir og nunnurnar<sup>278</sup> koma niður,<sup>279</sup>

<sup>275</sup> Hún dó píslarvættisdauða á dögum Dókletíanusar, 303-304. Arias Abellán, bls. 135, nmgr. 232.

<sup>276</sup> „ad uestram affectionem“, Arce og Arias Abellán þýða „a vuestra caridad“, þ.e. til kærleika ykkar, sem er áreiðanlega réttari þýðing en menn myndu hjóta um hana á íslensku.

<sup>277</sup> Hérað á vesturströnd Litlu-Asíu. Arias Abellán, bls. 135, nmgr. 234.

<sup>278</sup> Egería notar grísku orðin *monazontes* og *parthanae* og bætir við „ut hic dicunt“ („eins og þau kallast hér“).

og ekki aðeins þau, heldur einnig leikmenn, karlar og konur sem vilja taka þátt í bænahaldi morgunsins. Frá þeirri stundu og þar til birtir af degi eru sungnir lofsöngvar og svarað með sálum og víxlsöngum;<sup>280</sup> eftir hvern sálm er farið með bæn. Daglega skiptast tveir eða þrír prestar<sup>281</sup> og djáknar á við munkana um að fara með bæn eftir hvern sálm eða víxlsöng. 2. Þegar lýsir af degi eru morgunsálmarnir einnig sungnir. Þá kemur biskupinn ásamt prestunum og gengur beina leið í hellinn;<sup>282</sup> og fyrir innan grindurnar biður hann fyrst fyrir öllum; hann nefnir síðan nöfn þeirra sem hann vill<sup>283</sup> og loks blessar hann trúnemana. Sömu leiðis biður hann fyrir þeim trúuðu og blessar þá. Síðan gengur biskupinn út fyrir grindurnar, allir viðstaddir koma og kyssa hönd hans og hann blessar hvern og einn þegar hann er kominn út fyrir og þannig kveður hann söfnuðinn<sup>284</sup> þegar kominn er dagur. 3. Á sjöttu stundu<sup>285</sup> ganga allir öðru sinni niður að Upprisukirkjunni og syngja sálma og víxlsöngva þangað til biskupnum er gefið merki. Hann gengur niður eins og áður en sest ekki, heldur gengur beina leið inn fyrir grindurnar í Upprisukirkjunni, það er að segja í hellinn, þar sem hann var líka um morguninn. Hér biður hann fyrst bænina á sama hátt og áður, síðan blessar hann þá trúuðu, og þegar hann gengur út fyrir grindurnar koma menn til hans og kyssa hönd hans sem fyrr. Á níundu stundu<sup>286</sup> fer þetta fram á sama hátt og á þeirri sjöttu. 4. En á tíundu stundu, sem er kölluð er *Likinikon*, og við köllum *Lucernare*,<sup>287</sup> safnast

<sup>279</sup> Þau virðast búa uppi í hæðum borgarinnar.

<sup>280</sup> Egería notar hugtökin *psalmus*, *ymnus* og *antiphona* en ekki er ljós greinarmunur sem hún gerir á þessum hugtökum. Með þeim notar hún sagnorðið *dicere* svo að ekki er ljóst hvort fólkið syngur eða mælir sálmana af munnni fram. Hún notar einnig sagnorðið *respondere* (“dicuntur ymni et psalmi responduntur”) sem vísar til þess að um sé að ræða víxlsöngva eða svarsöngva. Arias Abellán, bls. 137, nmgr. 241.

<sup>281</sup> *presbyteri*, segir Egería. Þetta mætti þýða sem „öldungar“ en ég hef þó kosið að þýða „prestar“ nema annað sé tekið fram. Hugtakið *clerici* nær bæði yfir *prebyteri* og *diacones*. Wilkinson, bls. 47. Þó virðist Egería gera greinarmun á *clericus* og *presbyter* einu sinni (XXIV, 9), svo að fyrra orðið virðist ná einnig yfir aðra innan prestastéttarinnar, jafnvel andasæringamenn. Sama rit, bls. 47.

<sup>282</sup> Þar sem var gróf Krists.

<sup>283</sup> Arce (bls. 257) telur þetta vísa til trúnema sem eru að búa sig undir skírni eða þeirra virtustu meðal trúaðra eða þeirra sem höfðu beðið hann að minnst sín í bænum sínum.

<sup>284</sup> Egería notar orðið *missa* ýmist í þeirri merkingu að biskup sendi söfnuðinn burt (kveðji hann) eða um guðsþjónustu/messu. Wilkinson, bls. 53; Arias Abellán, bls. 138, nmgr. 244.

<sup>285</sup> Um klukkan 12, miðdagstíð.

<sup>286</sup> Kl. 15.

<sup>287</sup> Síðdegismessa, aftansöngur, „messa haldin í lampaljósi“, Arias Abellán, bls. 139, nmgr. 248. „Lamp Service“, Wilkinson, bls. 66. Klukkan 16 samkvæmt Egeríu.



mannfjöldinn aftur saman í Upprisukirkjunni; kveikt er á öllum luktum og kertum og úr verður heilt ljóshaf. En ljós kemur ekki að utan, heldur er það fengið innan úr hellinum, það er frá svæðinu fyrir innan grindurnar, þar sem logar ævinlega á lampa jafnt nótt sem dag. Þá eru sungnir aftansálmar og einnig víxlsöngvar lengi. Biskupnum er gefið merki, hann gengur niður og sest í háseti, prestarnir setjast líka í sín sæti og upp hefst sálmasöngur og víxlsöngur. 5. Þegar sungið hefur verið samkvæmt venju, rís biskupinn úr sæti og stendur fyrir framan grindurnar, það er, fyrir framan hellinn,<sup>288</sup> og einn djáknanna nefnir nöfn allra, eins og venjan er. Alltaf þegar djákninn nefnir nafn, svarar fjöldi barna sem þarna er ævinlega: *Kyrie eleyson*, eða eins og við segjum: *Miserere Domine* („herra, miskunna þú oss“) og raddirnar óma lengi. 6. Þegar djákninn er búinn að segja allt sem honum ber að segja, fer biskupinn fyrst með bæn, og hann biður fyrir öllum; því næst biðjast allir fyrir, trúaðir og trúnemarnir í senn. Næst hefur djákninn upp raust sína og skipar öllum trúnemunum að lúta höfði hvar sem þeir standi og síðan blessar biskupinn yfir þeim standandi. Að lokinni bæn hefur djákninn aftur upp raust sína og býður þeim trúuðu að lúta höfði þar sem þeir standi. Biskupinn blessar þá trúuðu og þannig er söfnuðurinn kvaddur í Upprisukirkjunni. Nú ganga allir til biskupsins og kyssa hönd hans. 7. Síðan er biskupnum fylgt frá Upprisukirkjunni að Krossinum, sálmar eru sungnir og allt fólkið fer með. Þegar þangað er komið biður hann fyrst bæn og blessar trúnemana; síðan er flutt önnur bæn og hann blessar þá trúuðu einnig. Því næst ganga bæði biskupinn og allur hópurinn bak við Krossinn og þar er endurtekið það sem fram fór fyrir framan hann. Menn koma til að kyssa hönd biskupsins eins og í Upprisukirkjunni, bæði fyrir framan Krossinn og bak við hann. Hvarvetna hanga margir stórir glerlampar sem logar á og það logar á mörgum kertum bæði í Upprisukirkjunni og fyrir framan og aftan Krossinn.<sup>289</sup> Öllu þessu lýkur

---

<sup>288</sup> Umhverfist gröfina voru súlur með rimlum eða grindum, líklegt er að einnig hafi verið grindur fyrir gröfinni (hellinum) og biskupinn standi á svæðinu milli þessara grinda. Arias Abellán, bls. 137–138, nmgr. 243.

<sup>289</sup> Dyr Upprisukirkjunnar opnuðust inn í óyfirbyggðan forgarð, í suðausturhorni hans var klettur, Golgatahæð og á honum kross. Egería segir *ad Crucem* og *ante Crucem* þegar hún vísar til forgarðsins en *post Crucem* til að vísa til kapellu bak við krossinn. Arias Abellán, bls. 46–47.

þegar dimmir. Þessar helgiathafnir fara fram daglega á þennan hátt í sex daga við Krossinn og í Upprisukirkjunni. 8. Á sjöunda degi, það er á sunnudegi, safnast allur hópurinn saman fyrir fyrsta hanagal, allir sem komast fyrir á þessum stað, eins og um páska, í basilíkunni sem er hjá Upprisukirkjunni, en fyrir utan kirkjuna,<sup>290</sup> þar sem ljós hafa verið hengd upp í því tilefni. Þar sem fólkið óttast að ná ekki fyrsta hanagali kemur það snemma og sest. Menn syngja sálma og víxlsöngva og eftir hvern sálm eða víxlsöng er beðist fyrir. Prestar og djáknar eru alltaf mættir fyrir vökuna því að þarna safnast saman svo mikill mannfjöldi. Það er nefnilega venjan að hinir helgu staðir séu ekki opnaðir fyrir fyrsta hanagal. 9. En jafnskjótt og fyrsti haninn hefur galað gengur biskupinn umsvifalaust niður og í hellinn í Upprisukirkjunni. Allar dyr opnast og mannfjöldinn gengur inn í Upprisukirkjuna þar sem þegar logar á ótal lömpum og þegar fólkið er komið inn syngur einhver prestanna sálm og allir svara; eftir það er beðist fyrir. Einn djáknanna syngur einnig sálm, því næst er farið með bæn eins og áður; þá syngur einn prestanna þriðja sálminn og beðið er þriðja sinni og allra er minnst. 10. Eftir að þessi þrír sálmar hafa verið sungnir og bænirnar þrjár fluttar er komið með reykelsisker í helli Upprisukirkjunnar svo að öll basilíkan<sup>291</sup> fyllist ilmi. Biskupinn stendur fyrir innan grindurnar og tekur upp guðspjallið, gengur að dyrunum og les sjálfur frásögnina um upprisu Drottins. Jafnskjótt og hann byrjar að lesa upphefst slíkt vein og hróp og grátur meðal viðstaddra að jafnvel þeir hörðustu hljóta að tárast yfir að Drottinn skyldi þola slíkar þjáningar vegna okkar. 11. Að loknum lestri guðspjallsins gengur biskupinn út og er fylgt undir sálmasöng að Krossinum og allt fólkið fer með honum. Þar er aftur sunginn sálmur og farið með bæn, sömuleiðis blessar hann þá trúuðu og með því kveður hann söfnuðinn. Þegar biskupinn gengur út koma allir til að kyssa hönd hans. 12. Strax á eftir fer biskupinn heim til sín en munkarnir snúa allir til baka í Upprisukirkjuna; þar eru sungnir sálmar og víxlsöngvar þar til birtir af degi,

---

<sup>290</sup> Hér kallar Egería forgarðinn *ante Crucem* basilíku. Hún nefnir orðið basilíka í tvö önnur skipti (XXIV, 10 og XXV, 2) en á þá við Upprisukirkjuna. Abellán Arce, bls. 141, nmgr. 254.

<sup>291</sup> Eins og áður er sagt notar Egería orðið „basilíka“ þrisvar: Hér að ofan um forgarð Upprisukirkjunnar, hér um Upprisukirkjuna og sömuleiðis í XXV,2. Arce telur líklegt að hún hafi heyrt þetta orð en þekki ekki nákvæma merkingu þess og noti það af handahófi um hinar helgu byggingar (bls. 263).

og eftir hvern sálm eða víxlsöng er farið með bæn. Daglega skiptast prestar og djáknar á um að vaka í Upprisukirkjunni ásamt fólkinu. Leikmenn, karlar og konur, dvelja þar líka uns birtir ef þeir vilja, þeir sem vilja það ekki snúa aftur heim og hvílast.

XXV. 1. Í dögum, og þar sem það er sunnudagur, er gengið í stóru kirkjuna, þá sem Konstantín reisti og er á Golgata bak við krossinn,<sup>292</sup> og allt fer fram samkvæmt venju eins og alls staðar á sunnudögum.<sup>293</sup> Hér er það þó venja að meðal allra prestanna, sem eru viðstaddir, predika eins margir og það vilja og á eftir þeim öllum predikar biskupinn. Þessar predikanir eru alltaf á sunnudögum til að fræða fólkið stöðugt um Ritninguna og kærleika Guðs og þessar predikanir taka langan tíma áður en söfnuðurinn er kvaddur í kirkjunni, en það er ekki gert fyrr en á fjórðu eða jafnvel fimmtu stund.<sup>294</sup> 2. En þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni á sama hátt og venjan er á öðrum stöðum, fylgja munkarnir biskupnum úr kirkjunni í Upprisukirkjuna og sálmar eru sungnir á leiðinni. Þegar biskupinn gengur af stað og sálmasöngurinn hljómar opnast allar dyr basilíku Upprisukirkjunnar og allt fólkið gengur inn, þó aðeins þeir trúðu, ekki trúnemarnir. 3. Þegar fólkið er komið inn gengur biskupinn inn og beina leið inn fyrir grindurnar við helli hinnar helgu grafar. Fyrst eru Guði færðar þakkir og síðan er beðið fyrir öllum. Því næst upphefur djákninn raust sína og segir öllum að lúta höfði þar sem þeir standi og biskupin blessar þá standandi fyrir innan grindurnar<sup>295</sup> og síðan gengur hann fram. 4. Þegar biskupinn gengur fram koma allir til að kyssa hönd hans og þannig dregst athöfnin á langinn næstum fram á fimmtu eða sjöttu stund. Við aftansöng<sup>296</sup> er einnig farið eftir daglegri venju. Þessi daglega venja viðgengst sem sagt allt árið nema á hátíðisdögum en þeim lýsi ég hér að neðan. 5. Í öllu

---

<sup>292</sup> Þetta er Grafarkirkjan, sem var vígð árið 335.

<sup>293</sup> Egería á væntanlega við að athöfnin sé ekki frábrugðin því sem hún þekkir í heimlandi sínu.

<sup>294</sup> Í handritinu stendur „et ideo ante quartam hora aut forte quintam missa fit”. Arce þýðir þess vegna að messu ljúki fyrir fjórðu eða kannski fimmtu stund (klukkan tíu eða ellefu) en bendir á að Gamurrini telji að *fit* beri að lesa sem *non fit* og kveður það í raun skiljanlegra þannig. Ég fylgi því túlkun Gamurrinis.

<sup>295</sup> *cancellos interiores*, „innri grindurnar“, samkvæmt Arce eru þetta grindur umhverfis helli hinnar heilögu grafar (bls. 265), fyrir innan þá sem eru við súlurnar. Ég þýði *interiores* ekki þar sem biskup virðist ekki þurfa lengri tíma en venjulega til að fara fram fyrir grindurnar.

<sup>296</sup> Eða síðdegismessu, *lucernare*.

Því sem fram fer er afar mikilvægt að alltaf eru sungnir viðeigandi sálmar eða víxlsöngvar jafnt að kveldi sem að morgni, einnig eru þeir sem sungnir eru á daginn, annaðhvort við miðdagstíð eða eyktatíð eða aftantíð, alltaf viðeigandi og valdir þannig að þeir eigi við það efni sem fjallað er um. 6. Allt árið er sunnudagurinn haldinn hátíðlegur í stóru kirkjunni, það er að segja þeirri sem er á Golgata bak við krossinn og Konstantín reisti, að undanskildum einum sunnudegi, það er fimmtíu dögum eftir páska, á Hvítasunnudag, en þá er gengið til Síon eins og þið munuð sjá í umfjöllun hér að neðan, en áður en farið er til Síon fyrir þriðju stund,<sup>297</sup> er söfnuðurinn kvaddur í stóru kirkjunni ...

*vantar eina örk*

... Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins “ og það sem á eftir kemur.<sup>298</sup> Og þar sem þarf að fara hægt vegna munkanna sem eru fótgangandi er komið til Jerúsalem um það leyti sem menn geta borið kennsl hver á annan, það er að segja rétt fyrir dögum en áður en bjart er orðið.<sup>299</sup> 7. Þegar þangað er komið gengur biskupinn og allir með honum rakleiðis inn í Upprisukirkjuna þar sem þegar hafa verið tendruð fjölmörg ljós. Þar er sunginn sálmur, farið með bæn, og biskupinn blessar fyrst trúnemana og síðan þá trúuðu. Biskupinn dregur sig í hlé og hver og einn fer til síns gististaðar til að hvílast. Munkarnir halda þó kyrru fyrir fram í dögum og syngja sálma. 8. En þegar menn hafa hvílst, í byrjun annarrar stundar, safnast allir saman í stóru kirkjunni, sem er á Golgata. Skrautinu í kirkjunni þennan dag, og í Upprisukirkjunni eða við Krossinn eða í Betlehem verður ekki með orðum lýst. Ekkert sést nema gull, eðalsteinar og silki; ef horft er á forhengin eru þau úr gullbrydduðu silki, ef litið er á fortjöldin eru þau líka úr gullbrydduðu silki. Allir munir sem notaðir eru við helgiathöfnina þennan dag eru úr gulli greyptu eðalsteinum. Og hver

---

<sup>297</sup> Klukkan níu.

<sup>298</sup> Mattheus, 21, 9

<sup>299</sup> Egería er að koma til Jerúsalem frá Betlehem, þar sem guðdómsbirtingin (*epifania*) var haldin hátíðleg 5. janúar og næstu átta daga er hún haldin hátíðleg í Jerúsalem, Arce, bls. 267; Wilkinson, bls. 80-81; Arias Abellán, bls. 147, nmgr. 271.

getur metið eða lýst fjölda eða þunga kertanna, ljósastikanna, lampanna eða annarra helgra muna? 9. Hvað get ég sagt um skrautið í byggingunni sem Konstantín lét reisa í umsjón móður sinnar og skreyta gulli, mósaíki og dýrindis marmara eins miklu og ríki hans hafði bolmagn til, jafnt í stóru kirkjunni sem Upprisukirkjunni og Krossinum, ásamt öðrum helgum stöðum í Jerúsalem? 10. En snúum okkur aftur að efninu. Messað er fyrsta daginn í stóru kirkjunni sem er á Golgata. Þar er predikað, lesið úr helgum ritum, sálmar sungnir, allt í samræmi við sjálfan daginn, og síðan, eftir að söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni, er það venja að menn syngi sálma og gangi í Upprisukirkjuna, og þar er söfnuðurinn kvaddur um það bil á sjöttu stund. 11. Þennan dag fer aftansöngur<sup>300</sup> fram á sama hátt, samkvæmt daglegri venju. Daginn eftir er aftur farið í kirkjuna á Golgata og sömuleiðis þriðja daginn. Í þrjá daga er þessi gleðihátíð haldin fram á sjöttu stund í kirkjunni sem Konstantín reisti. Á fjórða degi er allt gert með sama skrauti og hátíðleika í Eleona,<sup>301</sup> það er að segja í kirkjunni fögru sem stendur á Olúfjallinu, fimmta daginn á Lazarium, sem er um það bil fimmtán hundruð skref frá Jerúsalem, sjötta daginn á Síon, sjöunda daginn í Upprisukirkjunni, þann áttunda við Krossinn. Þannig er þessi gleði- og skrauthátíð haldin í átta daga á öllum þeim helgu stöðum sem ég nefndi hér að ofan. 12. Í Betlehem halda prestarnir, öll prestastétt staðarins<sup>302</sup> og munkarnir sem þar eru staddir hátíðina í átta daga samfellt með sama glæsibrag og gleði. Frá því að allir snúa til baka til Jerúsalem um nóttina ásamt biskupnum, vaka munkarnir í kirkjunni í Betlehem til morguns, allir sem þar eru, og syngja sálma og víxlsöngva, því að biskupinn verður alltaf að vera í Jerúsalem þessa daga. Vegna hátíðleikans og gleðinnar sem ríkir þennan dag kemur ógrynni fólks alls staðar að til Jerúsalem, ekki aðeins munkar heldur einnig leikmenn, karlar og konur.

XXVI. 1. Á fertugasta degi eftir guðdómsbirtingardaginn er haldin mikil hátíð hérna. Þennan sama dag er haldin samkoma í Upprisukirkjunni, allir koma saman og

<sup>300</sup> eða síðdegismessa, klukkan 16, *lucernare*.

<sup>301</sup> *Eleona* notar hún bæði um Olúfjallið og kirkjuna sem Konstantín lét byggja á því. Wilkinson, bls. 147, nmgr. 2.

<sup>302</sup> „a presbyteris et ab omni clero“, Arce, bls. 270.

allt fer fram með sama hátíðleika og um páska. Allir prestarnir predika og einnig biskupinn og alltaf um þann kafla í guðspjallinu þegar Jósef og María fóru með Drottinn í musterið á fertugasta degi og Símeon og spákonan Anna, dóttir Fanúels, sáu hann og um það sem þau sögðu þegar þau sáu Drottinn og fórnina sem foreldrarnir færðu.<sup>303</sup> Síðan, þegar allt hefur farið fram eins og vera ber samkvæmt venju, er gengið til altaris og söfnuðurinn kvaddur.

XXVII. 1. Þegar páskar ganga í garð eru þeir haldnir hátíðlegir á eftirfarandi hátt. Eins og við höldum fjörutíu daga föstu fyrir páska er hér haldin fasta í átta vikur fyrir páska. Hér er hún haldin í átta vikur því að ekki er fastað á sunnudögum og laugardögum, að undanskildum einum laugardegi sem er dagurinn fyrir páskadag, en þá er nauðsynlegt að fasta; en að þessum degi undanteknum er aldrei fastað hérna á laugardegi allt árið. Þegar átta sunnudagar og sjö laugardagar eru dregnir frá þessum átta vikum, af því að nauðsynlegt er að fasta þennan laugardag eins og ég sagði hér að ofan, eru eftir fjörutíu og einn dagur þar sem fastað er, en þeir eru kallaðir *eortare*,<sup>304</sup> það er að segja, páskafasta. 2. Daglega í hverri viku fer þetta fram á eftirfarandi hátt: Við fyrsta hanagal á sunnudögum les biskupinn kaflann í guðspjallinu um upprisu Drottins í Upprisukirkjunni, eins og gert er allt árið á sunnudögum; og í Upprisukirkjunni og við Krossinn er það sama gert til morguns eins og venjan er að gert sé á sunnudögum allt árið. 3. Um morguninn er síðan samkoma eins og alltaf á sunnudögum í stóru kirkjunni sem kallast *Martyrium*<sup>305</sup> og er á Golgata, bak við Krossinn, og allt fer fram eins og venjan er á sunnudögum. Og þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni er gengið sem fyrr meðan sungnir eru sálmar í Upprisukirkjuna, eins og alltaf á sunnudögum. Á meðan á þessu stendur rennur upp fimmta stund. Aftansöngur er haldinn á sínum tíma í Upprisukirkjunni og við Krossinn, á sama hátt og gert er á öllum helgum stöðum, en á sunnudögum er haldin messa á níunda tímanum. 4. Á mánudögum er einnig gengið í Upprisukirkjuna

<sup>303</sup> Lúkasarguðspjall 2, 22-38.

<sup>304</sup> latnesk mynd af gríska orðinu *eortas*, sem þýðir hátíð en er notað í Jerúsalem yfir páskaföstu: „id est quadragesimas“, segir Egería.

<sup>305</sup> Kirkjan var reist sem „vottur að þíslum Kristis“, guðsþjónustur í henni tengdust einkum þjáningum Kristis. Arias Abellán, bls. 48.

við fyrsta hanagal eins og allt árið og það gert sem vaninn er að gera uns dagur rís. Aftur er gengið í Upprisukirkjuna á þriðju stund og gert það sem vaninn er að gera allt árið á sjöttu stund, því að í föstunni er líka komið saman á þriðju stund. Á sjöttu og níundu stund og við aftansöng er farið að eins og venjan er allt árið á öllum þessum helgu stöðum. 5. Á þriðjudögum er allt gert á sama hátt og á mánudögum. Á miðvikudögum er líka farið í Upprisukirkjuna um nóttina og gert það sem alltaf er gert fram á morgun; sömuleiðis á þriðju stund og þeirri sjöttu. En á níundu stund er komið saman á Síon, því það er ævinlega venjan, allt árið, að fara á Síonshæð á níundu stund á miðvikudögum og föstudögum, af því að hér um slóðir er alltaf fastað á miðvikudögum og föstudögum, meira að segja trúnemarnir gera það, nema þessir dagar lendi á helgidegi píslarvotts. Ef svo vill til að helgidagur píslarvotts lendir í páskaföstu á miðvikudegi eða föstudegi er samt komið saman á Síonshæð á níundu stund. 6. Í páskaföstu, eins og ég sagði hér að ofan, er á miðvikudögum farið á Síonshæð á níundu stund, eins og allt árið; og allt fer fram eins og vaninn er að það fari fram á níundu stund, að undanskilinni altarisgöngu. Til að fólkið læri lögmálið predika bæði biskupinn og presturinn viðstöðulaust. En þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur fylgir fólkið biskupnum til Upprisukirkjunnar og syngur sálma; göngunni er þannig háttað að þegar komið er inn í Upprisukirkjuna er aftansöngur að hefjast. Síðan eru sungnir sálmar og víxlsögvar, beðist er fyrir og síðan lýkur aftansöng í Upprisukirkjunni og við Krossinn. 7. Aftansöngnum lýkur alltaf síðar en aðra daga ársins þessa daga í páskaföstu. Á fimmtudögum fer allt fram á sama hátt og á mánudögum og þriðjudögum. Á föstudögum fer allt fram eins og á miðvikudögum; gengið er á Síonshæð á níundu stund og biskupnum fylgt þaðan að Upprisukirkjunni meðan sungnir eru sálmar. En á föstudögum er haldin vaka í Upprisukirkjunni frá því að menn koma til baka frá Síon syngjandi sálma þar til dagur rís, það er frá aftansöng, þegar komið var inn, þar til í dögum næsta dags, laugardags. Altarisganga fer mjög snemma fram í Upprisukirkjunni þannig að söfnuðurinn er kvaddur fyrir sólarupprás. 8. Alla nóttina eru ýmist sungnir sálmar með svarsöng eða víxlsögvar, og

ýmislegt lesið úr helgum ritum, og stendur það alveg fram á morgun. En athöfnin, það er að segja altarisgangan, sem haldin er í Upprisukirkjunni á laugardögum, fer fram fyrir sólarupprás, svo að söfnuðurinn sé kvaddur í Upprisukirkjunni um það leyti sem sólin kemur upp. Á þennan hátt fara hátíðahöldin fram allar vikur í páskaföstunni. 9. Það sem ég sagði áðan um að söfnuðurinn sé kvaddur fyrir á laugardögum, það er að segja, fyrir sólarupprás, er gert til þess að þeir sem hér eru nefndir *ebdomadarios*<sup>306</sup> geti lokið föstunni sem fyrst. Því að hér er það til siðs í páskaföstunni, að hinir svonefndu *ebdomadarios*, það eru þeir sem fasta í heila viku, geti matast á sunnudögum þegar söfnuðurinn er kvaddur á fimmtu stundu. Og þegar þeir hafa matast á sunnudeginum nærast þeir ekki aftur fyrir en snemma á laugardagsmorgni eftir að hafa gengið til altaris í Upprisukirkjunni. Þeirra vegna, til að þeir rjúfi föstuna fyrir, er söfnuðurinn kvaddur í Upprisukirkjunni fyrir sólarupprás á laugardögum. Það sem ég hef sagt um að söfnuðurinn sé kvaddur um morguninn þeirra vegna, þýðir ekki að þeir einir gangi til altaris heldur ganga allir sem það vilja til altaris þennan dag í Upprisukirkjunni.

XXVIII. 1. Það er venjan hér hjá sumum að halda föstuna þannig að þegar þeir hafa matast á sunnudegi eftir messu, það er að segja á fimmtu eða sjöttu stund, neyta þeir einskis matar alla vikuna fyrir en næsta laugardag þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í Upprisukirkjunni, þetta eru þeir sem fasta viku í senn. 2. Þegar þeir hafa matast snemma á laugardagsmorgun neyta þeir ekki aftur matar síðdegis, heldur matast þeir næsta dag, á sunnudeginum, söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni, á fimmtu stund eða síðar, og eftir það matast þeir ekki aftur fyrir en næsta laugardag, eins og ég hef sagt hér að ofan. 3. Hér gildir einnig sú venja, ekki aðeins á föstunni heldur allt árið, að allir sem eru *aputactitae*, eins og það er kallað hér, karlar og konur,<sup>307</sup> matast aðeins einu sinni á dag þegar þeir neyta matar. En ef á meðal þeirra er einhver sem getur ekki fastað í heila viku, eins og ég lýsti hér að ofan, matast þeir um miðja viku

<sup>306</sup> Þessi hópur fastaði viku í senn (frá altarisgöngu á sunnudegi þar til eftir altarisgöngu næsta laugardags, nafn þeirra er dregið af gríska orðinu *hebdomas*, sem þýðir vika, Arce, bls. 277; Arias Abellán, bls. 155–156, nmgr. 294.

<sup>307</sup> Munkar og nunnur, sbr. díakonessuna Martinu og söfnuð hennar.



á fimmtudögum alla föstuna. En þeir sem geta ekki einu sinni það fasta í tvo daga allar föstuvikurnar, en þeir sem geta það ekki heldur neyta matar síðdegis á hverjum degi. 4. Enginn setur reglur um hversu mikið skal fasta en allir gera það sem þeir geta; þeim er hvorki hrósað sem hefur fastað mikið né er þeim úthúðað sem fastað hefur minna. Slík er venjan hérna. En í föstunni nærast menn þannig að þeir mega ekki setja brauð inn fyrir sínar varir eða bragða olíu eða nokkuð sem kemur af trjám, heldur aðeins vatn og svolítið hafraseyði. Þannig er það á páskaföstu, eins og ég hef sagt.

XXIX. 1. Í lok þessara vikna eru haldnar vökur í Upprisukirkjunni á föstudögum, frá aftansöng, þegar menn koma frá Síon og syngja sálma, fram á laugardagsmorgun, þegar gengið er til altaris í Upprisukirkjunni. Í annarri, þriðju, fjórðu, fimmtu og sjöttu viku er hafður sami háttur á og í fyrstu viku föstunnar. 2. En þegar sjöunda vikan gengur í garð, það er, þegar aðeins eru tvær vikur til páska að henni meðtaldri, fer allt fram daglega eins og undanfarnar vikur að því undanskildu að vökurnar, sem undanfarnar sex vikur voru haldnar í Upprisukirkjunni, eru nú haldnar á Síonshæð föstudaginn í sjöundu vikunni, á sama hátt og þær voru haldnar í Upprisukirkjunni í þessar sex vikur. Alla vökuna eru sungnir sálmar eða víxlsöngvar sem allir eiga við jafnt stund sem stað. 3. En jafnskjótt og fer að birta af degi í aftureldingu laugardagsins útdeilir biskupinn altarisakramenti eins og á laugardagsmorgni. Þegar söfnuðurinn er kvaddur upphefur erkidjárninn raust sína og segir: „Í dag skulum við öll vera mætt á Lazarium á sjöundu stund.“ Og þegar sjöunda stundin nálgast koma allir til Lazarium. Lazarium, það er Betanía, er um það bil tvær mílur frá borginni. 4. Þegar gengið er frá Jerúsalem til Lazarium er kirkja á leiðinni, um það bil fimm hundruð skref þaðan, á staðnum þar sem María, systir Lazarusar, gekk á móti Drottni. Þegar biskupinn kemur þangað taka allir munkarnir á móti honum og fólkið fer inn með þeim, sunginn er sálmur og víxlsöngur og lesinn er sá kafli í guðspallinu þar sem systir Lazarusar gengur á móti Drottni.<sup>308</sup> Þegar búið er að fara með bæn og allir hafa hlotið blessun er gengið þaðan til Lazarium og sálmar sungnir. 5. Þegar

---

<sup>308</sup> Jóhannesarguðspjall, 11, 29.

komið er til Lazarium er mannfjöldinn slíkur að staðurinn sjálfur<sup>309</sup> er ekki aðeins fullur af fólki heldur allt svæðið umhverfis hann. Sungnir eru sálmar og sömuleiðis víxlsöngvar sem eiga við þennan dag og stað og sömuleiðis eiga þeir kaflar sem lesnir eru við daginn. En í lok messunnar eru páskar boðaðir, það er að segja, presturinn fer upp á pall og les þann kafla í guðspjallinu þar sem stendur skrifað: „Sex dögum fyrir páska kom Jesús þá til Betatínu “ og svo framvegis.<sup>310</sup> Þegar þetta hefur verið lesið og páskar boðaðir er söfnuðurinn kvaddur. 6. Þetta er gert á þessum degi af því að atburðurinn gerðist í Betaníu sex dögum fyrir páska, eins og skrifað stendur í guðspjallinu. Frá laugardegi til fimmtudags, þegar Drottinn var handtekinn eftir kvölmáltíðina, eru nefnilega sex dagar. Allir snúa nú beina leið til borgarinnar aftur og í Upprisukirkjuna en þar er síðan haldinn aftansöngur eins og venjan er.

XXX. 1. Daginn eftir, á sunnudeginum, sem er upphafið að páskavikunni sem hér er kölluð „stóra vika“, þegar venjubundnar athafnir hafa farið fram frá því við fyrsta hanagal þar til morgnar í Upprisukirkjunni og við Krossinn, er safnast saman um morguninn, samkvæmt venju, í stóru kirkjunni, sem kölluð er *Martyrium*. Þetta nefnist hún af því að hún er á Golgata, það er að segja, bak við krossinn þar sem Drottinn þjáðist, þess vegna heitir hún *Martyrium*. 2. Þegar allt hefur farið fram samkvæmt venju í stóru kirkjunni upphefur erkidjárninn raust sína áður en söfnuðurinn er kvaddur og segir fyrst: „Þessa viku, frá og með morgundeginum, komum við öll saman á níundu stund í *Martyrium*, það er að segja í stóru kirkjunni.“ Síðan upphefur hann raust sína öðru sinni og segir: „Í dag verðum við öll mætt á Olíufjallið á sjöundu stundu.“ 3. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í stóru kirkjunni, það er að segja í *Martyrium*, er biskupnum fylgt meðan sálmar eru sungnir til Upprisukirkjunnar og þegar þar hefur verið gert það sem vaninn er að gera á sunnudögum í Upprisukirkjunni eftir að söfnuðurinn hefur verið kvaddur á Píslarstaðnum, fer hver til síns heima og flýtir sér að matast svo að allir geti

---

<sup>309</sup> Þar sem gróf Lazarusar var.

<sup>310</sup> Jóhannesarguðspjall, 12, 1.

verið mættir í upphafi sjöundu stundar í kirkjunni á Eleona, það er að segja á Olúfjallinu, en þar er hellirinn þar sem Drottinn kenndi.

XXXI. 1. Á sjöundu stundu ganga allir upp á Olúfjallið, eða til kirkjunnar á Eleona. Biskupinn fær sér sæti í kirkjunni og sungnir eru sálmar og víxlsöngvar sem eiga við sjálfan daginn og staðinn, á sama hátt og það sem lesið er úr helgum ritum. Og þegar níunda stundin nálgast er gengið upp á Imbombom og sungnir sálmar, það er að segja á þann stað þar sem Drottinn reis upp til himna, og þar sest fólkið, því að mönnum er alltaf boðið að setjast þegar biskupinn er viðstaddur, aðeins djáknarnir standa allan tímann. Einnig eru sungnir sálmar og víxlsöngvar sem hæfa staðnum og deginum, á sama hátt og þær ritningagreinar og bænir sem farið er með. 2. Þegar ellefta stundin hefst eru lesinn sá kafli úr guðspjallinu þar sem börnin koma til fundar við Drottin með pálmaviðargreinar og segja: „Blessaður sé sá, er kemur í nafni Drottins.“<sup>311</sup> Þá stendur biskupinn á fætur og allur mannfjöldinn fer fótgangandi alla leiðina niður af Olúfjalli. Fólkið gengur á undan, syngur sálma og víxlsöngva og svarar alltaf: „Blessaður sé sá, sem kemur í nafni Drottins.“ 3. Öll börn á þessum slóðum, einnig þau sem eru svo ung að þau eru ekki farin að ganga og foreldrarnir bera á herðum sér, halda á greinum, sum á pálmagreinum, önnur á ólífugreinum, og þannig er biskupnum fylgt á sama hátt og Drottni var fylgt forðum. 4. Allir fara fótgangandi frá tindri fjallsins til borgarinnar og þaðan gegnum alla borgina til Upprisukirkjunnar, meira að segja heldri konur og karlar ganga með biskupnum alla leið og syngja svarsönginn. Gengið er afar hægum skrefum svo að fólk þreytist ekki, og loks er komið að Upprisukirkjunni þegar langt er liðið á daginn. Þegar þangað er komið er haldinn aftansöngur þó að áliðið sé orðið, aftur er lesin bæn við Krossinn og síðan er fólkið kvatt.

XXXII. 1. Daginn eftir, það er að segja á mánudeginum, er allt gert í Upprisukirkjunni eins og venjan er frá fyrsta hanagali til morguns. Sömuleiðis á þriðju og sjöttu stund, eins og alla daga föstunnar. Á níundu stund koma allir saman í stóru kirkjunni, það er að segja í *Martyrium*, og þar eru sungnir

---

<sup>311</sup> Mattheusarguðspjall, 21, 9.

sálmar og víxlsöngvar viðstöðulaust þar til á fyrstu stund kvöldins,<sup>312</sup> sömuleiðis eru lesnir kaflar sem eiga við daginn og staðinn og inn á milli eru alltaf lesnar bænir. 2. Þarna er líka haldinn aftansöngur þegar stundinn rennur upp, þannig að söfnuðurinn er kvaddur í *Martyrium* um kvöldið. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur er biskupnum fylgt þaðan í Upprisukirkjuna meðan sungnir eru sálmar. Þegar komið er inn í Upprisukirkjuna er sunginn sálmur, farið er með bæn, trúnemarnir hljóta blessun og þeir trúðu, og söfnuðurinn er kvaddur.

XXXIII. 1. Á þriðjudaginn er allt einnig gert á sama hátt og á mánudeginum. Það eitt bætist við þriðjudaginn að þegar liðið er á kvöldið, þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í *Martyrium* og farið í Upprisukirkjuna eftir það og verið kvaddur þar líka, fara allir þá um kvöldið í kirkjuna á Olúfjallinu. 2. Þegar komið er í kirkjuna gengur biskupinn inn í hellinn þar sem Drottinn var vanur að kenna lærisveinunum, hann stendur og tekur við guðspjallabókinni og les sjálfur orð Drottins, þau er rituð eru í Matteusarguðspjalli, þar sem segir: „Gætið þess, að enginn leiði ykkur í villu“<sup>313</sup> og alla þá ræðu les biskupinn. Þegar hann hefur lesið þetta er farið með bæn, trúnemar hljóta blessun og þeir trúðu, söfnuðurinn er kvaddur og allir halda heim á leið frá fjallinu þegar langt er liðið á kvöldið.

XXXIV. 1. Á sama hátt fer þetta fram allan miðvikudaginn, frá fyrsta hanagali eins og á mánudag og þriðjudag, en eftir að söfnuðurinn hefur verið kvaddur um kvöldið í *Martyrium* og biskupi hefur verið fylgt meðan sungnir eru sálmar til Upprisukirkjunnar, gengur hann beina leið inn í hellinn sem er í Upprisukirkjunni og stendur fyrir innan grindurnar. Prestur stendur fyrir framan grindurnar, tekur á móti guðspjallabókinni og les kaflann þar sem Júdas Ískariót fór til Gyðinganna og ákvað hvað þeir ættu að launa honum fyrir að vísa þeim á Drottin. Þegar kaflinn hefur verið lesinn brjótast út mikil hróp og kvein meðal fólksins svo að enginn getur tára bundist á þessari

---

<sup>312</sup> Klukkan 19.

<sup>313</sup> Matteusarguðspjall, 24, 4–5.

stundu. Eftir þetta er farið með bæn, trúnemarnir hljóta blessun, síðan þeir trúðu, og söfnuðurinn er kvaddur.

XXXV. 1. Á fimmtudeginum fer þetta fram samkvæmt venju frá því við fyrsta hanagal fram á morgun í Upprisukirkjunni, og sömuleiðis á þriðju og sjöttu stund. Allt fólkið kemur saman eins og vanalega í *Martyrium*, þó svolítið fyrr en aðra daga, á áttundu stund, af því að það þarf að kveðja söfnuðinn fyrr. Þegar allir eru saman komnir er allt gert sem gera þarf, sakramenti er útteilt þennan dag í *Martyrium* og söfnuðurinn er kvaddur á þessum sama stað um það bil á tíundu stund. En áður en söfnuðurinn er kvaddur upphefur erkidjárninn raust sína og segir: „Þegar kvöldar<sup>314</sup> skulum við öll koma saman í kirkjunni á Olúfjalli því að í nótt bíður okkar mikið erfiði.“ 2. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í *Martyrium* er farið bak við Krossinn, þar er sunginn aðeins einn sálmur, farið er með bæn, biskupinn færir fórnina og allir meðtaka sakramentið. Altarissakramentinu er annars aldrei útteilt bak við Krossinn, það er aðeins gert þennan eina dag ársins. Eftir að söfnuðurinn hefur einnig verið kvaddur hér er gengið í Upprisukirkjuna, lesin bæn, trúnemar eru samkvæmt venju blessaðir og síðan þeir trúðu og söfnuðurinn er kvaddur. Allir flýta sér nú heim til að neyta matar því að jafnskjótt og allir hafa matast er haldið á Olúfjallið, til kirkjunnar hjá hellinum þar sem Drottinn var með lærisveinunum þennan sama dag. 3. Þar eru sungnir viðstöðulaust sálmar og víxlsöngvar sem hæfa þessum degi og stað, og einnig kaflar úr Ritningunni við hæfi, alveg fram að fimmtu stundu kvölds,<sup>315</sup> og beðist er fyrir inn á milli, einnig eru lesnir þeir kaflar í guðspjallinu þar sem Drottinn sat og talaði við lærisveinana þennan sama dag í sama helli og er í sjálfri kirkjunni. 4. Um það bil á sjötta tíma nætur er haldið upp á Imbomon meðan sungnir eru sálmar, á þann stað þar sem Drottinn steig upp til himna. Þar er einnig lesið úr Ritningunni og sungnir sálmar og víxlsöngvar sem hæfa deginum, allar þær bænir sem biskupinn fer með eiga alltaf við þennan dag og stað sömuleiðis.

---

<sup>314</sup> Á fyrstu stund kvöldsins, klukkan 19.

<sup>315</sup> Klukkan 23.

XXXVI. 1. Við fyrsta hanagal er gengið niður af Imbomon og sálmar eru sungnir á leiðinni og komið á þann stað þar sem Drottinn baðst fyrir, eins og stendur skrifað í guðspjallinu: „Og hann fór frá þeim hér um bil steinsnar og baðst fyrir“<sup>316</sup> og svo framvegis. Á þessum stað er afar fögur kirkja. Biskupinn og allt fólkið gengur inn, farið er með bæn sem hæfir stað og degi, sömuleiðis er sunginn sálmur við hæfi og lesinn er kaflinn úr guðspjallinu þar sem hann sagði við lærisveinana: „Vakið, til þess að þér fallið ekki í freistni“.<sup>317</sup> Allur kaflinn er lesinn og aftur er beðist fyrir. 2. Þaðan fara allir, meira að segja minnstu börnin, fótgangandi með biskupnum og syngja sálma á leiðinni niður til Getsemane. Þar sem mannfjöldinn er svo mikill og allir þreyttir eftir vökunætur og úrvinda eftir daglegar föstur, og þar sem fjallið sem þarf að ganga niður er svo hátt, ganga menn afar hægum skrefum til Getsemane og þeir syngja sálma. Yfir tvö hundruð kirkjukerti eru tilbúin til að lýsa fólkinu. 3. Þegar komið er til Getsemane er fyrst farið með bæn við hæfi, því næst er sunginn sálmur, einnig er lesinn sá kafli úr guðspjallinu þar sem Drottinn var handtekinn. Þegar kaflinn hefur verið lesinn brýst út svo mikill grátur og vein og kvein að harmatölur mannfjöldans berast næstum því alla leið til borgarinnar. Að þessu loknu er gengið af stað til borgarinnar meðan sálmar eru sungnir og komið er að hliðinu um það leyti sem menn geta borið kennsl hver á annan, þaðan ganga allir sem einn inn í miðja borgina, aldnir og ungir, ríkir og fátækir, allir eru viðstaddir, því að þennan dag yfirgefur enginn vökuna fyrr en dagur er risinn. Biskupnum er fylgt frá Getsemane að hliðinu og þaðan gegnum alla borgina að Krossinum. 4. Þegar komið að Krossinum<sup>318</sup> er tekið að birta af degi. Öðru sinni er lesinn sá kafli í guðspjallinu þegar Drottinn er færður til Pílatúsar og allt sem skrifað stendur að Pílatús hafi sagt við Drottin eða Gyðingana er lesið í heild sinni. 5. Því næst ávarpar biskupinn fólkið og hughreystir það eftir allt sem það hefur mátt þola alla nóttina og á eftir að þola þennan dag, svo að það láti ekki hugfallast heldur setji traust sitt á

---

<sup>316</sup> Lúkasarguðspjall, 22, 41.

<sup>317</sup> Mattheusarguðspjall, 26, 41.

<sup>318</sup> Á svæðinu milli Upprisukirkjunnar og *Martyrium*, í suðausturhorninu var Golgata og Krossinn, eins og áður var sagt.

Guð sem mun launa því erfiðrið margfalt. Og meðan hann hughreystir fólkið eftir megni segir hann við það: „Farið núna öll til ykkar heima og hvílist smástund, og verið öll tilbúin hérna á annarri stundu dagsins því að frá þeirri stundu og fram á þá sjöttu getið þið séð krossins helga tré sem vér trúum öll að muni verða oss til frelsunar. Á sjöttu stund verðum við öll að vera saman komin aftur á þessum stað fyrir framan Krossinn til að lesa og biðjast fyrir fram á nótt.“

XXXVII. 1. Eftir að söfnuðurinn hefur verið kvaddur við Krossinn áður en sólin rís flýtur ákafur mannfjöldinn sér strax að Síonshæð til að biðjast fyrir frammi fyrir súlunni þar sem Drottinn var húðstrýktur. Þegar þaðan er komið fara menn heim til að hvílast smástund og innan skamms eru allir tilbúnir. Stól biskupsins er komið fyrir á Golgata, bak við Krossinn og biskupinn tekur sér stöðu þar núna; biskupinn sest í stólinn, fyrir framan hann er komið fyrir borði með dúk, djáknarnir standa kringum borðið og komið er með gulli skreytt silfurskrín sem hefur að geyma krossins helga tré. Skrínið er opnað og það sýnt. Á borðið er lagt tré krossins með yfirskriftinni. 2. Þegar þetta hefur verið lagt á borðið sem biskupinn situr við tekur hann um endana á hinu helga tré meðan djáknarnir kringum borðið gæta þess. Þeir gæta þess af þeirri ástæðu að það er venja að allir, bæði trúaðir og trúnemar, komi hver af öðrum, lúti yfir borðið, kyssi hið helga tré krossins og gangi fram hjá. Sagt er að einhver, ég veit ekki hvenær, hafi bitið í krossinn og stolið af hinu helga tré, þess vegna gæta djáknarnir þess nú og standa kringum það, svo að enginn þeirra sem koma vogi sér að gera slíkt aftur. 3. Þannig gengur allt fólkið fram, einn og einn í senn, og lýtur niður, snertir krossinn og yfirskriftina, fyrst með enninu, síðan með augunum, og þegar það hefur kysst krossinn heldur það áfram en enginn teygir fram höndina til að snerta hann. En þegar menn hafa kysst krossinn og gengið fram hjá, ganga þeir til djákna sem heldur á hring Salómons og horninu með olfunni sem var notuð til að smyrja konungana. Frá um það bil annarri stund kyssa þeir hornið og hringinn og fram á þá sjöttu gengur allt fólkið í röð, inn um einar dyr og út um aðrar, því að þetta fer fram þar sem sakramentinu var útteilt daginn áður, á fimmtudeginum. 4. Þegar

sjötta stund rennur upp er gengið fram fyrir Krossinn hvort heldur rignir eða hlýtt er í veðri, því staðurinn er undir berum himni, hann er eins og afar stór og fagur forgarður milli Krossins og Upprisukirkjunnar. Hér safnast saman svo mikill mannfjöldi að ekki er hægt að komast leiðar sinnar. 5. Stóll biskupsins er settur fyrir framan Krossinn og frá sjöttu stund fram á þá níundu er ekkert gert annað en að lesa á eftirfarandi hátt: Fyrst er lesið úr sálmunum, allir hlutar sem fjalla um píslirnar; einnig er lesið úr Postulanum, bæði úr bréfunum og Postulasöggunni, þeim köflum sem segja frá píslum Drottins; einnig eru lesnir þeir kaflar úr guðspjöllunum þar sem hann leið píslir; síðan eru lesnir úr spámönnunum þeir kaflar þar sem þeir boðuðu að Drottinn myndi þjást; loks úr guðspjöllunum, þar sem segir frá þjáningum hans. 6. Þannig er lesið viðstöðulaust eða sungnir sálmar frá sjöttu stund fram á þá níundu, svo að öllum mönnum verði ljóst að allt sem spámennirnir sögðu fyrir um þjáningar Drottins er staðfest í guðspjöllunum og skrifum postulanna. Og þannig fræðist fólkið á þessum þremur klukkustundum um að ekkert gerðist sem ekki var áður búið að segja fyrir um, og ekkert var boðað sem ekki rættist fullkomlega. Allan tímann eru lesnar bænir inn á milli, bænir sem einnig hæfa þessum degi. 7. Í hvert sinn sem lesið er eða beðist fyrir kemst fólkið í slíkt uppnám og kveinar svo sáran að undrum sætir; því að þennan dag í þessar þrjár stundir getur enginn, hvorki stór né smár, annað en harmað óumræðilega að Drottinn skyldi hafa þolað slíkar þjáningar vegna okkar. Þegar níunda stund er að ganga í garð er lesinn kaflinn úr Jóhannesarguðspjalli þar sem hann gaf upp andann; að lestri loknum er farið með bæn og söfnuðurinn kvaddur. 8. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur fyrir framan Krossinn er undireins farið í stóru kirkjuna, *Martyrium*, og allt það gert sem venjan er að gera í þessari viku frá níundu stund, þegar komið er í *Martyrium*, fram eftir degi. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur er gengið úr *Martyrium* í Upprisukirkjuna. Þegar þangað er komið er lesinn kaflinn í guðspjallinu þar sem Jósef biður Pílatus um líkama Jesú og leggur hann í nýja gröf.<sup>319</sup> Að lestri loknum er farið með bæn, trúnemar hljóta blessun og söfnuðurinn er kvaddur.

---

<sup>319</sup> Jóhannesarguðspjall, 19, 38; 19,41 –42.



9. Þennan dag er ekki boðað að vaka fari fram í Upprisukirkjunni, því að vitað er að fólkið er þreytt; en þó er það venjan að þar sé haldin vaka. Þeir vaka sem vilja, eða þeir sem það geta, en þeir sem ekki geta vaka ekki til morguns; en prestarnir, þeir sem eru sterkbyggðastir og yngstir, vaka þar, og alla nóttina eru sungnir sálmar og víxlsöngvar fram á morgun. Margir vaka, sumir frá því um kvöld, aðrir frá miðnætti, eftir því sem þeir geta.

XXXVIII. 1. Á laugardeginum næsta dag er farið að samkvæmt venju á þriðju stund og þeirri sjöttu; en á níundu stund er breytt út af venjum laugardagsins og páskavakan undirbúin í stóru kirkjunni, það er að segja í *Martyrium*.

Páskavakan fer fram eins og hjá okkur að einu atriði undanskildu: Þegar nýnemarnir<sup>320</sup> hafa verið skírðir og klæddir, eftir að þeir eru komnir upp úr lauginni, er fyrst farið með þá ásamt biskupnum í Upprisukirkjuna. 2.

Biskupinn fer inn fyrir grindurnar í Upprisukirkjunni, sunginn er sálmur, biskupinn biður fyrir þeim og síðan fer hann með þá í stóru kirkjuna þar sem allt fólkið vakir samkvæmt venju. Þar fer fram það sama og tíðkast að gert sé hjá okkur og eftir altarisgöngu er söfnuðurinn kvaddur. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur að lokinni vöku í stóru kirkjunni er undireins farið í Upprisukirkjuna og sungnir sálmar, en þegar þangað er komið að nýju er lesinn kaflinn úr guðspjallinu um upprisuna, farið er með bæn og biskupinn útdeilir sakramentinu að nýju, en allt er þetta gert með hraði vegna fólksins, svo að það tefjist ekki of mikið, og síðan er fólkið kvatt. Söfnuðurinn er kvaddur að lokinni vöku þennan dag á sama tíma og tíðkast hjá okkur.

XXXIX. 1. Páskar eru haldnir hátíðlegir eins og tíðkast hjá okkur, og messur eru haldnar eins og venjan er páskadagana átta, eins og gert er alls staðar um páska fram á áttunda dag. Hér er sama skrautið og sama fyrirkomulag þessa átta páskadaga og var á guðsdómsbirtingardaginn, bæði í stóru kirkjunni og Upprisukirkjunni og við Krossinn og í Eleona, en líka í Betlehem og Lazarium og alls staðar, af því að það eru páskar. 2. Fyrsta daginn, sunnudaginn, er komið saman í stóru kirkjunni, það er að segja í *Martyrium*, og einnig

---

<sup>320</sup> Egería notar orðið *infans* um þá sem nú hafa verið skírðir og eru gengnir í hinn kristna söfnuð. Þetta er dæmi um latneskt orð sem fær nýja merkingu með tilkomu kristni. Arias Abellán, bls. 173, nmgr. 350.

mánudag og þriðjudag, en þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur er alltaf gengið úr *Martyrium* til Upprisukirkjunnar og sálmar sungnir. Á miðvikudeginum er komið saman í Eleona, á fimmtudeginum í Upprisukirkjunni, á föstudeginum á Síonshæð, á laugardeginum fyrir framan Krossinn, á sunnudeginum, það er að segja á áttunda degi, aftur í stóru kirkjunni, það er að segja *Martyrium*. 3. Þessa átta páskadaga fer biskupinn daglega eftir mat upp á Olúfjallið með öllum prestunum og öllum börnunum, það er, öllum sem tóku skírn, og öllum *aputactitae*, jafnt körlum sem konum, og auk þess öllu fólkinu sem vill fylgja honum. Þar eru sungnir sálmar og farið með bænir, bæði í kirkjunni á Olúfjallinu, en í henni er hellirinn þar sem Jesús uppfærði lærisveina sína, og líka á Imbomon, á þeim stað þar sem Drottinn sté upp til himna. 4. Þegar búið er að syngja sálma og biðjast fyrir er að koma að aftansöng og gengið er niður í Upprisukirkjuna meðan sungnir eru sálmar. Þetta er gert alla átta dagana. En á páskadag, þegar aftansöng er lokið í Upprisukirkjunni, fylgir allt fólkið biskupnum á Síon og syngur sálma á leiðinni. 5. Þegar þangað er komið eru sungnir sálmar sem hæfa þessum degi og stað, farið er með bæn og lesinn sá kafli guðspjallsins þar sem á þessum sama degi og sama stað og kirkjan stendur nú á Síon, Drottinn gekk inn til lærisveinanna og dyrnar voru læstar, þegar einn lærisveinanna, það er Tómas, var ekki þar og þegar hann kom til baka sögðu hinir lærisveinarnir honum að þeir hefðu séð Drottin, og hann sagði: „Ég trúí því ekki nema ég sjái það“.<sup>321</sup> Eftir lesturinn er aftur beðist fyrir, trúnemarnir hljóta blessun og síðan þeir trúuðu og hver og einn fer heim til sín um kvöldið um það bil á annarri stundu kvölds.

- XL. 1. Áttunda dag páska, sem er sunnudagur, fer allt fólkið einnig ásamt biskupnum upp á Olúfjall strax eftir sjöttu stund. Fyrst er sest í kirkjuna sem þar er og staldrað nokkra stund, sungnir sálmar og víxlsöngvar sem hæfa degi og stað, og farið með bænir sem hæfa sömuleiðis degi og stað. Síðan er gengið upp til Imbomon meðan sungnir eru sálmar, og gert það sama og á fyrri staðnum. Þegar tími er kominn til gengur allt fólkið og allir *aputactitae* með

<sup>321</sup> Jóhannesarguðspjall, 20, 19–25.

biskupnum til Upprisukirkjunnar og syngur sálma á leiðinni. Komið er í Upprisukirkjuna um það leyti sem tíðkast að halda aftansöng. 2. Aftansöngur er haldinn í Upprisukirkjunni og við Krossinn og þaðan fylgja allir með tölu biskupnum á Síon og syngja sálma á leiðinni. Þegar þangað er komið eru einnig sungnir sálmar sem hæfa stað og degi og lesinn er aftur úr guðspjallinu kaflinn þar sem Drottinn kemur inn til lærisveinanna áttunda dag páska og ávítar Tómas fyrir að vera vantrúaður.<sup>322</sup> Þetta er allt lesið, síðan er farið með bæn, trúnemarnir hljóta blessun og hinir trúuðu, eins og venjan er, og hver og einn heldur til síns heima á sama tíma og á páskadag, á annarri stund kvöldsins.

- XLI. 1. Frá páskum fram á fimmtugasta dag, sem er hvítasunna, fastar enginn hérna, ekki einu sinni þeir *apuctatitae* sem hér eru. Alla þessa daga er venjubundið helgihald í Upprisukirkjunni, eins og allt árið, frá fyrsta hanagali til morguns; einnig á sjöttu stund og við aftansöng. En á sunnudögum er komið saman í *Martyrium*, það er að segja í stóru kirkjunni, eins og venjan er, og þaðan er farið í Upprisukirkjuna og sungnir sálmar á leiðinni. Á miðvikudögum og föstudögum er komið saman á Síon, þar sem enginn fastar á þessum dögum, en að morgni dags, og þar er haldin venjubundin athöfn.
- XLII. 1. Fertugasti dagur eftir páska er fimmtudagur, en daginn áður, það er á segja á miðvikudegi eftir sjöttu stund, fara allir til Betlehem til að halda vökuna. Hún er haldin í kirkjunni í Betlehem en þar er hellirinn þar sem Drottinn fæddist. Daginn eftir, á fimmtudeginum, á fertugasta degi, fer athöfnin fram samkvæmt hefðinni þannig að bæði prestar og biskupinn predika á þann hátt sem hæfir degi og stað,<sup>323</sup> og loks snúa allir aftur til Jerúsalem sídegis.
- XLIII. 1. Á fimmtugasta degi, sem er sunnudagur, er fólkið önnum kafið, allt fer fram eins og venjulega frá fyrsta hanagali. Haldin er vaka í Upprisukirkjunni þar sem biskupinn les þann kafla úr guðspjallinu sem alltaf er lesinn á sunnudögum, þar sem segir frá upprisu Drottins, og síðan er það gert í

---

<sup>322</sup> Sama rit, 20, 26–30.

<sup>323</sup> Ekki þykir líklegt að hér sé verið að halda uppstigningardag hátíðlegan þar sem uppstigningarinnar er minnst á hvítasunnu samkvæmt Egeríu. Getur hafa verið leiddar að því að hér sé um að ræða sérstaka hátíð sem tengist Betlehem. Arias Abellán, bls. 180, nmgr. 377; Arce, bls. 136–139.

Upprisukirkjunni sem venjan er að gera allt árið. 2. Þegar dagur er risinn gengur allt fólkið í stóru kirkjuna, það er að segja *Martyrium*. Hér er allt gert eins og vant er, prestar predika og síðan biskupinn, allt fer fram samkvæmt bókinni, það er, altarisgangan samkvæmt þeirri venju sem tíðkast á sunnudögum, en söfnuðurinn er kvaddur fyrir í *Martyrium* svo að öllu sé lokið fyrir þriðju stund. Jafnskjótt og söfnuðurinn hefur verið kvaddur í *Martyrium* fylgir fólkið, allir með tölu, biskupnum til Síon og syngur sálma á leiðinni, en þannig að komið sé á Síonshæð nákvæmlega á þriðju stund. 3. Þegar þangað er komið er lesinn kaflinn úr Postulasögunni þar sem heilagur andi sté niður svo að þeir sem töluðu aðrar tungur skildu það sem var sagt.<sup>324</sup> Síðan heldur athöfnin áfram á venjubundinn hátt. Prestarnir lesa þennan kafla úr Postulasögunni af því að samkvæmt þeim lestri er þessi staður á Síon, þar sem nú stendur önnur kirkja, staðurinn þar sem mannfjöldinn var saman kominn ásamt postulunum eftir píslir Drottins þegar það gerðist sem ég greindi frá hér að ofan. Síðan heldur athöfnin áfram samkvæmt venju, einnig er gengið til altaris, og áður en söfnuðurinn er kvaddur upphefur erkidjárninn raust sína og segir: „Við skulum öll vera mætt á Olúfjalli við Imbomon strax eftir sjöttu stund.“ 4. Allir snúa nú heim á leið til að hvílast og strax eftir hádegisverð er gengið upp á Olúfjallið, það er að segja Eleona, hver með sínu lagi, svo að enginn kristinn maður er eftir í borginni því að allir fara. 5. Þegar komið er upp á Olúfjallið, það er að segja Eleona, er fyrst farið til Imbomon, það er að segja, á þann stað þar sem Drottinn sté upp til himna; þar setjast biskupinn og prestarnir, en einnig allt fólkið. Þar er lesið, sálmar eru sungnir inn á milli, sömuleiðis víxlsöngvar sem eiga við daginn og staðinn, bænirnar, sem farið er með inn á milli, eru einnig um efni sem á við daginn og staðinn. Einnig er lesinn sá kafla úr guðspjallinu þar sem sagt er frá uppstigninu Drottins og einnig er lesið úr Postulasögunni um uppstigningu Drottins til himna eftir upprisuna. 6. Þegar þessu er lokið hljóta trúnemarnir og síðan hinir trúuðu blessun, og á níundu stund er gengið niður, sungnir eru sálmar meðan gengið er til kirkjunnar, sem er á Olúfjallinu, það er að segja við hellinn er þar sem

---

<sup>324</sup> Postulasagan, 2, 1–12.

Drottinn sat og uppfræddi lærisveinana. Þegar þangað kemur er komið fram yfir tíundu stund; aftansöngur er haldinn, farið er með bæn og trúnemar hljóta blessun og síðan þeir trúðu. Og þaðan er gengið niður og sungnir sálmar á leiðinni, allir syngja ásamt biskupnum, undantekningalaust, sálma eða víxlsöngva sem hæfa þessum degi; þannig er gengið afar hægum skrefum að *Martyrium*. 7. Þegar komið er að borgarhliðinu er tekið að kvölda og komið er með um tvö hundruð ljós úr kirkjunni til að lýsa fólkinu. En þar sem langt er frá borgarhliðinu í stóru kirkjuna, það er að segja *Martyrium*, er ekki komið þangað fyrr en um það bil á annarri stund kvölds, því að alla leiðina er gengið afar hægt, svo að fólk þreytist ekki á göngunni. Þegar stóru dyrnar, sem snúa út á aðalgötuna, hafa verið opnaðar, gengur allt fólk inn í *Martyrium* ásamt biskupnum meðan sungnir eru sálmar. Þegar komið er inn í kirkjuna eru sungnir sálmar, lesin er bæn, trúnemar hljóta blessun og hinir trúðu; og síðan er farið þaðan í Upprisukirkjuna og enn eru sungnir sálmar á leiðinni. 8. Þegar komið er í Upprisukirkjuna eru einnig sungnir sálmar eða víxlsöngvar, farið er með bæn, trúnemar hljóta blessun og hinir trúðu. Það sama á sér stað við Krossinn. Þaðan fylgja allir í hinum kristna söfnuði, undantekningalaust, biskupnum aftur á Síon og sungnir eru sálmar á leiðinni. 9. Þegar þangað er komið er lesinn viðeigandi kafli, sungnir eru sálmar eða víxlsöngvar, farið er með bæn, trúnemar hljóta blessun og hinir trúðu og söfnuðurinn er kvaddur. Þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur fara allir til að kyssa hönd biskupsins, og því næst snýr hver og einn aftur til síns heima um miðnætti. Þessi dagur er þess vegna afar erfiður, því að við fyrsta hanagal er haldin vaka í Upprisukirkjunni og síðan er haldið áfram allan liðlangan daginn; helgiatahafnirnar taka langan tíma og það er ekki fyrr en um miðnætti að allir fara heim þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur á Síon.

- XLIV. 1. Frá og með öðrum degi hvítasunnna fasta allir á sama hátt og gert er allt árið, hver og einn eftir getu, nema laugardag og sunnudag, þegar aldrei er fastað á þessum slóðum. Aðra daga fer allt fram eins og allt árið, það er að segja, vakað er í Upprisukirkjunni frá fyrsta hanagali. 2. Sé sunnudagur les biskupinn í fyrsta lagi guðspjallið, eins og vaninn er í Upprisukirkjunni við

fyrsta hanagal, nefnilega kaflann um upprisu Drottins sem er alltaf lesinn á sunnudögum, og síðan eru sungnir sálmar og víxlsöngvar í Upprisukirkjunni þar til birtir. Sé ekki sunnudagur eru aðeins sungnir sálmar og víxlsöngvar í Upprisukirkjunni þar til birtir af degi. 3. *Apuctatitae* eru allir viðstaddir en af fólkinu koma þeir sem geta, en prestarnir skiptast á um að vera þar daglega við fyrsta hanagal. Biskupinn fer alltaf þegar birtir af degi til halda morgunmessu með öllum prestunum, nema á sunnudögum því að þá verður hann að lesa guðspjallið í Upprisukirkjunni við fyrsta hanagal. Enn fer allt fram samkvæmt venju á sjöttu stund í Upprisukirkjunni, einnig á níundu stund, einnig fylgir aftansöngurinn sömu venju og fylgt er allt árið. Á miðvikudögum og föstudögum fer alltaf fram athöfn á Síon á níundu stund samkvæmt venju.

- XLV. 1. Ennfremur finnst mér ég verða að segja ykkur frá því hvernig þeir eru uppfærddir sem taka skírni um páska. Sá, sem gefur upp nafn sitt, gerir það fyrir fyrsta dag föstunnar, og prestur skrifar niður nöfn allra; og þetta gerist fyrir þær átta vikur sem ég hef sagt að fastan sé haldin. 2. Þegar presturinn hefur skrifað hjá sér nöfn allra, er daginn eftir, það er að segja í upphafi þessarar átta vikna föstu, settur stóll handa biskupnum í miðja stóru kirkjuna, það er í *Martyrium*. Öldungar sitja á stólum honum til beggja handa en allir prestarnir standa.<sup>325</sup> Þeir sem vilja skírast eru nú leiddir fram einn af öðrum; karlmenn koma með guðfeðrum sínum, konur með guðmæðrum sínum.<sup>326</sup> 3. Biskupinn snýr sér að nágrönnum hvers og eins sem gengur inn og spyr: „Lífir þessi manneskja vammlausu lífi? Heiðrar hún foreldra sína? Er þessi drykkfelldur eða hégómlegur?“ Hann spyr um alla alvarlega mannlega lesti. 4. Ef í ljós kemur að viðkomandi er vammlaus á öllum sviðum sem biskupinn spyr viðstödd vitni um, skrifar hann nafn hans með eigin hendi. En sé hann ásakaður um eitthvað skipar hann honum að ganga út og segir: „Bættu ráð þitt og þegar þú hefur gert það máttu koma til skírnar.“ Svona spyrst hann fyrir

---

<sup>325</sup> *Presbyteri* og *clerici*. Hér er *presbyteri* þýtt sem öldungar.

<sup>326</sup> „si uiri sunt, cum patribus suis veniunt, si autem feminae, cum matribus suis.“ Arce, bls. 312.

um karla og konur. En aðkomumaður getur ekki auðveldlega fengið skírni hafi hann engin vitni sem þekkja til hans.

XLVI. 1. Þetta varð ég að skrifa, háæruverugu systur, svo að þið haldið ekki að skírinni fylgi engar skýringar á inntaki hennar.<sup>327</sup> Það er reyndar venjan hér hina fjörutíu daga föstunnar að þeir sem á að skíra fari fyrst í andasæringu snemma morguns hjá prestunum, jafnskjótt og söfnuðurinn hefur verið kvaddur um morguninn í Upprisukirkjunni. Strax á eftir er stól biskupsins komið fyrir í stóru kirkjunni, *Martyrium*, og allir, sem eiga að taka skírni, jafnt karlar sem konur, setjast í í kringum biskupinn, guðfeður og guðmæður eru þarna líka, og allir sem vilja hlusta koma einnig og setjast, séu þeir í hópi trúaðra. 2. Trúnemarnir koma þó ekki inn<sup>328</sup> meðan biskupinn kennir þeim lögmálið. Hann gerir það á eftirfarandi hátt: Hann byrjar á sköpunarsögunni, á þessum fjörutíu dögum fer hann yfir alla kafla Ritningarinnar, fjallar fyrst um bókstaflega merkingu og túlkar síðan andlega merkingu. Ennfremur kennir hann allt um upprisuna og trúna á þessum dögum; þetta er kallað katekismi. 3. Þegar fimm vikur eru liðnar af kennslunni taka þau við tákni<sup>329</sup> merkingu táknsins útskýrir hann orð fyrir orð á sama hátt og hann útskýrði merkingu allrar Ritningarinnar, fyrst hina bókstaflega merkingu og síðan þá andlegu; þannig skýrir hann fyrir þeim táknið. Og á þennan hátt geta allir trúaðir á þessum slóðum skilið Ritninguna þegar úr henni er lesið í kirkjunni, því að allir hafa hlotið uppfræðslu þessa fjörutíu daga, það er frá fyrstu stund fram á þá þriðju, því að fræðslan fer fram í þrjár klukkustundir. 4. Það veit Guð, mínar háæruverðugu systur, að hróp þeirra trúuðu sem koma til að hlusta á það sem biskupinn segir og útlistar í trúfræðslunni hljóma hærra en þegar hann situr í kirkjunni og predikar um hvert atriði. Þegar trúfræðslunni er lokið á þriðju stund er biskupnum undireins fylgt meðan sungnir eru sálmar í Upprisukirkjuna til messu á þriðju stund; trúfræðslan fer þannig fram í þrjár stundir daglega í sjö vikur. En í áttundu viku föstunnar, það er að segja í þeirri

<sup>327</sup> Hér er fylgt túlkun Arias Abellán setningunni: „Hoc autem, dominae sorores, ne eximaretis sine ratione fieri, scribere debui.“ Orðið *ratio* þýðir hún sem „inntak“ eða „skýring á inntaki leyndardóma skírinnar“, bls. 187, nmgr. 395.

<sup>328</sup> Þ.e. trúnemar sem á ekki að skíra um páska. Samar rit, bls. 187, nmgr. 399.

<sup>329</sup> Þ.e. trúarjátningunni.

viku sem kölluð er „stóra vika“, er enginn tími til að uppfræða þau ef framkvæma á allt sem lýst er að ofan. 5. Þegar sjö vikur eru liðnar er ein vika eftir, páskavikan, sem hér er kölluð „stóra vika“. Þá kemur biskupinn snemma morguns í stóru kirkjuna, á Píslarstaðinn; stól biskupsins er komið fyrir í kórskansinum, bak við altarið, og þangað koma þau eitt af öðru, karlmenn með guðfeðrum sínum og konur með guðmæðrum sínum, og flytja táknið fyrir biskupinn. 6. Þegar þau hafa flutt táknið fyrir biskupinn ávarpar hann þau öll og segir: „Þessar sjö vikur hafið þið fengið fræðslu um allt er varðar lögmál Biblíunnar og sömuleiðis hafið þið heyrt talað um trúna. Ykkur hefur einnig verið sagt frá upprisu holdsins og allt um inntak táknsins, að svo miklu leyti sem ykkur leyfðist að hlusta því að enn eruð þið trúnemar. En skírnin sjálf tilheyrir æðri leyndardómi, og þar sem þið eruð enn trúnemar megið þið enn ekki heyra um hana. Og til að þið haldið ekki að eitthvað sé gert án þess að inntak þess sé skýrt munuð þið fræðast um það páskadagana átta í Upprisukirkjunni, þegar búið er að skíra ykkur í nafni Guðs og söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni. Þar sem þið eruð enn trúnemar er ekki unnt að segja ykkur dýpstu leyndarmál Guðs.“

XLVII. 1. Þegar páskadagar ganga í garð er gengið í þessa átta daga frá páskadegi til áttunda dags þar á eftir til Upprisukirkjunnar þegar söfnuðurinn hefur verið kvaddur í kirkjunni og sungnir sálmar á leiðinni, þar er farið með bæn, hinir trúuðu hljóta blessun, og biskupinn stendur og styður sig við grindurnar við hellinn í Upprisukirkjunni og útskýrir allt sem gert er í skírninni. 2. Á meðan mega trúnemar ekki koma inn í Upprisukirkjuna, aðeins nýnemar<sup>330</sup> og þeir trúuðu sem vilja heyra leyndardómanna mega koma inn. Dyrnum er lokað svo að enginn trúnemi komi þangað inn. Meðan biskupinn ræðir og skýrir hvert atriði brjótast út slík fagnaðarlæti að þau berast langt út fyrir kirkjuna. Hann afhjúpar merkingu allra leyndardómanna á þann hátt að enginn áheyrenda getur annað en orðið djúpt snortinn þegar hann heyrir þá útskýrða þannig. 3. Og þar sem sumir íbúanna í þessu héraði kunna bæði grísku og sýrlensku meðan aðrir kunna aðeins grísku og enn aðrir aðeins sýrlensku, og þar sem

---

<sup>330</sup> *neofíti.*



biskupinn talar einungis grísku og aldrei sýrlensku þó að hann kunnir sýrlensku, er alltaf prestur með honum sem þýðir á sýrlensku það sem biskupinn segir á grísku svo að allir skilji það sem hann er að kenna. 4. Einnig verður að lesa allt það sem lesið er í kirkjunni á grísku og þess vegna er alltaf einhver sem þýðir á sýrlensku svo að fólkið geti alltaf fræðst. Sannarlega þurfa þeir sem tala latínu en hvorki grísku né sýrlensku ekki að láta hugfallast, því að þeir fá einnig sínar útskýringar; því að hér eru bræður og systur sem tala grísku og latínu og útskýra fyrir þeim á latínu. 5. En það er sérstaklega ánægjulegt og aðdáunarvert að allir sálmar, víxlsöngvar, helgir textar og bænir sem biskupinn fer með, fjalla undantekningalaust um slíkt efni að þau eru alltaf viðeigandi og hæfa bæði deginum sem haldinn er hátíðlegur og staðnum þar sem athöfnin fer fram.

XLVIII. 1. Vígsludagur er sá dagur þegar hin helga kirkja á Golgata, sem kölluð er *Martyrium*, var helguð Guði, en einnig var hin heilaga kirkja á upprisustaðnum, þar sem Drottinn reis upp frá dauðum eftir píslirnar, helguð Guði þennan sama dag. Vígsludagur þessara helgu kirkna er haldinn hátíðlegur af mikilli virðingu, því að kross Drottins fannst þennan sama dag. 2. Þess vegna var ákveðið að þegar ofangreindar heilagar kirkjur voru vígðar í fyrsta sinn skyldi það vera sama dag og kross Drottins fannst, þannig að hvort tveggja er haldið hátíðlegt þennan sama dag með mikilli gleði. Í Heilagri ritningu segir einnig frá vígslu: vígsludagur er dagurinn sem heilagur Salómó stóð við altari Guðs og baðst fyrir er hann hafði lokið við að reisa hús Drottins, eins og skrifað stendur í Kronikubækurnar.<sup>331</sup>

XLIX. 1. Þegar þessir vígsludagar ganga í garð eru þeir haldnir hátíðlegir í átta daga. Mörgum dögum fyrr byrjar að flykkjast hingað alls staðar að fjöldi munka og *apuctatitae* frá hinum og þessum héruðum, ekki aðeins Mesópótamíu, Sýrlandi, Egyptalandi og Þebais, þar sem munkar eru fjölmennir, heldur einnig frá mörgum öðrum stöðum og héruðum, því að enginn lætur hjá líða að fara til Jerúsalem þennan dag og taka þátt í gleðinni á slíkum hátíðisdögum. Leikmenn, jafnt karlar sem konur úr öllum héruðum, koma líka um þetta leyti

---

<sup>331</sup> Önnur kronikubók, 7, 8.

til Jerúsalem, fullir trúrækni vegna þessa heilaga dags. 2. En þó að biskupar séu fáir eru þeir yfir fjörutíu eða fimmtíu í Jerúsalem þessa daga og margir presta þeirra fylgja þeim. Og hvað fleira get ég sagt? Sá sem ekki tekur þátt í þessari miklu hátíð þessa daga telur sig drýgja alvarlega synd, nema í veginum hafi staðið einhver ástæða sem hindraði góðan ásetning hans. 3. Þessa vígsludaga eru allar kirkjurnar skreyttar á sama hátt og um páska og á guðdómsbirtingardaginn, og daglega er komið saman á ýmsum helgum stöðum eins og um páska og guðdómsbirtinguna. Fyrsta og annan dag er samkoma í stóru kirkjunni, sem er kölluð *Martyrium*, þriðja daginn í Eleona, það er að segja í kirkjunni sem er á fjallinu þar sem Drottinn sté upp til himna eftir þjáningar sínar, en inni í kirkjunni er hellirinn þar sem Drottinn uppræddi lærisveinana á Olúfjallinu. Fjórða daginn ...<sup>332</sup>

---

<sup>332</sup> Það sem eftir var handritsins er glatað.